



SKOÐUN Allir hafa hlutverki að gegna í baráttunni gegn mansali, skrifar sendiherra Bandaríkjanna. **13**



MENNING Tobba Marinós stefnir að því að senda frá sér lauffléttu sjálfsvævisögu fyrir sumarið. **30**



SPORT Íslenskar knattspyrnukonur spila í sterkri enskri úrvalsdeild í sumar. **26**

FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ **69.990** tl.is
TÖLVU LISTINN
MIKIÐ ÚRVAL – YFIR 50 GERÐIR

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
23. janúar 2013
19. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefniáskráningu Capacent Gallup janúar - maí 2012

FRÉTTIR



Óvæntur sigurvegari

Flokkur Yairs Lapid, Yesh Atid, vann óvæntan sigur í þingkosningum í Ísrael í gær. Stjórn Benjamins Netanjahús virtist þó ætla að halda naumum meirihluta samkvæmt útgönguspám í gærkvöld. **6**

Umsagna beðið Ákveðið var í gær að fresta afgreiðslu frumvarps um nýja stjórnarskrá úr nefnd. Tvær þingnefndir eiga eftir að skila umsögn. **4**

Rannsókn lokið Lögreglan á Akureyri hefur lokið rannsókn á máli 77 ára karls sem grunaður er um kynferðisbrot gegn tveimur dóttursonum. Málið sent ríkissaksóknara. **4**

Viðræður skila engu Stjórnvöld á Filippseyjum hafa leitað til Sameinuðu þjóðanna vegna hafréttardeilu við Kínverja. **10**



Bolungarvík	0°	A	5
Akureyri	-1°	A	3
Egilsstaðir	0°	A	3
Kirkjubæjarkl.	1°	ANA	6
Reykjavík	2°	SA	6

Hiti breytist lítið Í dag má búast við hægum austlægum áttum en það verður strekkingur S- og SV-til. Skúrir eða él við suður- og austurströndina. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk



ALLT Í KLESSU Mikið hefur borðið á svokölluðum vetrarblæðingum á þjóðvegum landsins upp á síðkastið þar sem bik hefur leitað upp, fest við hjólbarða og skapað hættu. Vegagerðin vinnur að hreinsun en biður vegfarendur að fara með gát þar sem ástandið er verst. Þessi mynd er tekin á Kjalarnesi, en ástandið er einna verst í Húnavatnssýslu.

Kaupa ekki hlut í HS Orku

Viðræðum íslensks fjárfestahóps um kaup á 66,6 prósentu hlut í HS Orku af kanadíska félaginu Alterra er lokið án árangurs. Um tugmilljarða króna viðskipti hefði verið að ræða. Til stóð að setja HS Orku á markað.

VIÐSKIPTI Ekkert verður af kaupum íslensks fjárfestahóps á 66,6 prósentu hlut Alterra Power, sem áður hét Magma Energy, í HS Orku. Hópurinn, sem samanstóð af Modum Energy og sjóðum í rekstri Stefnis, sjóðstýringa-fyrirtækis Arion banka, gerði tilboð í hlutinn sumarið 2012 og sagði þá að ljúka ætti kaupunum, ef af þeim yrði, síðastliðið haust. Fréttablaðið hefur nú staðfestar heimildir um að viðræðunum sé lokið og að kaupin verði

ekki að veruleika. Miðað við síðustu viðskipti með bréf í HS Orku var virði þess hlutar sem hópurinn ætlaði að kaupa um 28 milljarðar króna.

Þegar tilkynnt var um tilboðið þann 29. júní 2012 kom fram í tilkynningu þjóðenda að skrá ætti HS Orku í Kauphöllina ef af kaupunum yrði. Þannig átti að gefa almenningi tækifæri til að eignast hlut í félaginu. HS Orka yrði þá fyrsta íslenska orkufyrirtækið sem skráð yrði á markað.

Alterra Energy er kanadískt orku-fyrirtæki sem skráð er í kauphöllina í Toronto. Aðaleigandi þess og stjórnarformaður er Ross Beaty. Þegar tilboð íslenska fjárfestahópsins var gert á sínum tíma var tilkynnt um það með formlegri tilkynningu til kanadíska kauphallarinnar þar sem um verðmyndandi upplýsingar gæti verið að ræða. Engin tilkynning hefur þó verið send inn til að tilkynna um lok viðræðanna.

- þsj / sjá Markaðinn

28 MILLJ-ARÐAR

króna er virði þess hlutar sem til stóð að kaupa miðað við síðustu viðskipti með bréf í HS Orku.

Maður á þrítugsaldri handtekinn grunaður um ofbeldisfullt rán: Í haldi fyrir árásina á Guðjón

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í gærmorgun mann á þrítugsaldri sem grunaður er um að hafa ráðist á Guðjón Guðjónsson um þarsíðustu helgi, handleggsbrotið hann og rænt af honum bílnum.

Guðjón, sem var 76 ára gamall, fannst látinn á heimili sínu í Kópavogi á miðvikudaginn fyrir viku, fjórum dögum eftir árásina. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að hann hafi látist úr hjartaáfalli og málið er ekki rannsakad sem manndráp.

Það var á Hverfisgötu í miðbæ Reykjavíkur sem maður stöðvaði Guðjón á laugardegskvöld, settist upp í bíl til hans og neyddi hann til að aka suður í Kópavog. Þegar þangað var komið réðst maðurinn á hann, henti honum út úr bílnum og ók á brott. Þar fundu tvær konur Guðjón og hringdu á lögreglu.

Nú eftir helgi féll grunur á mann, sem var síðan handtekinn í gærmorgun og færður í fangaklefa. Til stóð að yfirheyrja hann í gærkvöldi, að sögn Heimis Ríkharróssonar hjá lögreglunni. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu og er talinn hafa verið einn að verki.

-sh



TÖFF MEÐ TÓNLIST Í BOTNI Guðjón setti sterkan svip á mannlífið í borginni og var þekktur fyrir að aka bíl sínum niður Laugaveginna á góðviðrisdögum og leyfa harmóníkutónlist að óma út um opna bílgluggana.



Loksins fáanleg á ný!

www.forlagid.is
- alvöru bókaútdráttur á netinu

ÚTSALA
ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

SJÓNVÖRP ALLAR STÆRÐIR FRÁBÆR VERÐ

PHILIPS BLU-RAY SPILARAR FRÁ 19.990

OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFT/ÁKJAVERLLIN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9030 • www.svi.is

SPURNING DAGSINS



Pórgnýr, kemur þetta Akureyri á kortið?

„Kortin staðfesta það sem áður var vitað, að nafli alheimsins er á Akureyri.“

Akureyribær hefur þegið aldagömul landabréf af Íslandi að gjöf. Pórgnýr Dýrfjörð er framkvæmdastjóri Akureyrisstofu.

Gulu hættustigi var lýst yfir á Landspítalanum í október 2009 þegar svínaflensufaraldur stóð hæst: Óvissustigi á Landspítalanum aflýst í gær

HEILBRIGÐISMÁL Búið er að aflýsa hinu græna óvissustigi á Landspítalanum (LSH) sem lýst var yfir fyrir helgi vegna flensufaraldurs og veirusýkinga. Óvissustig þýðir að viðbúnaður vegna yfirvofandi eða orðins atburðar er aukinn.

Viðbragðsstig spítalans eru þrjú; óvissustig, hættustig og neyðarstig og eru þau táknuð með litunum grænum, gulum og rauðum.

Jón Baldvin Halldórsson, upplýsinga- fulltrúi LSH, segir efsta stiginu, hinu rauða neyðarstigi, aldrei hafa verið lýst yfir á spítalanum á síðustu árum, að

minnsta kosti ekki síðan áætlunin var gerð, en hún er nokkurra ára gömul og var uppfærð í lok síðasta árs.

Hinu gula hættustigi var hins vegar lýst yfir þann 29. október árið 2009, þegar svínaflensufaraldurinn var sem skæðastur á landinu.

Þjörn Zoëga, forstjóri LSH, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að þá hefði ástandið verið heldur verra þar sem fólk hefði verið almennt veikara en það væri nú og hefði þurft að leggjast í meiri mæli inn á gjörgæslu og vera tengt við öndunarvélar.

Neyðarstig kallar á hjálp að utan

- Óvissustig** (grænt): Viðbúnaður vegna yfirvofandi eða orðins atburðar. Fáir eru kallaðir til en treyst á það starfsfólk og þekkingu sem er til staðar á vaktinni hverju sinni.
- Hættustig** (gult): Orðinn atburður sem kallar á að starfað sé eftir viðbragðsáætlun. Útkallið verður stærra en samt er um mikinn sveigjanleika að ræða.
- Neyðarstig** (rautt): LSH ræður ekki við atburðinn án utanaðkomandi aðstoðar. Umfangið er svo mikið að nauðsynlegt er að virkja Landspítala að fullu.



HOLLANDE OG MERKEL Frakklandsforseti lítur upp á eitthvað sem Þýskalandskanslari bendir á.

Leiðtogar Frakka og Þjóðverja hittust í Berlín:

Fagna afmæli sögulegra sátta

ÞÝSKALAND, AP „Best geymda leyndarmál okkar er að á milli okkar er góður andi,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari þegar fréttamenn spurðu út í samskipti hennar við François Hollande Frakklandsforseta. „Það erfiða er að sannfæra ykkur,“ bætti hún við.

Þau Hollande og Merkel hittust í Berlín í gær til að minnast þess að hálf öld er liðin frá því Frakkar og Þjóðverjar gerðu með sér samning um friðsamleg samskipti eftir langvarandi fjandskap, deilur og styrjaldir.

Í skuldakreppu evruríkjanna á síðustu misserum hafa samskipti ríkjanna versnað nokkuð, en bæði Merkel og Hollande lögðu áherslu á ábyrgð ríkjanna tveggja andspenis þeim vanda: „Við verðum að efla trú Evrópuríkja á framtíð sína,“ sagði Hollande.

Annar endaði á ljósastaur:

Ákærðir fyrir stórhættulegan kappakstur

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tvo unga menn, 21 árs og 19 ára að aldri, fyrir að stofna lífi annarra í hættu með kappakstri í Breiðholti í ágúst 2011.

Samkvæmt ákæru óku mennirnir samsíða austur Arnarbakka, þannig að annar billinn var á vinstri akreini og var ekið gegn akstursstefnu.

Þeir óku á 60 til 70 kílómetra hraða, þar sem hámarkshraði er 30 kílómetrar á klukkustund, og kappaksturinn endaði með því að annar billinn, sem ekið var af manni undir áhrifum áfengis og fíkniefna, hafnaði á hliðinni á ljósastaur.

Uggur í Hagaskóla:

Rannsókn á níðingi hafin

LÖGREGLA Karlmaður á sjötugsaldri sætir nú rannsókn lögreglunnar eftir að hann viðurkennið í sjónvarpsþætti á Skjá einum á mánudagskvöld að hafa framíð kynferðisbrot gegn ungum stúlkum.

Málið hefur vakið óhug meðal foreldra í Hagaskóla, þar sem maðurinn sagðist hafa verið í sambandi við annan mann sem hefði haft „sérstakt lag á að komast í kynni við svona ungar stúlkur sem voru í Hagaskóla“.

Í fréttum Stjóðvar 2 í gærkvöld sagði Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, að meðal annars hefði verið haft samband við skólalæra Hagaskóla.

Gert að aka 550 km með heimilissorpið

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps segir synjun um undanþágu til urðunar á Skógasandi þýða 400 kílómetra akstur með sorp í Álfsnes. Umhverfissráðuneytið segir sveitarfélagið hafa aðra möguleika til urðunar. Undanþágan sé ekki nauðsynleg.

UMHVERFISMÁL Ekki er ástæða til að framlengja undanþágu sem Hula bs. hefur haft til að urða úrgang í stöð sinni á Skógasandi í Rangárþingi eystra.

Að því er segir í umsögn Umhverfisstofnunar í ágúst var í maí í fyrra veitt svigrúm til rannsóknar á grunnvatninu við urðunarstöðina. Sú athugun eigi að taka eitt ár og niðurstöður hennar eigi að vera grundvöllur að frekara áhættumati á staðnum.

„Í ljósi framvindu málsins gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að veitt verði tíma- bundin undanþága frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi 1. janúar 2014,“ segir stofnunin en umhverfissráðuneytið kemst að annarri niðurstöðu. Í fyrsta lagi sé ráðherra ekki heimilt að veita undanþágu frá kröfum hvað varði „jarðfræðilega tálma og botnþéttingu“ og í öðru lagi þurfi ríkar ástæður fyrir undanþágu frá starfsleyfi.

„Slíkur rökstuðningur geti til dæmis falist í því að um sé að ræða neyðarástæði til förgunar úrgangs frá því svæði sem urðunarstaðurinn þýðir því allir aðrir farvegir til förgunar hafi verið fullkannaðir og reynst ómögulegir. Að mati ráðuneytisins liggur ekki fyrir að aðrar leiðir til förgunar úrgangs frá sveitarfélaginu séu ómögulegar,“ segir umhverfissráðuneytið og boðar að það muni hafna beiðni um undanþágu.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps, sem er aðili að Hula, kveðst mótmæla harðlega þessari fyrirætlun umhverfissráðuneytisins. „Það segir sig sjálft að ef ekki verður



ÚRGANGUR Óskað var eftir undanþágu frá starfsleyfi á meðan grunnvatnsmengun og þörf á þéttingu við urðunarstaði Hula á Skógasandi væri metin. Umhverfissráðuneytið hafnar því. Myndin er frá Álfsnesi.

hægt að urða á þessum stað, sem frá náttúrunnar hendi er trúlega einn besti staðurinn sem völ er á til urðunar hér á landi, er ekki annar kostur í sjónmáli en að flytja úrgang frá okkur til Sorpu í Álfsnes,“ segir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri.

Skaftárhreppur er einnig aðili að Hula. „Það er búið að loka sorpbrennslunni þeirra og þá höfðu þeir til vara að geta urðað heimilisúrgang á Skógasandi. Þetta þýðir akstur upp á 400 kílómetra fyrir okkur í Mýrdalshreppi og 550 kílómetra fyrir Skaftárhrepp með tilheyrandi mengun,“ segir Ásgeir.

„Þetta þýðir akstur upp á 400 kílómetra fyrir okkur í Mýrdalshreppi og 550 kílómetra fyrir Skaftárhrepp með tilheyrandi mengun.“

Ásgeir Magnússon sveitarstjóri

Sveitarstjórnin bendir þó á að ákvörðun umhverfissráðuneytisins sé enn ekki endanleg: „Alltaf er nú von til þess að ráðuneytið taki mark á því sem frá okkur kemur.“

gar@frettabladid.is

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 600 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámsskeið hefst 17. september (9:00-12:00) **Verð aðeins 119.900**
Kvöldnámskeið hefst 27. september (18:30-21:30) Hagstæðir greiðsluskilmálar

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðuðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000

www.tv.is

Lögreglan hafði góðar gætur á síðbúnum jólafögnum Outlaws í Noregi: Tveir Íslenskir Útlagar með dóp

NOREGUR Tveir íslenskir liðsmenn samtakanna Outlaws voru teknir með fíkniefni á síðbúinni jóla-skemmtun samtakanna í Greverud í Austur-Noregi á laugardagskvöld.

Frá þessu segir á vef Östlandets Blad. Yfir hundrað félagar í samtökunum komu saman á skemmtuninni. Sextán erlendir gestir voru handteknir á landamærunum og snúid við, þeirra á meðal sex Íslendingar.

Östlandets Blad segir að lögregla hafi fylgst feikilega vel með því sem fram fór í Greverud en þrátt fyrir það hafi þeir menn verið teknir með neytluskammta af fíkniefnum. Tveir voru íslenskir og sá þriðji norskur. Sá norski var með heldur meira magn en Íslendingarnir, en þó ekki meira en svo að það flokkaðist sem neytluskammtur.

Þá fann lögregla einnig fíkniefni í vegkantinum sem talið er að gestir á samkomunni hafi fleygt frá sér þegar þeir urðu varir við lögreglu í nágrenninu.

Enn fremur var ólöglegur piparúði gerður upp- tækur. Það varðar við vopnalög að hafa hann í fórum sínum.



EINKENNISKLÆDDIR Ekki liggur fyrir hvort þessir tveir, sem hér sjást bíða félaga sinna fyrir utan Héraðsdóm Reykjavíkur, voru í Noregi um helgina.

Stilltu Netbankann eftir þínum þörfum

Valur er sífelld að endurbæta og leita nýrra lausna. Hann er í þróunarteymi Netbankans.



Meiri hraði og betra viðmót í Netbankanum

Netbanki Íslandsbanka er í stöðugri þróun. Nýjustu endurbætur á viðmóti og virkni Netbankans gera þér kleift að sinna bankaviðskiptum með einfaldari hætti en áður.

Þú stillir upphafssíðu Netbankans eftir þínum þörfum, velur þá liði sem þú vilt hafa sýnilega og kemst með einum smelli inn í helstu aðgerðir.

Helstu kostir

- Betri sýn á fjármálin
- Þú stillir viðmótið
- Auðveldari millifærsla
- Einfaldara leiðakerfi
- Sýnileg sparnaðarmarkmið
- Lýsandi heiti reikninga og korta
- Greiðsla reikninga fljótlegri og þægilegri

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

GENGIÐ
22.01.2013

	Bandaríkjadalur	127,91	128,53
	Sterlingspund	202,67	203,65
	Evra	170,61	171,57
	Dönsk króna	22,857	22,991
	Norsk króna	22,904	23,038
	Sænsk króna	19,636	19,752
	Japanskt jen	1,4406	1,449
	SDR	196,44	197,62

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,5396

Lögreglurannsókn á kynferðisbrotum 77 ára gamals Norðlendings er lokið: Brot afans send ríkissaksóknara

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri lauk í gær rannsókn á máli 77 ára gamals karlmanns sem grundaður er um að hafa brotið kynferðislega gegn tveimur dóttursonum sínum um árabil.

Gunnar Jóhannsson hjá rannsóknardeild lögreglunnar staðfestir að rannsókninni sé lokið og að málið verði sent Ríkissaksóknara til ákærumeðferðar á allra næstu dögum. Fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku að maðurinn væri talið hafa brotið gegn bræðrunum

á tímabilinu frá 1994 og fram til aldamóta, þegar drengirnir voru á aldrinum sex til fjórtán ára. Þorri brotanna mun vera ófyrndur.

Málið hefur verið til rannsóknar síðan í haust þegar fjölskyldan tilkynnti málið til lögreglu, ári eftir að hafa borið sakirnar upp á manninn. Brotin sem eru til rannsóknar munu sum hver vera nokkuð gróf.

Gunnar vildi í samtali við Fréttablaðið í gær ekki tjá sig um það hvort maðurinn hefði játað sök við yfirheyrslur hjá lögreglu. -sh



LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI Málið hefur verið til rannsóknar í nokkra mánuði.

Danska ríkisútvarpið: Ráðherra gerist þáttstjórnandi

DANMÖRK Thor Möger Pedersen, fyrrverandi skattamálaráðherra í Danmörku, hefur söðlað um og hafið störf fyrir danska ríkisútvarpið, DR. Pedersen var skipt út úr ríkisstjórninni og ákvað í kjölfarið að hætta í stjórnálfum. Hann er aðeins 28 ára gamall.

Pedersen mun stjórna umræðuþætti sem kallast Götubingíð á íslensku. Í þættinum mun fólk alls staðar af landinu geta tekið þátt í rökræðum um hin ýmsu mál. -þeb



H&M Verslanakeðjan nýtur mikilla vinsælda og nam velta fyrirtækisins 2.200 milljörðum króna á síðasta ári.

Ráðherra vill hjálpa öðrum: H&M veltir helmingi alls

SVÍPÍÓÐ Velta sænska tískurisans H&M er meira en helmingur af veltu allrar tískuverslunar í Svíþjóð. Þetta hefur valdið því að ráðamenn hafa áhyggjur af stöðu minni hönnuða og fyrirtækja í landinu.

Velta H&M nam 110 milljörðum sænskra króna árið 2011, eða tæplega 2.200 milljörðum íslenskra króna.

Viðskiptaráðherrann Ewa Björling sagði við TT-fréttastofuna að stór fyrirtæki réðu markaðnum á flestum sviðum atvinnulífsins. Hún vildi að lítil og meðalstór tískufyrirtæki sæktu í auknum mæli á erlendan markað. Ríkisstofnanir myndu einbeita sér að þessum fyrirtækjum á næstunni. -þeb

SÝRLAND

Rússar forða sér

Rússnesk stjórnvöld eru byrjuð að flytja rússneska ríkisborgara burt frá Sírylandi, nú þegar bardagar hafa enn harðnað í höfuðborginni Damaskus. Rússar hafa fram á síðustu vikur ekki tekið undir kröfur um afskipti af átökunum.

Enn beðið umsagna um nýja stjórnarskrá

Ákveðið var að fresta því að afgreiða frumvarp um stjórnarskrá úr nefnd í gær. Tvær þingnefndir eiga eftir að skila af sér umsögn um málið. Nefndarformaður vill hefja þingumræðu sem fyrst, hægt sé að semja um breyttan ræðutíma ef með þarf.

ALÞINGI Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis ákvað á fundi sínum í gær að fresta því að afgreiða frumvarp um nýja stjórnarskrá til annarrar umræðu. Stefnt var að því að gera það í gær og hefja umræðu á þingi um málið á morgun, en tvær nætur þurfa að líða frá framlagningu máls til umræðu.

Sjálfstæðis- og framsóknarmenn höfðu gagnrýnt mjög fyrirætlun um að afgreiða málið úr nefnd, en þeir funduðu með fulltrúum Samfylkingarinnar um málið á mánudag. Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segist hafa rætt þetta við nefndarmenn á fundinum í gær þar sem enn vantaði álit nokkurra þingnefnda. „Fólk var samþykkt því að fresta því að afgreiða málið. Það er því ekki ákveðið hvenær það verður tekið úr nefndinni.“ Stjórnskipunarnefndin leit aði álit annarra þingnefnda um þá þætti í stjórnarskrá sem hefðu áhrif á þeirra verksvið. Enn eiga þingskaparnefnd og forsætisnefnd eftir að skila álitinu sínu og óvíst hvenær það verður. „Ég skil ekki af hverju ekki er komið álit frá forsætisnefnd, en þingskaparnefnd fundar annað kvöld [í kvöld] og ég vona að þau klári málið þá, en veit það þó ekki fyrir víst,“ segir Valgerður.

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, var gagnrýninn á málið eftir fundinn á mánudag. Hann segir að álit sumra nefndanna sé í formi ábendinga um hluti sem þurfi að skoða



FRUMVARP UM STJÓRNARSKRÁ RÆTT Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd ákvað á fundi sínum í gær að fresta afgreiðslu frumvarps um nýja stjórnarskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varar við réttaróvissu

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, gerði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd grein fyrir álitinu sínu á fundi í gær. Hann gerði ýtarlegar athugasemdir og varaði meðal annars við því að samþykkt frumvarpsins skapaði mikla réttaróvissu. Hann sagði að vanda þyrfti greinargerð frumvarpsins betur og nauðsynlegt væri að fram færi heildstætt mat á áhrifum þess í heild.

Valgerður segir að langflest af því sem kom fram hjá Tryggva hafi komið fram áður og nefndin rætt. Ábendingarnar kalli ekki á meiri yfirlegu yfir frumvarpinu. „Nei, við erum búin að fjalla um þetta mál aftur á bak og áfram í eitt og hálft ár, þó kerfið vilji ekki trúa því.“

betur. „Í fjárlaganefnd var tekin ákvörðun um að kalla ekki inn sérfræðinga á verksviði nefndarinnar, en skrifa álit og vekja athygli á því sem þarf að skoða. Það væri þá stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að gera það, en það hefur ekki verið

gert.“ Valgerður segist hins vegar ekki skilja það að ekki megi hefja aðra umræðu þó enn vanti nefndarálit. „Það er hægt að byrja og ræða málin og halda vinnunni áfram. Það má semja um lengd ræðutíma ef með þarf.“ kolbeinn@frettabladid.is

Breyting á markaðnum: Ríkir Danir farnir að leigja

DANMÖRK Dýrar leiguíbúðir eru vinsælli í Danmörku nú en fyrir nokkrum árum, samkvæmt könnun sem gerð var fyrir dagblaðið Politiken.

„Við höfum séð 50 prósentu aukningu í eftirspurn eftir dýrari íbúðum á síðustu sex mánuðum,“ segir Michael Eggert, framkvæmdastjóri leigumiðlunarinnar Lejebolig.

„Þegar markaðurinn sveiflast eins mikið og fasteignamarkaðurinn nú eru fasteignakaup mjög áhættusöm fjárfesting,“ segir Henrik Løvig, framkvæmdastjóri Boligportal. -þeb



SÆRÐIR FLUTTIR BROTT Þrír eru sárir eftir skotbardaga í Texas. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kúlannahríð vestanhafs: Þrír særðir eftir skotárás í Texas

BANDARÍKIN, AP Þrír særðust eftir að skotbardagi braust út í Lone Star háskólanum í Houston í Bandaríkjunum í gærkvöldi, þar af einn alvarlega. Svo virðist sem tveir menn hafi skipst á skotum. Annar þeirra er meðal hinna særðu og er í haldi lögreglu, en í gærkvöldi var talið að seinni byssumaðurinn gengi enn laus.

Málsatvik eru ekki ljós, en svo virðist sem deilur hafi komið upp milli tveggja nemenda í kennslustofu. Þær enduðu með því að þeir drögu báðir upp byssu og hleyptu af. -þj

Vertu með í kvennaleikfimi!

Gamla góða leikfimin fyrir allar konur sem vilja auka styrk og vellíðan

- Þri og fim kl. 10:00
- **Hefst 5. febrúar** - 4 vikur
- Verð kr. 12.900 kr. eða 9.900 í áskrift
- Þjálfari er Árndís Hulda, íþróttifræðingur

HEILSUBORG

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Faxafeni 14 • Sími 560 1010 www.heilsuborg.is

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

STREKKINGUR SYÐST Í dag verður úrkomulaust og hægætisveður norðanlands en við suður- og austurströndina má búast við skúrum eða eljum á stöku stað. Á morgun bætur í úrkomu sunnanlands en á föstudaginn þykkarn heldur upp norðantil.

Alicante 13°	Berlín -3°	Friedrichshafen 3°	Las Palmas 19°	New York -5°	París 2°
Apæna 17°	Billund -1°	Gautaborg -3°	London 3°	Orlando 20°	San Francisco 13°
Basel 7°	Frankfurt 2°	Kaupmannahöfn -3°	Mallorca 12°	Ósló -11°	Stokkhólmur -7°

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

Munið að skila launamiðum og öðrum gögnum

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutfjármiðar
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi
- Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Fjármagnstekjumiðar
- Stofnsjóðsmiðar
- Bankainnstæður

Skilafrestur
á rafrænu formi
vegna framtalsgerðar
2013 er til
10. febrúar

LAUNAMÍDI 2013
LAUNAGREIÐSLUR 2012

01 Kennitala launamanns 070768-9999	Vinnulaun þ.m.t. orlofslé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02 3.312.000	16 Ókutækjastýrkur 338.000	73 Þar af undanþ. staðgr. 338.000	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbert iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í samþykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakið)	03 132.480	05 Þar af vegna sjómennsku sem veitir rétt til sjómannaásláttar	17 Dagpeningar 344.284	74 Þar af undanþ. staðgr. 344.284	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
08 Númer lífeyrissjóðs 999	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir efni og vinnu	27 Fatahlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Þessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra	07 Nafn-heimil-póststöð launþega Árni Jónsson Björtugötu 10 119 Reykjavík	09 Greidd lífeyrisiðgjöld í sérsjóð (hámark 2% iðgjald)	30 Launagreiðandi-kennitala-heimili	63 Iðgjöld 66.240	64 Númer sérsjóðs 888
83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi	85	87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiðdra veikindadaga	411111-1119 Verslun hf. Laugavegi 200 101 Reykjavík	Greiðslur eða hlunnindi, ótalin áður, hvaða?	
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06					
70 Launafjárhæð 3.312.000	71 Afdregin staðgreiðsla 679.994				
RSK 2.01 19-12-2012					

Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusiðu ríkisskattstjóra www.skattur.is

VEISTU SVARID?



1. Hvað hyggjast Sækyrnar vinna sér til frægðar?
2. Hvað er talið að gæti kostað að tvöfalda Reykjanesbraut inn að Hafnarfirði?
3. Hvar verður EM í hópfinleikum haldið á næsta ári?

SVÖR:

1. Sýndu yfir Emarsund, 2. 6 milljarða, 3. Ísland!

Ríkisstjórnin bregst við afturkipp í þróun að launajafnrétti hjá ríkisstarfsmönnum með átaki:

Hefjast fyrst handa í heilbrigðisstofnunum

VINNUMARKAÐUR Ríkisstjórnin boðaði í gær átak til að vinna gegn launamun kynjanna með aðgerðum til að „réttu hlut starfsstétta þar sem konur eru í miklum meirihluta“.

Í tilkynningu frá stjórnvöldum segir að afturkippur hafi orðið í þróun að launajafnrétti kynjanna meðal opinberra starfsmanna. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar munu aðgerðirnar sem nú verður ráðist í beinast að stofnunum heilbrigðiskerfisins. Þar er enda mestan launamun milli kynjanna að finna, og það eru jafnan fjölmennustu starfsbólparnir meðal ríkisstarfsmanna.

Einkum verður horft til hópa þar sem hlut-

fall karla er þriðjungur eða lægra. Ef nauðsynlegt þykir að leiðrétta laun þar sem kjarsamningar eru enn í gildi verða aðgerðirnar útfærðar sérstaklega hjá hverri stofnun fyrir sig, með tímabundnum aðgerðum eða með stofnanasamningi, en slík leið var til dæmis farin innan Stjórnarráðsins síðasta haust.

Velferðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra hefur verið falið að útfæra nánar tillögur að framangreindum aðgerðum. Ráðherrarnir skulu jafnframt gera tillögu um fjármögnun rúmist þær ekki innan fjárhagsramma viðkomandi stofnana.

- þj



JAFNA KYNJAMUN Ríkisstjórnin boðaði í gær átak til að bregðast við bakslagi í baráttunni gegn kynbundnum launamun. Sjónum verður fyrst beint að heilbrigðiskerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Bæjarlind 6, 201 Kópavogi



Til leigu 545 fm. gott verslunarhúsnæði á þessum vinsæla stað við Bæjarlind. Góð staðsetning og næg bílastæði. Möguleiki er á að skipta húsnæðinu niður í um 155 fm. verslunareiningar. **Laust strax!**

Smiðjuvegur 72, 200 Kópavogi



585,7 fm. lager-/iðnaðarhúsnæði með tvennum innkeyrsludrym, þ.a. eru um 190 fm. skrifstofu- og söluaðstaða. Mjög gott útsvæði m.t.t. gáma, það stærsta við Smiðjuveginn. **Laust strax!**

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali, s. 534 1024 / 897 7086 hmk@atvinnueignir.is

534 1020
www.atvinnueignir.is

Netanjahú stendur verr að vígi á þingi

Flokkar hægri stjórnarinnar í Ísrael misstu fylgi í gær samkvæmt útgönguspám. Allir stjórnarflokkarnir virtust þó ætla að halda naumum meirihluta, en sigurvegari kosninganna er glænýr miðjuflokkur sjónvarpsmannsins Yair Lapid.

ÍSRAEL, AP Samkvæmt útgönguspám að loknum þingkosningum í Ísrael í gærkvöld fær kosningabandalag stjórnarflokkanna Likud og Yisrael Beiteinu 31 þingsæti á þingi. Þetta er mikið fylgistap því á síðasta kjörtímabili höfðu þessir tveir flokkar samtals 42 sæti á 120 manna þingi landsins.

Samtals virtust þó stjórnarflokkarnir allir ætla að halda naumum meirihluta, eða 61 þingsæti á móti 59 þingmönnum stjórnarandstöðunnar, þannig að hafi útgönguspárnar staðist getur Benjamín Netanjahú forsætisráðherra verið áfram við völd með stuðningi nokkurra smærri harðlínuflakka enn lengra til hægri.

Nýr miðjuflokkur, Yesh Atid, vann þó stærstan sigur í kosningunum og verður næststærsti flokkurinn á þingi með 18 til 19 þingsæti. Lapid skýrði frá því í byrjun síðasta árs að hann hygðist stofna stjórnmálaflokk. Hann vill stokka upp í ísraelskum stjórnmálum og samfélagi, útrýma spillingu og breyta forgangsriðun. Hann stýður stofnun ríkis Palestínuranna en vill engu að síður tryggja öryggi Ísraels og halda stórum byggðum landtökumanna á her teknu svæðunum.

Verkamannaflokknum er spáð sautján þingsætum og verður þriðji stærsti flokkurinn.

Smærri flokkar eru Bayit Yehudi með 12 þingsæti, Shas-flokkur heittrúaðra gyðinga með 11 þingsæti, Flokkur Tzipi Livni með 7 þingsæti, Meretz sómuleiðis með 7 þingsæti og loks flokkur lögmálsgyðinga með 6 þingsæti.

gudsteinn@frettabladid.is



BENJAMÍN NETANJAHÚ FORSÆTISRÁÐHERRA Lagði leið sína að grátmúrnum í Jerúsalem á kosningadeginum.

NORDICPHOTOS/AFP

Helstu stjórnmálaflokkar Ísraels

LIKUD

Stofnaður 1973 sem flokka-bandalag, sem svo sameinaðist í einn flokk árið 1988. Aðhyllist harða stefnu gagnvart Palestínuríkis.

Leiðtogi: Benjamín Netanjahú forsætisráðherra

YISRAEL BEITEINU

Flokkur Ísraelskra þjóðernissinna, stýður stofnun Palestínuríkis með ströngum skilyrðum.

Leiðtogi: Avigdor Lieberman

VERKAMANNAFLOKKURINN

Vinstri flokkur sósíaldemókrata, stofnaður árið 1968 og lengst af ráðandi afl í Ísraelskum stjórnmálum.

Leiðtogi: Shelly Yachimovich

HEIMKYNNI GYÐINGA

Þjóðernisflokkur gyðinga, stýður stórfelldar landtökubyggingar á her teknu svæðunum.

Leiðtogi: Naftali Bennett

YESH ATID

Frjálslyndur miðjuflokkur, stofnaður á síðasta ári. Gagnrýnir fjáraustur úr ríkissjóði til landtökubygginga og strangrúar-gyðinga.

Leiðtogi: Yair Lapid

HATNUA

Klofningsflokkur úr Kadima, stofnaður í nóvember og leggur áherslu á að ná sem fyrst friðarsamningum við Palestínuríkis.

Leiðtogi: Tzipi Livni

Ögmundur ætlar að taka verkferla Útlendingastofnunar til skoðunar:

Ráðherra sakaður um þöggun

ALÞINGI Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sakaði Ögmund Jónasson innanríkisráðherra um þöggun vegna viðbragða hans við ummælum forstjóra Útlendingastofnunar, Kristínar Völundardóttur.

Ráðherra svaraði fyrirspurnum Sigurðar á Alþingi í gær þar sem rætt var um viðbrögð ráðherra við ummælum Kristínar, en hann hafði sagt þau óeðlileg og að hann væri hjartanlega ósammála þeim. Sigurður sagði slíkt „tilburði til þöggunar í garð embættismanna“.

„[Ferdamannatúrismi] er þekkt hugtak á Norðurlöndunum og er þá ekki í lagi að embættismenn komi fram án þess að verða fyrir árásum af hæstvirtum ráðherra?“ spurði hann. Þá bætti hann við hvort viðbrögð ráðherra yrðu ekki til þess að embættismenn þyrðu

„Ég er sannfærður um það að þetta snúist ekki bara um mannafla og fjármagn, heldur einnig um verklag.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra



ekki að benda á það sem miður færi og að það væri þöggun.

Ögmundur þvertók fyrir þá gagnrýni og benti á að málfrelsi ríkti vissulega í landinu en þegar menn ræddu viðkvæm mál eins og hælisleitendur væri nauðsynlegt að gæta tungu sinnar. Hann væri enn á þeirri skoðun að ummæli forstjórans hefðu verið óeðlileg. Og þó hugtakið væri vissulega viðurkennt væri það á sama tíma afar umdeilt.

Kristín fundaði um málið með

ráðherra á mánudag þar sem ráðherra ákvað að láta skoða alla verkferla Útlendingastofnunar og ætlar að láta af því verða á næstu dögum.

„Ég er sannfærður um það að þetta snúist ekki bara um mannafla og fjármagn, heldur einnig um verklag,“ sagði Ögmundur og bætti við að ekkert nema jákvætt hefði komið út úr fundinum með forstjóra Útlendingastofnunar.

- sv

Hittu Guðlaug Gunnarsson fararstjóra

Kíktu í kaffi

Kynningarfundur um Epíopíuferð

Annað kvöld, 24. janúar

Komdu á kynningarfund um ferðina Epíopía-forn og framandi. Guðlaugur Gunnarsson fararstjóri kynsir ferðina kl. 20:00 annað kvöld, 24. janúar, í húsnæði Bændaferða í Síðumúla 2.

Fáðu þér ókeypis eintak af nýja ferðabæklingnum



Skoðaðu ferðirnar á bændaferdir.is

Sími 570-2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík
Opíð kl. 8:30-16:00, virka daga

ferðapjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR

Ferðaskrifstofa allra landsmanna



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

FERÐALAGIÐ HEFST INNAN TÍÐAR ALVEG NÝR RAV4

ISLENSKASALSTOYRIS099 0113



Toyota Kaptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER
1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km***

VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***

SPARNEYTINN
SUBARU
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***

SKYNSAMLEG
KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km***

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílas / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyri / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000

B|L

Telur hlýnun jarðar kalla á nýja nálgun

Alþjóðleg ráðstefna á Akureyri um álitæfni norðurslóða, með nýtingu fiskistofna í forgrunni, er hugmynd Steingríms J. Sigfússonar atvinnumálaráðherra. Hann telur aðferðafræðina að baki samningum um flökkustofna gengna sér til húðar.

TROMSØ, FRÉTTABLAÐIÐ Steingrímur J. Sigfússon, atvinnu- og nýsköpunarráðherra, gerir það að tillögu sinni að Íslendingar haldi stóra alþjóðlega ráðstefnu þar sem stjórnmálamenn, vísindamenn, embættismenn og fulltrúar umhverfissamtaka koma saman og leggjast yfir þær breytingar sem eru að verða á norðurslóðum í kjölfar hlýnunar, ekki síst breytt göngumynstur flökkustofna. Þetta yrði vettvangur til að takast á við þá spurningu hvort ekki sé tímabært að hanna ný tæki og tól til að ná utan um þær aðstæður sem hafa skapast á undanförunum árum.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Steingríms á norðurslóðaráráðstefnunni Arctic Frontiers

2013 sem stendur yfir í Tromsø í Noregi.

„Ég hallast æ meira að því að þetta þurfi að gera. Þó að við höfum ákveðna leiðsögn, til dæmis í hafréttarsáttmálanum

og í gegnum ýmsar stofnanir og alþjóðasamninga, þá er ég farinn að efast um að það dugi okkur til að takast á við breytingarnar eins og þær eru að birtast okkur,“ segir Steingrímur sem dregur ekki fjöður yfir að þessar hugleiðingar eru spröttar af samningaumleitunum í makríldeilunni. „Kannski þurfum við nýjar viðmiðanir og meiri sveigjanleika til að takast á við þessar aðstæður.“

Steingrímur segir að það geti verið úrelt aðferðafræði að horfa sífellt á tölfræðina að baki álitamálunum og að ætla sér að gera samninga sem gilda svo um aldur og ævi. „Breytingarnar geta einfaldlega borið okkur ofurlíði. Þetta getur átt við um fleiri en einn stofn, og við getum misst frá okkur rétt eins og það sem við erum að fá til okkar. Að sjálfsgöðu verðum við að horfast í augu við það að þetta getur fallið í báðar áttir, en ég sé ekki hvernig þetta verður gert með vitrænum hætti öðruvísi en að hvetja til alþjóðlegrar umræðu um þessi álitæfni,“ segir Steingrímur og telur að



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Atvinnuvegaráðherra vill koma á alþjóðlegri ráðstefnu á Akureyri um álitæfni norðurslóða.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri er íslensk norðurslóðastofnun. Verkefni stofnunarinnar tengjast í áherslu á þverfaglega og fjölbreyttlega umfjöllun um fræðilegar og hagnýtar lausnir á viðfangsefnum sem sérstaklega tengjast norðurslóðum.
- Í starfi stofnunarinnar er lögð áhersla á að ekki sé vænlegt að slíta náttúruvernd úr samhengi við náttúrunýtingu eða þá hagsmunir sem tengjast þeirri viðleitni samfélaga að sjá sér farbroða.
- Á heimasíðu stofnunarinnar segir: „Ílfræðileg fjölbreytni er mikilvæg en mannvist á norðurslóðum snýst ekki minnst um varðveislu menningarlegrar fjölbreytni og möguleika smárra samfélaga til að lifa í samræmi við eigið gildismat. Íslendingum er nauðsynlegt að þekkja til áforma og væntinga alþjóðasamfélagsins sem hefur svo mikil áhrif á möguleika okkar og afkomenda okkar. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar hefur hlutverki að gegna við öflun og miðlun slíkrar þekkingar.“
- Stofnunin hóf haustið 1998 starfsemi í húsnæði Háskólans á Akureyri. Í október 2004 var stofnunin flutt í Borgir, nýtt húsnæði á háskólalóðinni.

Akureyri, sem miðstöð norðurslóðamála, sé hentugur vettvangur. Eins og flestum er kunnugt er Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þar staðsett og sinnir rannsóknum, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samvinnu á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfismála á norðurslóðum. „Við verðum að halda þessu starfi á lofti. Það er tilhneiging, má segja, til að yta Íslendingum, Svíþjóð og Finnlandi reyndar líka, til baka í þessari norðurslóðaumræðu allri. Það er rétt að Ísland liggur við suðurmörk þessa svæðis þó að okkar umráðasvæði liggja langt inn á heimskautasvæðið. Sögulega, og á allan hátt, erum við hánorrænt land sem hlýtur að halda stöðu sinni innan Norðurskautsráðsins, sem ég fagna að er að styrkj-

ast verulega,“ segir Steingrímur og hefur á orði að það sé gleðiefni að Íslendingur, Magnús Jóhannesson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, hafi valist til að byggja upp nýja fastaskrifstofu ráðsins í Tromsø.

Í ræðu sinni á ráðstefnunni varaði Steingrímur sterklega við nýtingu náttúruauðlinda á norðurslóðum án strangs aga og nærgætni við viðkvæma náttúru svæðisins.

Í liðinni viku hefur Steingrímur verið á ferðalagi og fundað með kollegum sínum frá fjölmörgum löndum. Þar hefur hann freistað þess að koma sjónarmiðum Íslendinga á framfæri, varðandi nýtingu makrílstofnsins ásamt fleiru, og telur að sér hafi orðið ágætlega ágengt.

svavar@frettabladid.is

Asaki VERKFÆRI

***** 5 stjörnu verkfæri **MÚRBÚÐARVERÐ**

<p>AR636 18V Skrufvél Ni-Cd 2,0Ah 158Nm 18.890,-</p>	<p>ALM18DB 18V Li-Ion borvél 2,8Ah / 38Nm 39.990,-</p>	<p>ALM14DF 14,4V Li-Ion herólskrufvél 2,8Ah 135Nm 36.890,-</p>
<p>AV224 620W höggborvél SDS & heróslupatróna 13.900,-</p>	<p>LB10DAS 10,8V Li-Ion ör/skrufvél 1,4Ah 30Nm 14.890,-</p>	<p>ATH: Tvær rafhlöður, taska og hraðvirk hleðslutæki fylgir hverri hleðsluvél!</p>
<p>AV245 900W Brothamar 45mm 5,3Kg 21.900,-</p>	<p>ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion 2,8Ah 38Nm 2 hraðar 41.890,-</p>	

Kletthálsi Reykjav.
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Sveitarstjórn í Skagafirði: Ósátt við sýslu- mannsleysið

LÖGREGLUMÁL Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði eru afar ósáttir við þá ákvörðun innanríkisráðherra að fela sýslumanninum á Blönduósi að gegna einnig embætti sýslumanns á Sauðárkróki.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki lætur af störfum um mánaðamótin. Sýslumaðurinn á Blönduósi á að sinna verkefnum hans næsta árið, þar sem fyrir þinginu liggur lagafrumvarp um að fækka umdæmum sýslumanna.

Bjarni Jónsson, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar, segir opinberum störfum hafa fækkað um sextíu síðustu fjögur til fimm árin. Fólki þyki því nóg komið.

- þeb

FÉLAGSMÁL

Samfylking fái nýtt heiti

Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, og Margrét S. Björnsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar flokksins, vilja breyta nafni flokksins. Þær vilja að flokkurinn heiti Samfylkingin–Jafnaðarmannaflokkur Íslands á landsfundi sem fram fer í næsta mánuði.

ÚTSALA

Allt að 40% afsláttur !

Heilir sturtuklefar

Verð frá kr.37.900

Sturtuhorn m/botni

Verð frá kr.21.900

Sturtuhurðar

Verð frá kr.19.900

Sturtuveggir 6-10mm

Verð frá kr.21.900

Baðkarshlífar

Verð frá kr.10.900

Baðinnréttingar

allt að 70% afsláttur

Yfir 40 mismunandi
innréttingar í sýningarsal

Verð frá kr.10.900

Speglar með ljósum

allt að 50% afsláttur

www.i-t.is

* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opð virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *



Lögreglan í Kaupmannahöfn boðar stóratök á þessu ári:

Fleiri vasabjófnaðir í Danmörku

DANMÖRK Sannkölluð sprenging hefur orðið í fjölda tilkynninga um vasabjófnaði í Danmörku síðustu ár, en tilkynningum fjölgaði um 40 prósent frá 2007 fram á síðasta ár. Frá þessu segir í Metroxpress.

Alls var tilkynnt um 37.696 vasabjófnaði á landsvísi í fyrra og voru flest tilföllin í Kaupmannahöfn, rúmlega tuttugu þúsund.

„Í langflestum tilfellum þegar rænt er úr töskum, vösum eða farangri er um vasabjófa að ræða,“ segir Arne Wissing hjá lögreglu-

inni í Kaupmannahöfn. „Þetta er óheillapróun sem við ætlum að taka hart á á þessu ári.“

Wissing segir að í flestum tilfellum sé um farsímastuld að ræða og að glæpamenn frá Austur-Evrópu séu þar að verki.

Fjölgun brota af þessari tegund á sér stað um alla Evrópu að því er Wissing segir, meðal annars í Noregi og Svíþjóð.

Í Noregi eru konur langoftast fórnarlömb vasa- og töskubjófnaða, eða í 65 prósentum tilfella. - þj



VARÚÐ Vasabjófnaðum hefur fjölgað mikið í Danmörku síðustu fimm árin. Flest tilföllin eiga sér stað í Kaupmannahöfn.

Filippseyjar gefast upp á viðræðum

Stjórnvöld á Filippseyjum leita til Sameinuðu þjóðanna í hafréttardeilum við Kínverja um yfirráð á Suður-Kínahafi. Segja friðsamlegar viðræður engum árangri hafa skilað. Alls gera sex ríki tilkall til mismunandi stórra svæða í Suður-Kínahafi.

FILIPPSEYJAR, AP „Filippseyjar hafa reynt til þrautar næstum allar leiðir stjórnmála og milliríkjasamskipta til að komast að friðsamlegu samkomulagi í hafréttardeilum sínum við Kína,“ segir Alberto del Rosario, utanríkisráðherra Filippseyja.

Hann segir sendiráð sitt því hafa kallað kínverska sendiherrann á Filippseyjum á sinn fund og afhent honum tilkynningu þess efnis, að Filippseyjar ætli að vísa deilu ríkjanna til gerðardóms samkvæmt ákvæðum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Zhang Hua, talsmaður kínverska sendiráðsins, segir að sendiherrann, sem heitir Ma Keqing, hafi svarað með því að „Kína hafi óumdeilanleg yfirráð yfir eyjunum á Suður-Kínahafi og nærliggjandi hafsvæðum“.

Kínverjar hafa ekki tekið neinar efasemdir til greina um yfirráð sín í Suður-Kínahafi. Þvert á móti hafa þeir undanfarið ár og áratugi ítrekað gripnið til aðgerða sem hleypt hafa illu blóði í nágrannaríkin. Meðal annars hafa Kínverjar nýlega gefið út ný vegabréf með korti af Kína þar sem Suður-

UMDEILDAR EYJAR Í SUÐUR-KÍNAHAFI



Kínahaf er merkt inn á sem yfirráðasvæði Kína.

Alls gera sex ríki tilkall til mismunandi stórra svæða í Suður-Kínahafi. Vaxandi spenna hefur verið í mörgum þessara deilna undanfarna mánuði, sem hefur vakið ótta um að vopnuð átök geti brotist út. gudsteinn@frettabladid.is

“Filippseyjar hafa reynt til þrautar næstum allar leiðir stjórnmála og milliríkjasamskipta til að komast að friðsamlegu samkomulagi

Alberto del Rosario
utanríkisráðherra Filippseyja

BESTA VINNA Á ÍSLANDI?

Viltu fá borgað fyrir að gista á flottum hótélum? Borða góðan mat á veitingastöðum? Fara í nudd, snyrtingu eða prófa aðrar spennandi vörur og þjónustu?

ÁHEYRNARPRUFUR
31. JANÚAR
KL. 17 Í BÍÓ PARADÍS

Hópkaup auglýsa eftir fólki til að prófa tilboð vefsíðunnar. Tekin verða upp kynningar-myndbönd sem birt verða með tilboðunum.

Hæfniskröfur / Umsækjendur þurfa að:

Vera 20 ára eða eldri.

Koma vel fyrir.

Tala rétt íslenskt mál.

Vera vel skipulagðir.

Hafa brennandi áhuga á markaðsmálum.

Reynsla af myndbandagerð er kostur en ekki skilyrði.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

Suðurlandsbraut 22 - 108 Reykjavík hopkaup.is - Sími 520 1030

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 24. janúar gefur Íslandspóstur út frímerki í tilefni 150 ára afmælis Þjóðminjasafns Íslands og Árs alþjóðlegrar samvinnu um vatn. Einnig koma út ferðamannafrímerki þar sem myndefnið er íslenskt landslag.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölu. Sími: 580 1050 Fax: 580 1059 Netfang: stamps@stamps.is Heimasiða: www.stamps.is



HARRY PRINS Fyrirverandi yfirmaður í hernum telur prinsinn hafa stofnað sér og fjölskyldu sinni í hættu.

Orð Harrys vekja ugg:
Bretar óttast að talibanar hefni

BRETLAND, AP Eftir að Harry Bretaprins viðurkendi opinberlega á mánudag að hafa drepið talibana úr herþyrlu í Afganistan hafa heitar umræður orðið í Bretlandi um hættuna á því að talibanar hyggi á hefndir.

Bresk samtök, sem mótmælt hafa stríðinu í Afganistan, segja ummæli prinsins vera hrokafull og ónærgætin. Þá segir Charles Heyman, fyrirverandi yfirmaður í breska hernum, að með orðum sínum hafi prinsinn stofnað sjálfum sér og fjölskyldu sinni í enn meiri hættu.



BE *my* BB

DEKRAÐU VIÐ ÞIG MEÐ NÝJA 5-Í-1 BB KREMINU

Einstök samsetning af litar- og rakagefandi efnum frá NIVEA gera húðina geislandi fagra.

- JAFNAR
- HYLUR
- GEFUR LJÓMA
- GEFUR RAKA
- VERNDAR HÚÐ ÞÍNA

NIVEA.com

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Nærri fimmtungur hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum hefur sagt upp störfum:

Hvað gerist 1. mars?

Síðustu daga var lýst yfir svokölluðu óvissustigi á Landspítalanum. Ástæðan var inflúensufaraldur og veirusýkingar sem ganga. Starfsfólk þurfti að bæta á sig vinnu en allt gekk þó vel.

Og hvers vegna ganga hlutirnir nánast alltaf vel á sjúkrahúsinu þrátt fyrir að óvissuástand skapist af mismunandi ástæðum? Það er vegna þess að spítalinn hefur á að skipa framúrskarandi starfsfólki sem sinnir starfi sínu ekki bara af fagmennsku heldur beinlínis af ástríðu.

Engu að síður er stór hluti þessa starfsfólks nú að þrotum kominn. Undanfarnin ár hefur verið skorið niður á spítalanum um nærrellt fjórðung og þar sem

70 prósent af rekstrarkostnaði sjúkrahússins er launakostnaður segir sig sjálf að þetta hefur bitnað bæði á vinnuáætlunum og kjörum starfsfólks. Því hefur fækkað og kjör þeirra sem eftir eru hafa rýrnað og nú er svo komið að um 250 hjúkrunarfræðingar, eða tæplega tuttugu prósent hjúkrunarfræðinga á spítalanum, hafa sagt upp störfum frá og með 1. mars, eða eftir um það bil sex vikur.

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Samningar hjúkrunarfræðinga eru þó ekki lausir og stofnansamningur þeirra í gildi en ár er nú síðan hjúkrunarfræðingar fóru fram á endurskoðun hans. Ekkert hefur komið út úr þeim viðræðum enda ljóst að spítalanum eru settar afar þröngar skorður.

Samkvæmt rannsóknum eru helstu ástæður þess að hjúkrunarfræðingar hætta að starfa við greinina sína launin, vinnutíminn, þ.e. vaktavinna sem hefur í för með sér vandamál varðandi samræmingu vinnu og einkalífs, og álag í starfi.

Þeir sem kynnst hafa vaktavinnu undrast þetta væntanlega ekki enda fylgja því margvíslegir erfiðleikar að vinna bæði á kvöldin og um helgar þegar flestir aðrir, þar á meðal börnin manns, eiga frí. Vissulega eru líka kostir við vaktavinnuna en ljóst er að líf fólks í vaktavinnu er í flestum tilvikum flóknara en þeirra sem vinna á hefðbundnum vinnutímum.

Staðan sem uppi er á Landspítalanum er grafalvarleg. Hjúkrunarfræðingarnir 250 sem sagt hafa upp störfum gætu flestir, ef ekki hver einasti einn, fengið starf í nágrennilöndunum, í flestum tilvikum með hærri laun og betri starfsaðstöðu. Þeir eru enda þegar margir sem starfa þar í hlutastörfum í fríum frá starfi sínu hér. Hitt er jafnvíst að þorri þessara hjúkrunarfræðinga vill ekkert frekar en að búa og starfa hér á landi.

Fari svo að þessir 250 hjúkrunarfræðingar hætti störfum eftir sex vikur mun heldur betur skapast óvissustigi á Landspítalanum og á sumum deildum, þar sem hlutfall þeirra sem sagt hafa upp störfum er hátt, blasir við algert neyðarástand.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í gær tillögu um að ráðast nú þegar í átak til að jafna laun kynja. Átakið á ekki síst að beinast að því að rétta hlut stétta þar sem konur eru í meirihluta. Þessi samþykkt reynist vonandi vera það sem þarf til að höggva á hnúttinn.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Endurskoðandinn

Ögmundur Jónasson er maður aðgerða. Óheppilega orðuð umkvörtun Kristínar Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, yfir brotalöllum í hælisleitendakerfinu hefur enn einu sinni leitt það í ljós. Við henni vill Ögmundur bregðast með því að fara yfir alla málsmeðferð við hælissóknir, kanna málshraða og meðferð hjá stofnunum, bæði Útlendingastofnun og innanríkisráðuneytinu og leita að brotalöllum sem mætti hugsanlega laga í kerfinu. Þetta er frábært- og tímabært, gæti einhver sagt.

Góð vís

Það fannst Ögmundi sjálfum til dæmis í júlí 2011, þegar hann setti

á laggirnar starfshóp um málefni útlendinga utan EES-svæðisins. Hlutverk hópsins var meðal annars að horfa „til málsmeðferðar í heild, sérstaklega með tilliti til þess tíma sem afgreiðsla mála tekur og áhrifa þess á umsækjendur um hæli og dvalarleyfi“. Sá hópur skilaði af sér ýtarlegri skýrslu í júní síðastliðnum þar sem meðal annars voru settar fram tillögur um bættu meðferð í málefnum hælisleitenda. Síðan eru liðnir sjö mánuðir. En sjaldan er góð vís af oft kveðin.

Hvergi

Sjálfstæðismönnum fannst Áramótaskaupið ekki fyndið í þetta skiptið. Þetta grunaði flesta en nú er buið að kanna

það og sanna. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart, þeir voru teknir harkalegar á beinið en gengur og gerist með stjórnanardstöðuflokka – svo mjög að mönnum sárnaði. 60 prósentum stuðningsmanna Sjálfstæðismanna fannst Skaupið lélegt, en bara 23 prósentum gott, samkvæmt könnun MMR. Framsóknarmenn voru hins vegar töluvert jákvæðari. 45 prósent þeirra voru óánægð, en 40 prósent ánægð. Þessi munur gæti skýrt af því að Framsóknarflokkurinn kom einfaldlega ekki við sögu í Skaupinu, líklega í fyrsta sinn í manna minnum. Hvort það er jákvætt eða neikvætt er aftur önnur saga.

stigur@frettabladid.is



HALLDÓR



Kort af Íslandi fyrir alla

UMHVERFIS-MÁL



Svandís Svavarsdóttir Umhverfis- og auðlindaráðherra

Á hverjum degi neytum við sjálfsagt mun meiri landupplýsinga en nokkurt okkar órar fyrir. Veðurkort eftir kvöldfréttirnar, leiðsögukerfi í bílum og gervihnattatengdir farsímar. Allt eru þetta sívaxandi þættir í nútímalífi sem byggja á landupplýsingum. Sömu grunnupplýsingarnar skipta öllu máli þegar mannvirki eru reist eða samsetning þjóðarinnar greind. Fjölmargar stéttir eru með öllu háðar því í störfum sínum að hafa landupplýsingar aðgengilegar.

Stafræn kort gegna sífellt auknu hlutverki, hvort sem það er vegna rafrænnar stjórnsýslu, skipulagsmála, náttúruverndar, rannsókna, orkumála, almannavarna eða upplýsinga um náttúruna og umhverfismál. Þá eru slíkar upplýsingar undirstaða ferðalaga og útivistar almennings þar sem kort eru notuð í leiðsögutækjum og farsímum til upplýsingamiðlunar. Örnefni eru einnig mikilvæg sem lykjar að sögu, menningu og búskaparháttum þjóðarinnar. Landmælingar Íslands hafa um langt skeið haft með höndum skipulega söfnun þessara gagna og því að byggja upp stafræna kortagrunna og aðgang að gögnum á vefnum.

Hingað til hefur þurft að greiða sérstaklega fyrir aðgang að opinberum landupplýsingum á stafrænu formi, en færst hefur í aukana að slík gögn hafi verið gerð aðgengileg án gjaldtöku í nágrennilöndum okkar. Þetta er ekki að ástæðulausu – í

→ Aðgengi að stafrænum gögnum Landmælinga er mikilvæg varða í átt til opnara og gagnsærra samfélags.

nýlegri erlendri rannsókn kemur fram að í þeim löndum þar sem opinber kortagögn og landupplýsingar eru án gjaldtöku er vöxtur fyrirtækja sem reida sig á slík gögn 15% meiri en í þeim löndum þar sem gögnin eru seld.

Í ljósi þessa hef ég ákveðið, að tillögu Landmælinga Íslands, að stafræn gögn stofnunarinnar verði gerð gjaldfrjálss og aðgengileg öllum sem á þurfa að halda. Um er að ræða gögn sem unnin hafa verið fyrir almannaft. Með þessari breytingu er almenningi tryggður gjaldfrjálss og greiður aðgangur að þeim. Þetta mun styðja aukna notkun þeirra og ekki síst stuðla að nýsköpun í einkageiranum og í opinberri þjónustu.

Landmælingar Íslands hafa þegar gert kortagögn og loftmyndir aðgengileg til niðurbars á vef sínum, www.lmi.is, án gjaldtöku.

Aðgengi að stafrænum gögnum Landmælinga er mikilvæg varða í átt til opnara og gagnsærra samfélags. Þetta er í anda þeirra áherslna að svo ríkir hagsmunir eigi að vera í þágu almennings en ekki vara á markaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Finnst þér alltaf vera að hvísla?

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Ísland, Bandaríkin og baráttan gegn mansali

Þann 1. janúar minntumst við Bandaríkjamenn þess að 150 ár voru liðin frá því að Abraham Lincoln forseti gaf út yfirlýsingu sína um afnám þrælshalds, og að milljónir karla, kvenna og barna sem haldið var sem þrælum, yrðu frjálsar um alla framtíð. Einni og hálfri öld síðar sagði Obama forseti að með yfirlýsingu sinni hefði Lincoln „ítrekað skuldbindingu Bandaríkjanna við ævarandi málstað frelsis. Nú eins og þá erum við staðföst í þeim ásetningi okkar að allir karlar, konur og börn hafi tækifæri til að njóta þessara bestu gjafar“.

MANSAL



Luis E. Arreaga sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi

lömb mansals og konur sem hafa tengst vændi og reyna að hverfa til betra lífs. Steinunn vinnur einnig með innanríkisráðuneytinu að aðgerðaáætlun Íslands til að berjast gegn mansali. Báðar þessar konur vöktu aðdáun mína með áhuga sínum og orku.

Meira að segja land eins og Ísland, sem hefur fáar aðkomuleiðir og sterka mannréttindavernd, er farið að sjá dæmi um mansal nú þegar hnattvæðingin hefur fært ríki nær hvert öðru. Tilkoma þessarar hörmulegu verslunar með mannlíf á síðustu árum minnir okkur á að ekkert ríki lifir í einangrun. Þar sem þetta er alheimsvandamál er það aðeins leysanlegt með því að öll ríki saman í baráttunni. Íslendingar sýna ákveðni sína í að berjast gegn mansali með því að leggja til mannafla til að rannsaka mansalsmál, þróa stuðningskerfi fyrir fórnarlömb og setja lög til að takast á við vandann á Íslandi.

Samt erum við enn langan veg frá því að láta þessa sýn um heim í sam-tímanum, sem er laus við þrælshald í öllum sínum myndum, rættast. Allt að 27 milljónir manna eru fórnarlömb nútímalegs þrælshalds, sem einnig kallast mansal. Þessi glæpur á sér margar birtingarmyndir. Það getur verið misnotkun á vinnukonum sem eru innilokaðar á heimilum vinnuveitenda sinna eða ánaudmanns á fiskiskipi. Það getur verið vændi ungrar stúlku í vændishúsi eða nauðug þjónusta drengs sem barnahermanns. Í hvaða formi sem hún er er mansal í eðli sínu ardráns-glæpur sem rænir fórnarlömb sín frelsi þeirra og reisn. Nútímaþrælshald á sér stað í öllum löndum heims, og sérhverri ríkisstjórn ber skylda til að bregðast við því.

Ekkert ríki lifir í einangrun

Nýlega hitti ég tvo Íslendinga, þær Guðrúnu Jónsdóttur og Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, sem verða reglulega vitni að mannlegum harmleikjum sem fylgja mansali. Guðrún er talskona Stígamóta, fræðslu- og ráðgjafarmiðstöðvar fyrir þolendur kynferðisofbeldis, og Steinunn er verkefnastýra í Kristínarhúsi, athvarfi sem Stígamót opnaði árið 2011 fyrir fórnarlömb mansals og konur sem hafa tengst vændi og reyna að hverfa til betra lífs.

Höfum öll hlutverki að gegna

Ríkisstjórn Obamas hefur skuldbundið sig til að berjast gegn nútímaþrælshaldi heima fyrir og um allan heim með því að lög-sækja þá sem stunda mansal, vernda fórnarlömbin og hindra þessa glæpi í framtíðinni. Við viljum einnig gjarnan taka höndum saman við ríkisstjórnir sem taka þessu vandamáli alvarlega og við vinnum með hagsmunaaðilum á meðal félagasamtaka, trúfélaga og einkaaðila sem koma með einstaka hæfileika og sérfræðibekkingu til baráttunnar. Stór hluti vinnu okkar felst í að auka skilning á þessu máli og stuðla að auknum aðgerðum til að finna, stöðva og hindra þessa glæpi.

Þessi barátta okkar er, að hluta til, til að minnast afnáms þræla-

→ Tilkoma þessarar hörmulegu verslunar með mannlíf á síðustu árum minnir okkur á að ekkert ríki lifir í einangrun.

halds í Bandaríkjunum. Utanríkisráðuneytið tók höndum saman við National Underground Railroad Freedom Center í Cincinnati í Ohio til að framleiða kvikmyndina Journey to Freedom, sem sýnir hliðstæðurnar á milli mansals og þrælshaldsins á sínum tíma í Bandaríkjunum. Allt frá Kongó til Mexíkó til Nepals hafa sendiráð okkar og ræðismannsskrifstofur opnað dyr sínar til að deila þessari mynd, varpa ljósi á þetta vandamál og hvetja fleira fólk til að leggja sitt af mörkum í baráttunni við þrælshald nútímans. Hægt er að sjá þessa kvikmynd á Netinu á www.state.gov/j/tip og ég hvet ykkur til að gefa ykkur tíma til að sjá hvornig þetta vandamál hefur áhrif á samfélag okkar allra í dag.

Eins og í baráttunni fyrir afnámi þrælshalds fyrir 150 árum höfum við öll hlutverki að gegna í viður-eigninni við mansal. Við þurfum öll að læra að þekkja þessa glæpi, vita hvað við eigum að gera þegar við sjáum þá og koma í veg fyrir að þeir skaði samfélag okkar, ef okkur á að ganga vel í baráttunni gegn nútímaþrælshaldi. Á Íslandi er neyðarlína sem tekur við símtölum frá fórnarlömbum mansals og þeim sem hafa upplýsingar um slíka glæpi. Númerið er 800-5005.

Þessi barátta á ekkert minna skilið en fullan stuðning okkar. Eins og Obama forseti sagði „er baráttan gegn mansali eitt mesta mannréttindamál okkar tíma“. Bandaríkin hafa skuldbundið sig til að vinna að þessu verkefni, og við vonum að þið verðið félagar okkar í þeirri viðleitni.

Fjörutíu ár frá upphafi gossins á Heimaey

Fyrir fjörutíu árum hófst eldgos á Heimaey. Blómlegt byggðarlag með rúmlega 5.000 íbúa breyttist sem hendi væri veifað í flakandi eldsár og öskuskafli. Íslendingar allir voru þar minntir á að manneskjan er smá, líf og lán valt og veikt. Eyjamenn máttu í nauð sinni flýja heimili sín í fullkominni og algerri óvissu um framtíðina. Eignatjónið varð gríðarlegt og persónulegt áfall íbúanna mikið og sennilega mun meira en seinni tíma sögu-skýringar hafa viljað gangast við. Í næstum hálfri tími óvissunnar.

NÁTTÚRUHAMFARIR



Elliði Vignisson bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

færa. Enginn veit hvornig farið hefði ef ekki hefði þá líkn verið að finna í þessari þraut að veður var gott í árstíð þegar allra veðra var von.

Erfiður tími

Við Eyjamönnum tók nú erfiður tími. Fjölskyldur tvístruðust og fréttir af heimahögum voru því miður oft þungbærar. Það er til marks um einstakt geðslag Eyjamanna að aldrei töpuðu þeir trúnni og hugur flestra stefndi heim allan þann tíma sem eldur brann í jörðu heima í Eyjum. Þegar tæpast stóð var meira að segja gripíð til þess ráðs að dæla sjó á glóandi hraunið til að hægja á eyðileggingarmættinum. Vandséð er að nokkru sinni hafi mannkynd gengið fastar fram gegn náttúruöflunum en þegar Eyjamenn – með dyggum stuðningi velunnara hér á landi og erlendis – réðust til atlögu gegn virku eldfjalli með hugrekkið og hugvitið sem sín vopn.

Uppbygging

Í gosinu og eftir það völdu Eyjamenn að líta á vandann sem verkefni. Það þurfti magnað hugrekki til að flytja til baka á fyrstu dögum eftir gos. Snúa aftur á litla eyju sem í raun hafði verið rist í sundur af jarðeldum. Að endurreisa byggð í hlíðum hins nýja eldfjalls sem var langt frá því að vera kólnað. Á undraskömmum tíma reistu Eyjamenn byggðina úr öskunni og byggðu hér samfélag

→ Landsmönnum öllum færi ég því hér með dýpstu þakki. Drengskapur þjóðarinnar var alger.

sem í dag má vera fyrirmynd annarra framsækinnna bæjarfélaga. Það gerðu þeir þó ekki einir.

Pakkargjörð

Eyjamenn hafa valið að gera 23. janúar ár hvert að þakkar-gjörð sinni. Um leið og þess er minnst hversu gæfulega tókst til í ómannlegum þrautum er við hæfi að þakka þeim fjölmörgu sem veittu Eyjamönnum líkn og stuðning í gosinu og eftir það. Landsmönnum öllum færi ég því hér með dýpstu þakki. Drengskapur þjóðarinnar var alger. Á sama hátt vil ég færa vinabjóðum okkar þakki fyrir ómetanlega aðstoð. Enn þann dag í dag og um framtíð alla verða Eyjamenn þakklátir öllum þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu í gosinu. Þeim sem völdu að flytja ekki aftur heim til Eyja að gosi loknu vil ég þakka sérstaklega þann hlýhug sem þeir sýna ætíð heimahögunum. Verðmætin sem Vestmannaeyjar eiga í brottfluttum Eyjamönnum eru ómæld. Þeirra lód á vogarskálur velgengni Eyjanna vega þungt. Sjálfur vil ég sérstaklega færa þeirri kynslóð sem valdi að flytja til baka það hugrekki sem hún sýndi á tímum sem án vafa voru þeir tvísýnustu í sögu byggðar í Vestmannaeyjum. Henni ber þakka það góða samfélag sem við Eyjamenn eigum í dag.

Mestu mannflutningarnir

Á þessum tímamótum minnast Eyjamenn þeirrar gæfu að enginn skyldi láta lífið í hörmungunum. Guðleg forsjón, yfirvegum íbúa og sameiginlegt átak allra landsmanna varð Eyjamönnum að mildi þessa hörmunganótt. Á ótrúlega skömmum tíma var íbúum komið í var fyrir hörmungunum. Æðrulleysi, kraftur og einurð Eyjamanna í bland við gott skipulag og góða aðstoð skóp árangur þessara mestu mannflutninga, sem um getur í sögu landsins. Hvorki meira né minna en 2,5% þjóðarinnar áttu öryggi sitt undir því að komast frá eldsvungunni sem opnaðist nánast við bæjardyr þeirra. Í ávarpi sínu á gosnóttinni sagði Kristján Eldjárn, þáverandi forseti: „Leggur drottinn líkn með þraut“ og má það til sanns vegar

Andaðu með nefinu



- ✓ Loft innan fárra mínútna
- ✓ Illmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlmetazólinhýdróklóríd 1 mg/ml. Ábendingar: Bölgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringum og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefninu, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirikum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan þúls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nyrnahettum, þunglyndi og hjarta og lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlíðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhruini 12a, 210 Garðabæ.

Þjóðfélagsleg ábyrgð? Athugun og ábyrgð við ráðningu

Nýleg umfjöllun um óhugnanleg kynferðisbrot gagnvart börnum vekur upp áleitnar spurningar sem lítið hefur verið fjallað um og tengjast ábyrgð vinnuveitenda. Telja má að í dag ríki ákveðin samfélagssátt um að barnaniðingum verði ekki falin störf við umönnun barna. Hreint út sagt ætti slíkt að vera sjálfsagt. Alþingi hefur þess vegna sett um slíkt ákvæði í æskulýðslög, lög um leikskóla og lög um grunnskóla. Samkvæmt þeim lögum er atvinnuveitendur og stjórnendum þessara stofnana gert óheimilt að ráða einstaklinga sem hlotið hafa refsisdóm fyrir einhver ákvæði kynferðisbrotakafala almennra hegningarlaga. Auðvitað, segja einhverjir við sjálfa sig. En hvernig er atvinnuveitendum ætlað að geta tryggt að svo sé raunin? Að þeir ráði ekki dæmda barnaniðinga eða aðra óæskilega í slík störf. Greinarhöfundar velta því fyrir sér hvort nú sé ekki tími til að innleiða kerfi aukinnar athugunar umsækjenda við ráðningar í viss störf.

Undanfari tuttugu ár eða svo hefur aukin athugun á umsækjendum um viss störf rutt sér til rúms í Evrópu og í mörgum samannburðarríkjum okkar eru slíkar athuganir nú skilyrði fyrir ráðningu. Á það jafnt við um störf þar sem nauðsynlegt er að meðhöndla trúnaðarupplýsingar á vegum ríkis eða einkaaðila sem og fyrir störf við gæslu, kennslu eða umönnun barna, aldaraðra og fatlaðra. Hug-

KYNFERÐISBROT



Christopher Jagger
öryggisráðgjafi



Guðmundur Ingólfsson
lögfræðingur

myndin er einföld. Takmarka aðgengi ákveðinna einstaklinga að störfum og stöðum þar sem þeir eru öðrum eða sjálfum sér til hættu.

Í íslenskum lögum um leikskóla nr. 90/2008 má finna bann við ráðningu einstaklings sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum kynferðisbrotakafala almennra hegningarlaga. Af því banni má draga þá ályktun að atvinnuveitendur og stjórnendur leikskóla beri ábyrgð á því að þar starfi ekki einstaklingar sem hafa hlotið refsisdóm fyrir kynferðisbrot.

Umsækjendur athugaðir

Til þess að koma í veg fyrir slíkt er stjórnendum leikskóla veitt heimild í lögum til að fara fram á að umsækjandi skili sakavottorði, eða veiti heimild til atvinnuveitandans til að afla þess. Slíki eru í dag einu núverandi úrræði atvinnuveitandans, fyrir utan eigið innsæi, til að vinna úr umsóknum í slíki

vernduð störf. Ljóst er að óæskilegir einstaklingar hafa sótt í slík störf áður og að nauðsyn er fyrir verndinni. En hvernig hjálpar sakavottorði að fæla frá þá sem óæskilegir eru?

Sakavottorði sem umsækjandi aflar sjálfur inniheldur aðeins upplýsingar um dæmda refsingu fyrir brot viðkomandi á hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni í fimm ár eftir að refsingu lauk.

Dæmi: Hefði umsækjandi um starf í leikskóla verið dæmdur til refsingar fyrir barnanið en lokið afplánun árið 2007, þá myndi sá dómur ekki finnast á sakavottorði í dag. Viðkomandi atvinnuveitandi myndi þar af leiðandi ekki sjá ástæðu af sakavottorðinu einu saman til að telja umsækjandann vera dæmdan kynferðisafbrotamann, mögulega hættulegan börnum.

Svona er þetta ekki gert alls staðar. Af samanburðarríkjum okkar er hugsanlegt að Bretar hafi náð hvað bestum árangri við að auka öryggi, án þess þó að brjóta á rétti umsækjenda. Þar þykja auknar athuganir á umsækjendum um vernduð störf sjálfsgöðar.

Í Bretlandi fara í kringum þrjár milljónir umsækjenda og starfsmanna í gegnum athugun á ári hverju. Þar hefur aukin bakgrunnskóðun opinberra starfsmanna verið við lýði frá því snemma á fimmta áratugnum og grunnathugun á sakavottorði og málaskrá lögreglu fyrir m.a. kennara, umsjónarmenn fatl-

aðra, hjúkrunarfræðinga og æskulýðsráðgjafa verið framkvæmd í um það bil fimmtán ár. Stjórnvöld þar halda enn fremur skrár um dæmda kynferðisbrotamenn sem tryggir að þeir einstaklingar vinni aldrei með börnum. Til viðbótar við skrárnar voru sett lög til aukinnar verndar börnum og öðrum sem minna mega sín (e. Child Protection Act og Safeguarding Vulnerable Groups Act) sem gerðu vinnuveitenda ábyrga fyrir aukinni athugun atvinnuleitenda. Enn fremur var bætt við könnun á svokölluðum bannlistum (e. barred registers). En þeir eru t.d. skrár yfir einstaklinga sem hugsanlega hafa ekki hlotið refsisdóm fyrir kynferðisafbrot, en hefur engu að síður verið bannað að vinna með börnum.

Öryggið eykst

Innan Evrópu hefur auknum athugunum verið vel tekið og þær framkvæmdar án þess að brjóta á rétti einstaklinga eða atvinnuveitenda. Reynslan sýnir að öryggi viðkvæmustu þegna þjóðfélagsins eykst með slíkri framkvæmd. Þess verður þó að gæta að framkvæmd slíkra athugana sé ávallt í samræmi við markmið þeirra á hverjum tíma, þær framkvæmdar faglega, af sanngirni og í hlutfalli við þá vernd sem verið er að veita hverju sinni. Þar af leiðandi er mikilvægt að til staðar sé mismunandi stig athugana og inngrips, þar sem mismunandi stigum er beitt í hlutfalli við atvik

→ Ljóst er að óæskilegir einstaklingar hafa sótt í slík störf áður og að nauðsyn er fyrir verndinni.

hverju sinni og ljóst er að ekki þarf bakgrunnskóðanir fyrir öll störf.

En hver ætti að framkvæma slíkar athuganir? Viða í Evrópu hefur það færst í vöxt að einkaöðlum sé treyst fyrir þessari framkvæmd en mikilvægt er að tryggja að þeir sem framkvæma slíkar athuganir séu sérfræðingar með viðeigandi menntun og reynslu. Geta slíkir óháðir og faglegir sérfræðingar annast slíka athugun fyrir hönd atvinnuveitanda í fullu samræmi við lög og reglur um persónuvernd, mannréttindasáttmála, upplýsingalög o.fl.

Að lokum verður að hafa í huga að sama hversu ítarlegar og nákvæmar slíkar athuganir eru geta þær aldrei fyllilega komið í veg fyrir glæpsamlega starfsemi eða misnotkun í starfi. Hins vegar myndi markviss innleiðing slíkra framkvæmda vafalaust auka öryggi upplýsinga og viðkvæmra einstaklinga og veita mikilvægt tæki til að stöðva brotaferil nýðinga, eins og þeirra sem til umfjöllunar hafa verið undanfarið, mun fyrr.

HM TILBOÐ

SPENNANDI MÓT-SPENNANDI VERÐ
SPENNANDI SJÓNVÖRÐ

SAMSUNG



32" LCD SJÓNVARP
SAMSUNG · LE32D404
Verð: 79.900,- kr



32" LED SJÓNVARP
SAMSUNG · UE32EH4005K
Verð: 99.900,- kr



43" PLASMA SJÓNVARP
SAMSUNG · PS43E455
Verð: 119.900,- kr



LED SJÓNVARP
SAMSUNG · UExxEH5005
40" · Verð: 139.900,- kr
46" · Verð: 179.900,- kr

51" PLASMA SJÓNVARP
SAMSUNG · PS51E455
Verð: 159.900,- kr

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ

Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900 · samsungsetrid.is

Verlanir og umboðsmenn um land allt

Ferðaglaðir hælisleitendur og aðrar útlenskar afætur

Kristín Völundardóttir er í forsvari fyrir ríkisstofnun sem er fjársvelt. Henni er umhugað um starfsfólkið sitt sem vinnur undir miklu álagi. En hvaða ríkisstofnun er ekki fjársvelt? Í hvaða stofnun eða þjónustu sem er, þar sem unnið er með fólk, er starfsfólk ekki undir miklu álagi? Er ástandið betra hjá Barnaverndarstofnu? Eða á spítölum? Varla.

Forstjóri Útlendingastofnunar hefur á síðustu mánuðum farið mikinn í fjölmiðlum, aðallega með kvartanir gagnvart skjólstaðingum sínum. Nýjasta dæmið er lýsingar um svokallaðan hælisleitendurisma. Samkvæmt forstjóranum getur verið fýsilegur kostur að fá frítt fæði og húsnæði í einhverju landi og kynna sér land og þjóð á meðan verið er að vinna í málinu.

Af viðtölum við forstjóra Útlendingastofnunar að dæma eru hælisleitendamálin fyrirferðarmesta viðfangsefni stofnunarinnar og fá þess vegna oftast umfjöllun í fjölmiðlum. En fleiri útlendinga rekur á fjörur hennar. Í haust var Kristín til dæmis að upplýsa okkur um að útlendingar frá tilteknu landi stunduðu mansal með börn að staðalri og að útlendingar væru unnvörpum að öðlast íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli falsaðra skjala.

Stinga í hjartað

Rétt er að taka fram að Kristín upplýsir ekki um hversu stóran hóp er að ræða, enda hafi hún engar staðreyndir til að styðja sínar yfirlýsingar. Stofnunin er nefnilega fjársvelta og má ekki vera að því að „leggjast í fræðimennsku og rannsóknir“. Gott hjá forstjóranum samt að gefa sér tíma til að tala við fjölmiðla.

Í leit sinni að fjármögnun lætur forstjórinn út úr sér alls konar yfirlýsingar sem hljóta að stinga hvern þann í hjartað sem hefur snefil af samúð með náunganum. Auk þess

FLÓTTAMENN



Tatjana Latinovic
í Samtökum kvenna af erlendum uppruna

→ Dylgjur, slúður og yfirlýsingar um heila þjóðfélagsþópa sem ekki er hægt að styðja með staðreyndum skaða. Þær kynda undir fordómum.

eru þær birtingarmynd annaðhvort algjörar vanþekkingar á aðstæðum, sér í lagi hælisleitenda, eða hreinna fordóma. Gerir það ekki manneskjuna vanhæfa til að sinna þessu starfi?

Það er nauðsynlegt og hollt að ræða um málefni. En það skiptir máli hvernig það er gert, hver gerir það og með hvaða markmið í huga. Dylgjur, slúður og yfirlýsingar um heila þjóðfélagsþópa sem ekki er hægt að styðja með staðreyndum skaða. Þær kynda undir fordómum og hatri gagnvart öllum innflytjendum. Sérstaklega þegar forstjóri Útlendingastofnunar í krafti stöðu sinnar lætur þau út úr sér. Það eru nefnilega margir sem gera ráð fyrir því að forstjórinn hljóti að tala af einhverri þekkingu og taka mark á því sem hann segir. Þess vegna vega orð forstjórans þungt í umræðunni og þess vegna fylgir þeim meiri ábyrgð en ella.

Ég vona innilega að allt þetta sem Kristín Völundardóttir lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum sé einungis vegna viðleitni hennar til að gera stofnuninni sinni kleift að sinna skjólstaðingum sínum á mannsæmandi hátt og bjóða starfsfólki sómasamleg vinnuskilyrði. Ég nefnilega trú á það góða í fólk og vona að Kristín einfaldlega átti sig ekki á afar slæmum áhrifum sem hennar yfirlýsingar hafa.

Kristín Völundardóttir, þín vegna vona ég að þú þurfir aldrei að ferðast um heiminn sem flóttamaður. Treystu mér, það eru til sársaukaminni leiðir til að kynna útlöndum. Skiptu um starf ef þér er umgengni við útlendinga um megn. Nú er mál að linni.

FORD KUGA Titanium S AWD frá 5.790.000 kr.

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.790.000 kr. Kaupstu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseginnleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákni um gæði.



FORD KUGA TITANIUM S AWD

FRÁ

46.330 kr./mán.*



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO₂ 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,68%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

Hvað fær barn í veganesti?

Það segir í gömlu dægurlagi að lífið sé undarlegt ferðalag og hótelið okkar sé jörðin. Við sem erum svo lánsöm að vera foreldrar eigum okkur þá ósk að okkur megi takast að nesta börnin okkar vel fyrir þetta ferðalag. Sjálfur er ég svo þakklátur foreldrum mínum sem reyndu sitt besta til að undirbúa mig til þess að verða fær um að standa á eigin fótum, fær um að eiga samskipti og lifa og starfa í flóknum heimi.

SAMFÉLAG



Jóhann Þorsteinsson
sviðsstjóri
æskulýðssviðs
KFUM og KFUK á
Íslandi

Sem barn fékk ég tækifæri til að spreyta mig í íþróttum, í tónlistarskólunum, í skátunum, í sumarþúðum og í félagsstarfi KFUM og KFUK. Allt var þetta jákvætt en ég var enginn afreksmaður í íþróttum og tónfræði var ekki minn tebolli. Ég fann mig heima í KFUM og úr því starfi koma mínir æskuvínir. Í bráðum þrjú áratugi hef ég tilheyrt þessu félagi og það hefur mótað lífsýn mína. Fyrir í vetur átti ég sam-

tal við kunningja sem gaf sig á tal við mig af því að 10 ára sonur hans var byrjaður að mæta á fundi fyrir 9-12 ára drengi í KFUM á Akureyri. Hann viðurkenndi að hann þekkti lítið til starfs KFUM og því lék honum forvitni á að vita hvað við værum að gera. Svar mitt var yfirborðskennt, ég sagði honum að við færum í leiki og svo væri alltaf einhver fræðsla. Það sem ég hefði kannski átt að segja honum er að við erum að nesta unga drengi og stúlkur út í lífið. Leikirnir sem við förum í eru ekki bara leikir heldur þjálfun í samskiptum, tjáningu og

almennri félagsfærni. Leikir þar sem allir eru af holdi og blóði og þú þarft engin þrívíddargleraugu til að gera leikinn raunverulegri.

Fræðslan er ekki bara einhver fræðsla heldur er hún um lausnarlífsins, Jesú Krist og hans kenningu. Jesús sagði: „Elska skalt þú náungann eins og sjálfan þig“ og þegar okkur tekst það þá útrýmum við einelti. Hann sagði: „Elskið óvini ykkar“ og það er erfitt nema þá helst að reyna að líta á þá sem vini. Hann kenndi okkur að fyrirgefa en í fyrirgefningunni felst von um nýtt upphaf.

→ Þar sem allir eru af holdi og blóði og þú þarft engin þrívíddargleraugu til að gera leikinn raunverulegri.

Já, ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í starfi KFUM og KFUK og ég er þakklátur þeim foreldrum sem í dag hvetja börnin sín til að kynna sér starf félagsins og vonandi finna þau sig heima þar og vonandi getur það starf verið hluti af því holla og góða nesti sem er okkur öllum svo mikilvægt í ferðalag lífsins.

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á!

IBTGV-32203


VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

8 Skúffur, 322 stk. verkfæri



239.900 m/vsk

Kynningarverð



www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Víðarhöfða 6 - Reykjavík

Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Opið bréf til velferðar- og fjármálaráðherra

Við hjúkrunardeildarstjórar á bráðalyflækingardeildum Landspítalans við Hringbraut viljum skora á velferðar- og fjármálaráðherra að bregðast sem fyrst við uppsögnum hjúkrunarfræðinga með viðunandi hætti. Hver dagur sem líður skiptir sköpum. Landspítalinn er háskólasjúkrahús og sjúkrahús allra landsmanna, þar er veitt flókin, dýr og sérhæfð meðferð. Hjúkrunarfræðingar útskrifast eftir fjögurra ára háskólanám og við tekur afar krefjandi starf. Eftir því sem starfsreynsla þeirra eykst verður sérhæfingin oft meiri, sem er einn af lykilþáttum hvað varðar öryggi í meðferð og umönnun sjúklinga. Við efnahagshrunið á Íslandi voru gerðar miklar kröfur um sparnað á Landspítala en á sama tíma jókst vinnuálag. Þrátt fyrir þetta hafa hjúkrunarfræðingar lagt sig fram um að veita sjúklingum örugga og góða þjónustu. Við undirritaðar höfum undanfarið fundið fyrir vaxandi þreitu

KJARAMÁL

Bylgja Kærnested
hjúkrunardeildarstjóri hjartadeild

Kristjana G. Guðbergsdóttir
hjúkrunardeildarstjóri blóðlækningadeild

Halldóra Hálfánardóttir
hjúkrunardeildarstjóri krabbameinslækningadeild

Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir
hjúkrunardeildarstjóri meltingar- og nýrnadeild

hjúkrunarfræðinga á þessu viðvarandi ástandi sem ríkir á Landspítala og óánægju með að þeir fái ekki laun í samræmi við mikla ábyrgð og álag.

Miklar afleiðingar

Meirihluti þeirra hjúkrunarfræðinga sem nú hafa sagt upp eru reynslumiklir og er fyrirséð að brotthvarf þeirra mun hafa miklar afleiðingar fyrir starfsemi Landspítala. Margir þessara hjúkrunarfræðinga eru nú þegar að leita sér að annarri vinnu hér á landi eða erlendis. Það virðist vera mjög auðvelt að fá vinnu annars staðar og eftir því sem tíminn líður stækkar sá hópur sem ekki hyggst koma aftur til baka til starfa á Landspítala. Uppsagnirnar munu taka gildi 1. mars og þegar sá dagur rennur upp er mikil hætta á að sjúklingar á Landspítala fái ekki þá lágmarksþjónustu sem þeir þurfa.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í faglegu starfi á deildum á undanförunum árum og í nokkur ár hefur náðst undraverður árangur í rekstri

→ Þetta mál verður að leysa. Allir þeir aðilar sem koma að þessu máli verða að finna farsæla lausn á þessu svo ekki skapist hættuástand.

spítalans m.a. vegna þess að stöðugildi hjúkrunarfræðinga hafa verið vel mönnum og því hægt að draga úr aukavöktum og yfirvinnu. Ef af uppsögnum verður er þessi stöðugleiki fyrir bí og loka þarf deildum og sameina aðrar sem við sjáum ekki ganga upp þar sem spítalinn er full nýttur nú þegar.

Við skipuleggjum alla þjónustu sem veitt er út frá hagsmunum sjúklinga og því höfum við af þessu miklar áhyggjur. Þetta mál verður að leysa. Allir þeir aðilar sem koma að þessu máli verða að finna farsæla lausn á þessu svo ekki skapist hættuástand.

Við sem þjóð ættum að sameinast í því að hafa góða og örugga heilbrigðisþjónustu því öll þurfum við á þessari þjónustu að halda á einhverjum tímamarki lífs okkar.

POTTURINN STEFNIR Í

100.000.000
+750.000.000

850 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 850.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn í 750 milljónir.

Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

SÖLU LÝKUR KL. 17

VÍKINGA
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 23. JANÚAR 2013

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

tudorwatch.com



GRANTOUR CHRONO



TUDOR
WATCH YOUR STYLE

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. janúar 2013 | 2. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Hraði!
Skilvirkni!
Sveigjanleiki!

UNNIVERFISMAÐUR
141 381
Prentspur

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



VALITOR LÆTUR AÐ SÉR KVEÐA Í EVRÓPU

→ Viðtal við Viðar Þorkelsson,
forstjóra Valitors

→ Helmingur tekna Valitors
vegna erlendra umsvifa

→ Greiðslukortin að færast
inn í snjallsímana

SÍÐA 6

Protabú Landsbankans skiptir um nafn og heitir nú LBI

Nafni gamla Landsbanka Íslands hf., hefur verið breytt í LBI hf. Breytingin tók gildi 3. janúar síðastliðinn. Í tilkynningu frá þrotabúi gamla Landsbankans vegna þessa er áréttað að ekki sé um aðilaskipti að ræða og að engin önnur breyting hafi orðið á félaginu. „LBI hf. (áður Landsbanki Íslands hf.) er því áfram í slitameðferð[...]og undir stjórn slitastjórnar lögum samkvæmt. Samkvæmt því haldast að öðru leyti óbreytt öll viðskiptasambönd, samningar, greiðslufyrirmæli og hvers kyns réttindi og skyldur sem tengjast rekstri félagsins og slitameðferð þess eða tilheyra félaginu með öðrum hætti.“ - þsj

Elítan hittist í Davos í dag

Alþjóðlega efnahagsráðstefnan, World Economic Forum, sem haldin er á ári hverju í smábænum Davos, í svissnesku Ölpunum hefst í dag. Á ráðstefnunni safnast saman áhrifamenn úr viðskipta- og fjármálalífi, stjórnárum, háskólum og fjölmiðlum og ræða um efnahagsástand heimsins.

Meðal gesta á ráðstefnunni í ár eru Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, Ban Ki-Moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, svo einhverjir séu nefndir. Þá er Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gestur á ráðstefnunni en hann mun taka þátt í umræðum um samfélagslegar afleiðingar efnahagsferfiðleika.

Búist er við því að andrúmsloftið á ráðstefnunni verði öllu léttara í ár en í fyrra enda hættumerkjum í alþjóðahagkerfinu fækkað. - mþl

Frændur kaupa í Samherja

Félag í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar og Kristjáns Vilhelmssonar hefur keypt um ný prósentu eignarhlut í Samherja sem áður var í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar (TM). Kaupverðið hleypur á milljörðum króna. Hluturinn var færður yfir til Stoða, þá aðaleiganda TM, í október í fyrra og seldur þaðan nýverið. Þorsteinn er forstjóri Samherja og Kristján er útgerðarstjóri fyrirtækisins. Saman eru þeir langstærstu eigendur þess. - þsj / sjá síðu 4



Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

OPTICAL STUDIO FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

ALLT AÐ 50% ÓDÝRARI
EN SAMBÆRILEG VARA Á MEGINLANDI EVRÓPU

Sjónmælingar (tímapantanir):
Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811

Umgjörð: Lindberg Spirit




Fróðleiksmolinn

DataMarket

Þróun íbúðaverðs, launa og neysluverðs

Þjóðskrá Íslands hefur frá árinu 1994 mælt þróun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. Myndin sýnir þróun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, almenna launaþróun og verðlagsþróun frá 1994 til og með 2012. Á þessu tímabili hefur íbúðaverð hækkað um 249%, laun um 231% og vísitala neysluverðs um 137%. Íbúðaverð og laun hafa hækkað umtalsvert meira en verðlag á þessu 19 ára tímabili. Árið 2004 byrjar íbúðaverð að hækka töluvert umfram almenn laun þar til fasteignamarkaðurinn nær hámarki í janúar 2008. Fasteignamarkaður nær síðan lágmarki eftir fasteignabóluna í desember 2009. Frá þeim tíma hafa íbúðaverð og almenn laun hækkað nokkuð í takt eins og sést á myndinni.



Fermetraverð í fjölbýli eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu

Þjóðskrá Íslands mælir íbúðaverð eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðaverð í fjölbýli er mælt árlega í 35 hverfum. Listinn hérna sýnir fermetraverð í fjölbýli í 15 dýrustu hverfunum árið 2011. Hæst var fermetraverðið á Melum og Högum kr. 269.008 en lægst í Seljahverfi kr. 182.978 samkvæmt mælingum Þjóðskrár. Munurinn þar var um 86.000 krónur á fermetra.

HVERFI	FERMETRAVERÐ
Melar og Hagar, Reykjavík	269.008
Seltjarnarnes	266.623
Sjálund, Garðabær	266.174
Teigar og Tún, Reykjavík	266.167
Innan Hringbrautar og Snorrabrautar, Reykjavík	266.056
Lönd, Reykjavík	259.422
Grandar, Reykjavík	253.427
Garðabær, (ekki Akrag og Sjálund)	247.478
Hlíðar, Reykjavík	241.826
Salir, Kópavogur	240.737
Akrar, Garðabær	240.100
Smárar, Kópavogur	237.743
Ás, Hafnarfjörður	236.820
Vatnsendahæð (Kórar, Hvörf, Þing), Kópavogur	234.460
Norðan Kópavogslækjar Kópavogur	231.198

HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS.

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 23. janúar

- Vísitala kaupmáttar launa í desember 2012
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í desember 2012
- Greiðslujöfnunarvísitala í febrúar 2013
- Mánaðarleg launavísitala í desember 2012

Fimmtudagur 24. janúar

- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í desember 2012

Föstudagur 25. janúar

- Útboð ríkisbréfa

Mánudagur 28. janúar

- Verðbréfavíðskipti – hagtölur Sí
- Staða markaðsbréfa – hagtölur Sí

Þriðjudagur 29. janúar

- Fjöldi útgefina vegabréfa
- Nýskráningar og gjaldþrot í desember 2012
- Vísitala neysluverðs í janúar 2013

Miðvikudagur 30. janúar

- Hverjir eiga viðskipti? - útgáfa Þjóðskrár
- Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2012
- Vísitala framleiðsluverðs í desember 2012

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



ADALEIGANDI Alterra, sem áður hét Magma, eignaðist fyrst hlut í HS Orku á árinu 2009. Ross Beaty (í miðid) er stjórnarformaður og aðaleigandi Alterra. Með honum á myndinni eru Ásgeir Margeirsson, einn aðstoðarforstjóra Alterra og stjórnarformaður HS Orku, og Alexander Guðmundsson, einn forsvarsmanna tilboðshópsins.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Hætt við kaup á hlut Alterra í HS Orku

Kaup íslensks fjárfestahóps sem ætlaði að kaupa 66,6 prósent hlut í HS Orku eru dottin upp fyrir. Til stóð að skrá HS Orku á hlutabréfamarkað og leyfa almenningi að kaupa í fyrirtækinu.

ORKUMÁL

Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Ekkert verður af kaupum íslensks fjárfestahóps á 66,6 prósent hlut Alterra Power, sem áður hét Magma Energy, í HS Orku. Þetta hefur Markaðurinn fengið staðfest. Sagt var frá tilboði hópsins í lok júní 2012 og tilkynnt um það til kauphallarinnar í Toronto, en Alterra er skráð á hlutabréfamarkað í Kanada. Miðað við síðustu viðskipti með bréf í HS Orku var virði þess hlutar sem hópurinn ætlaði að kaupa um 28 milljarðar króna. Ef af kaupunum hefði orðið hefði HS Orka verið að fullu komin aftur í eigu íslenskra aðila. Jarðvarmi slhf., félag í eigu nokkurra lífeyrissjóða á 33,4 prósent hlut í fyrirtækinu.

Þann 29. júní 2012 tilkynnti Alterra Power að félaginu hefði borist tilboð í 66,6 prósent eignarhlut sinn í HS Orku. Þjóðendurnir voru Modum Energy og sjóðir í rekstri Stefnis, sjóðstýringarfyrirtækis Arion banka. Tilboðið var lagt fram í samstarfi við Arion banka en sérstaklega var tiltekið að bankinn yrði ekki beinn eignaraðili ef áformin myndu ganga upp.

28

MILLJARÐAR króna er virði 66,6 prósent hlutafjár í HS Orku miðað við síðustu viðskipti.

0

er fjöldi íslenskra orkufyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkað.

1

MILLJARÐUR króna er hagnaður HS Orku á fyrstu níu mánuðum ársins 2012.

42

MILLJARÐAR króna er heildarvirði HS Orku miðað við sömu viðskipti.

1 ár er síðan undirbúningur tilboðsins hófst.

33,4% er eignarhlutur íslenskra lífeyrissjóða í HS Orku.

Er þitt fyrirtæki að ávaxta lausafé á hagstæðan hátt?

Kynntu þér ávöxtunarleiðir MP banka fyrir fyrirtæki hjá viðskiptastjórum í Ármúla 13a eða í síma 540 3200 og á www.mp.is.

mpbanki
banki atvinnulífsins



THG Arkitektar

HVÍTA HÚSDÍÐLA 13-0033

Við höfum opnað

Heimili upplýsingatækninnar

Nýja verslunin okkar sameinar móttöku, fundarstað, sýningarsal og kaffihús.

Skemmtileg umgjörð fyrir góð samskipti

Versluninni er ætlað að vera þægilegur vettvangur fyrir samskipti starfsfólks okkar og viðskiptavina. Hún er staðurinn þar sem við greinum þarfirnar og veitum ráðgjöf. Þar gegnir kaffihúsið lykilhlutverki. Te & Kaffi sér um að töfra fram ljúffenga kaffidrykki.

Upplýsingatækni á einum stað

Verslunin er skipulögð til að spanna þarfir atvinnulífsins í upplýsingatækni frá A til Ö: vélbúnaður, hugbúnaður, ráðgjöf og rekstrarþjónusta. Vöruúrvalið er fjölbreytt, enda flest þekktustu vörumerki veraldar á sviði upplýsingatækni meðal samstarfsaðila okkar.

Velkomin í nýju verslunina okkar við Guðrúnartún og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig

Spennandi opnunartilboð

				
Inspiron fartölva áður 159.900 kr. núna 124.900 kr.	Kingston flash minni 30% afsláttur	Samsung Galaxy Tab 210.1" 59.990 kr.	Freecom flakkari 20% afsláttur	Urbanears heyrnartól 10% afsláttur

Opið alla virka daga frá kl. 8-17



Ný lán Íbúðalánasjóðs námu 980 milljónum í desember og hafa ekki verið minni að raunvirði um árabíl:

Nýjum lánnum Íbúðalánasjóðs heldur áfram að fækka

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 980 milljónum króna í desember. Upphæð nýrra lána sjóðsins hefur ekki verið minni í einum mánuði, að raungildi, á síðustu sjó árum. Þá námu uppgreiðslur lána um 1,3 milljörðum í desember.

Það er því ljóst að nýjum útlánnum Íbúðalánasjóðs er enn að fækka. Sjóðurinn hefur á fáum misserum tapað verulegri markaðshlutdeild til viðskiptabankanna. Þar munar mestu um að bankarnir hafa frá því seint ári


2011 veitt óverðtryggð íbúðalán sem hafa notið mikilla vinsælda.

Á sama tíma hefur Íbúðalánasjóður ekki séð sér fært að hefja að veita slík lán þótt lagaheimild hafi legið fyrir um hríð. Kemur þar meðal annars til óvissa um framtíð sjóðsins en hann hefur glímt við eiginfjárvanda og hátt vanskilahlutfall. Þá hefur fjöldi eldri lántakenda hjá sjóðnum kosið að nýta uppgreiðsluákvæði lána sinna. Þannig minnka vaxta-tekjur sjóðsins en vaxtagjöld

minnka ekki á móti þar sem skuldir sjóðsins eru ekki innkallanlegar. Voru uppgreiðslur lána raunar meiri en ný útlán á árinu 2012.

Til að bregðast við eiginfjárvanda Íbúðalánasjóðs ákvað ríkisstjórnin í nóvember að auka stofnfé sjóðsins um allt að 13 milljarða en óvíst er hvort upphæðin nægir til að 5% eiginfjárlágmark sjóðsins náist. Þá er starfshópur að störfum sem skila á áfangaskýrslu um framtíð sjóðsins í næsta mánuði.

Upphæð og fjöldi nýrra íbúðalána



4,3 milljarða kröfur en engar eignir:

Skiptum lokið á þrotabúi BNT

Engar eignir fundust í þrotabúi fjárfestingafélagsins BNT, sem nú heitir EM 13. ehf. Alls var rúmlega 4,3 milljarða króna kröfum lýst í búið. BNT var móðurfélag N1 ehf. og Umtaks, fasteignafélags utan um fasteignir N1.



BJARNI BENEDIKTSSON

september á síðasta ári. Skiptum lauk síðan í síðustu viku án þess að nokkuð fengist upp í 4,3 milljarða króna kröfur.

Aðaleigandi BNT á árum áður var fjárfestingafélagið Máttur. Það var í eigu Einars og Benedikts Sveinssona og Karls og Steingríms Wernerssona.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var stjórnarformaður BNT og sat í stjórn Máttar.

Hann lét af stjórnarformennsku hjá BNT eftir bankahrunið.

Frændurnir kaupa níu prósent í Samherja

Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson hafa keypt um níu prósent hlut í Samherja. Eru saman langstærstu eigendur fyrirtækisins. Hluturinn var áður í eigu TM en var færður til Stoda í október.

SIÁVARÚTVEGUR

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Félag í eigu Þorsteins Márs Baldvinssonar og Kristjáns Vilhelmssonar hefur keypt um níu prósent eignarhlut í Samherja sem áður var í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar (TM). Kaupverðið hleypur á milljörðum króna. Hluturinn var færður yfir til Stoda, þá aðaleiganda TM, í október í fyrra og seldur þaðan nýverið. Þorsteinn er forstjóri Samherja og Kristján er útgerðarstjóri fyrirtækisins. Saman eru þeir langstærstu eigendur þess.

Stoðir, áður FL Group, gengu frá sölu á 60 prósent hlut í TM í október síðastliðnum. Kaupendur voru hópur lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta. Kaupverðið miðaði við að heildarvirði TM væri 11,2 milljarðar króna. Það sem aldrei hefur komið fram er að ákveðnar óskráðar eignir voru teknar út úr TM, áður en gengið var frá kaupunum, og færðar til Stoda. Þetta staðfestir Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoda. „Það var niðurstaðan í söluferlinu á TM að ákveðnar eignir yrðu færðar út úr félaginu áður en gengið var frá viðskiptunum. Þessar eignir voru færðar frá TM til Stoda í október. Uppistaðan í þessum eignum var um níu prósent hlutur í Samherja.“

Júlíus segir kaupverðið trúnaðarmál. Miðað við innra virði Samherja í lok árs 2011 er virði hlutar-



EIGENDUR Samanlagt eiga Þorsteinn Már, Helga S. Guðmundsdóttir og Kristján Már Vilhelmsson nú beint, eða í gegnum félag, um 84,3 prósent hlut í Samherja.

FRETATABLADID/HEIDA

20 MILLJARÐA HAGNAÐUR Á PREMUR ÁRUM

Samherja og dótturfélög högnuðust um 8,8 milljarða króna á árinu 2011. Samstæðan hefur alls hagnast um 20,2 milljarða króna á árunum 2009 til 2011 og afar líklegt verður að teljast að hún hafi skilað góðum hagnaði í fyrra líka. Alls eru rúmlega 60 prósent af starfsemi Samherja erlendis. Virði eigna Samherja jókst um 40 prósent frá árslokum 2009 og fram til loka árs 2011. Þar munar mestu um kaup á Útgerðarfélagi Akureyrar (ÚA) sem Samherja greiddi 14,3 milljarða króna fyrir. Skuldir samstæðunnar voru 71 milljarðar króna í árslok 2011. Þar af voru skuldir við íslenskar lánastofnanir samtals 46,5 milljarðar króna. Í tilkynningu sem Samherja sendi frá sér í nóvember í fyrra kom fram að þær skuldir hefðu verið greiddar niður um sex milljarða króna á árinu 2012.

ins tæpir 3,5 milljarðar króna. Afar líklegt verður að teljast að það sé þó meira enda hefur árað afar vel hjá stórum fyrirtækjum í sjávarútvegi á síðastliðnum misserum.

Júlíus staðfestir þó að kaupandinn sé Fjárfestingafélagið Fjörður sem frændurnir Kristján og Þorsteinn Már eiga saman. Fjörður átti fyrir 10,7 prósent hlut í Samherja. Eignarhlutur þess félags er

því nú um 20 prósent. Til viðbótar á Kristján á eigin kennitölu 32 prósent hlut og Eignarhaldsfélagið Steinn á 32,3 prósent hlut. Það er í eigu Þorsteins Márs (51 prósent) og Helgu S. Guðmundsdóttur (49 prósent), fyrrum eiginkonu hans. Samanlagt eiga þessir þrjú einstaklingar því nú beint, eða í gegnum ofangreind félög, um 84,3 prósent hlut í Samherja.

Nýr tölvuleikur CCP brátt fullbúinn:

Almenningi veittur aðgangur að Dust 514

Dust 514, annar tölvuleikurinn sem íslenska hugbúnaðarfyirtækið CCP hefur búið til, var opnaður almenningi í gær. Leikurinn er ekki alveg fullbúinn en í gær hófst svokölluð beta-prófun á leiknum sem er síðasta þróunarstig hans. Dust 514 er fjölspilunarskotleikur sem er spilaður á Playstation 3-leikjatölvum. Í leiknum berjast spilarar um landsvæði, auðlindir og áhrif og nota til þess herkænsku og áræðni. Leikurinn gerist á plánetum í sama sýndarheimi og EVE-online og er beintengdur honum þótt EVE sé leikinn á PC-tölvum. Leikurinn er bylting að því leyti að leikir sem spilaðir eru á ólíkar



DUST 514 Listaverk innblásið af leikspilun Dust 514.

tölvur hafa aldrei verið tengdir saman með þessum hætti.

Fullbúni leikurinn verður ókeypis og þar með sá fyrsti sinnar tegundar til að styðjast við viðskiptalíkan sem hefur verið kallað „Free to play.“ Tekna verður aflag með sölu á varningi og ýmsum viðbótum.

- mþl

Hótel – Gistiheimili – Veitingastaðir – Sjúkrahús



Þjónusta sem er byggð á þekkingu, reynslu og gæðum.

Ísbú alþjóðaviðskipti ehf. er innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í að þjóna hótélum, gistiheimilum, veitingastöðum og sjúkrahúsum. Við bjóðum upp á heildarlausnir. Einnig bjóðum við sérsíði á húsgögnum, sérsaumud rúmföt og gardínur. Markmið okkar eru að bjóða gæðavörur á lágu verði, auðvelda störf og daglegt líf starfsfólks og atvinnurekenda.

Gardínur



Lín/Rúmfatnaður



Handklæði



Baðsloppar



Baðherbergi



Ljós



Ísbú alþjóðaviðskipti ehf. / Síðumúla 31, 3h. 108 Reykjavík / Sími: 5629018 / Netfang: sandra@isbutrade.com / <http://www.isbutrade.com>

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

MISJAFN FLUGVÉLAMATUR

Matur í flugvélum er misjafn og ekki alltaf innifalinn í verði. Nýlega valdi Skyscanners European Airline Food Awards besta flugmatinn. Á styttri leiðum var SAS í fyrsta sæti en KLM á lengri flugleiðum. Pegasus var hins vegar með besta matinn af lág-gjaldaflugfélögum.



Vandaðir, þýskir, herrakuldaskór úr leðri, ullarfóðraðir. Góður sóli



Teg: 456703
Stærðir: 42 - 47
Verð: 24.500.-

Misty skor
Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070. Opíð mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



iittala
10% afsláttur

Tékk
KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk
gæðavara

Amerísk
gæðavara



ÚTVARPSÞÁTTURINN
SNORRI MEÐ ORRA
- FRÁ HÁDEGIALLA VIRKA DAGA



KLASSÍSKT HLAÐBORD Í FERMINGARVEISLUNA

SJÁVARBARINN KYNNIR Löng og farsæl reynsla er lykillinn að vinsældum fermingarhlaðborðanna frá veislubjónustu Magnúsar Inga Magnússonar.

Nú er rétti tíminn til að huga að veitingunum í fermingarveislunni,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum, og þar talar maður með reynslu. Hann hefur séð um fjölda fermingarveislna á hverju ári í á þriðja áratug. „Ég hef alltaf lagt áherslu á að veita faglega ráðgjöf og setjast niður með viðskiptavininum svo að ekkert fari á milli mála hverjar óskir þeirra eru, enda er það okkar hlutverk að uppfylla þær. Hægt er að halda veislu hjá okkur en við komum líka með veisluföngin í heimahús eða veislusalí og stillum upp borðinu í samráði við gestgjafana.“

Boðið er upp á bæði heitt og kalt hlaðborð og kaffihlaðborð. „Við leggjum áherslu á hefðbundin, klassísk hlað-

borð þar sem gæðin eru í fyrirrúmi,“ segir Magnús Ingi og fullyrðir jafnframt að verðið standist allan samanburð. „Ánægðir viðskiptavinir hafa sagt við mig að það væri jafnvel dýrara að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan vinnuna og stressið sem því fylgir.“

Á heita og kalda hlaðborðinu er grafinn lax með sinnepssósu, sjávarréttafantasia frá Miðjarðarhafinu, reykt grísakjöt, lambasteik, kjúklingur, heit sósa og brúnaðar kartöflur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat, kaldar sósur og úrval af brauði. Verð á mann er aðeins 1.990 kr.

Kaffihlaðborð er enn ódýrara eða 1.690 kr. á mann. Á því eru þrjár gerðir af tertum, tvær af brauðtertum, heitur brauðréttur, fjórar tegundir af snittum og flatkökur með hangikjöti.

ÁHERSLA Á GÆÐI

„Við leggjum áherslu á hefðbundin, klassísk hlaðborð þar sem gæðin eru í fyrirrúmi,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum.
MYND/GVA

UPPLÝSINGAR

Nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is, og hægt er hafa samband beint við Magnús Inga í síma 696-5900 eða með tölvupósti, magnusingi@gmail.com.

ÚTSALA ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

PHILIPS BLU-RAY SPILARAR
FRÁ 19.990

OLYMPUS MYNDAVÉLAR
MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI

JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti

Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti

Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti

OPIÐ LAUGARDAG 11-16

SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

ALLAR STÆRÐIR AF SJÓNVÖRPUM
Á FRÁBÆRUM VERÐUM



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

OLANG FYRIR DÖMUR OG HERRA Verð: 24.000.-

DC ICE GRIP SYSTEM

NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM

Parísar TÍZKAN B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

LÉTTIR réttir

LÉTT BURRITO 395 kcal.

Culiacan

Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

Hvít lök 30% afsláttur

100% Pima bómull

Bómullarlökin eru ofin úr okkar allra bestu bómullarblöndu sem mýkist með tímanum og er einstaklega slitsterk. Lökin eru núna með 30% afslætti fram að helgi.

Stærðir - 40x90, 60x120, 70x140, 90x200, 120x200, 140x200, 160x200, 185x200, 200x200, 200x220

sendum frítt úr vefverslun

Lin DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

LAUGARDAGSKAFFIÐ

MEÐ ATLA FANNARI OG HÁUK MÖRÐINGJA

SVART OG SYKURLAUST KL. 15 - 17

X 927

SKVASS ER FRÁBÆR LÍKAMSÆRÆKT

VEGGSPORT KYNNIR Eftir dvöl í Bandaríkjunum heillaðist Hilmar Gunnarsson af skvassi. Nokkrum árum eftir heimkomu stofnaði hann Veggssport ásamt Hafsteini Daníelssyni. Starfsemin hefur vaxið og dafnað á 26 árum.

Á Stórhöfða 17 er staðsett alhliða líkamsræktarstöð sem þó sker sig úr fjöldanum. Sérstaða Veggssports hefur ætíð falist í skvassasölunum og þeirri þjónustu sem er í kringum þá. „Við erum með fjóra skvassali og þjóðum upp á einkatíma ásamt almennri leiðsögn um skvass. Þá eru líka haldin skvassmót hér, enda er þetta eini staðurinn á landinu sem býður upp á almennilega aðstöðu til þess,“ segir Hilmar Gunnarsson, annar eigandi Veggssports.

Í gegnum árin hefur líkamsræktarstöðin stöðugt verið að bæta við sig þjónustu. Auk tækjasals eru þarna spinningsalur og almennur æfingasalur þar sem í boði eru alls kyns hóptímar. „Ef keypt er kort hér er hægt að nýta alla aðstöðuna auk þess að geta sótt ýmsa hóptíma án endurgjalds; spinning, krossfit, bjöllutíma og fleira sem í boði er. Þegar bóka á tíma í skvassi þarf þó að taka frá sal með góðum fyrirvara.“

Hilmar segir skvass vera einstaklega góða heilsurækt. „Þetta er einhver albesta og mesta hreyfing sem þú getur fengið. Það er mikil brennsla og mikil hreyfing sem fylgir því að spila skvass auk kröfu um liðleika. Skvassinu fylgir líka mikil útrás þegar maður ber boltann í vegginn. Svo er þetta líka bara svo skemmtilegt.“ Vikulegar æfingar Skvassfélags Reykjavíkur fyrir 9-16 ára eru í Veggssporti. „Við erum í góðu samstarfi við ÍSÍ og Skvassfélag Reykjavíkur sem nýtir aðstöðuna hjá okkur. Frá 17.-27. janúar eru svo Reykjavík International Games í fullum gangi og þá er haldið skvassmót hér.“

Í dag kemur finnskur skvassspilari til landsins og mun starfa hjá Veggssporti til 26. janúar. „Hann heitir Matias Tuomi og er einn besti skvassspilari Finnlands um þessar mundir. Á meðan hann er hér verður hægt að panta hjá honum einkatíma.“

Nýjasta viðbótin hjá Veggssporti er



golfhermir. „Þetta er auðvitað frábær leið til að halda sér í æfingu. Það er hægt að velja um níu mismunandi golfvelli til að spila á. Þannig er alltaf hægt að halda sér í formi og æfa sveifluna sama hvernig viðrar.“

Nánari upplýsingar um starfsemi Veggssports er að finna á heimasíðunni www.veggssport.is. Þar er hægt að skoða hóptímatöflu auk annarra upplýsinga um tíma sem í boði eru. Þá er hægt að ganga um stöðina í þrívíddarmyndaforriti. Einnig geta þeir sem eru skráðir hjá Veggssporti pantað skvasssal á netinu.

HEILLAÐIST SNEMMA

Hilmar Gunnarsson heillaðist af skvassi sem unglingur. Hann hefur rekið líkamsræktarstöðina Veggssport í 26 ár og er enn jafn heillaður af íþróttinni.

MYND/VALLI

VEKJA JÁKVÆÐNI OG VON

Námskeið í Røpeyoga-setrinu Nýtt og miklu betra líf á nýju ári er námskeið fyrir þá sem vilja byrja árið á jákvæðum nótum og styrkja gott málefni.

Námskeiðið „Nýtt og miklu betra líf á nýju ári“ verður haldið í Røpeyoga-setrinu í Listhúsinu Laugardal laugardagana 2. og 9. febrúar. Þar munu nokkrir af færustu fyrirlesurum landsins sameina krafta sína. Hvoru námskeiði fyrir sig er ætlað að vekja jákvæðni og von með landsmönnum um nýja og hjartari tíma. Taka skal fram að uppselt er á fyrra námskeiðið.

„Edda Björgvinsdóttir, Guðni Gunnarsson, Matti Ósvald, Helga Marín Bergsteinsdóttir og Ingrid Kuhlman hjálpa þátttakendum að kveikja ljósið innra með sér og virkja orkuna til að breyta öllum hliðum lífsins sem hugurinn stendur til til betri vegar,“ segir heilsu- og íþróttafraeðingurinn Helga Marín Bergsteinsdóttir, en meðal þess sem fjallað verður um er mataræði, hreyfing og lífsstíll. Dagskráin hefst klukkan 11 og lýkur klukkan 16. Aðgangseyrir er 3.000 krónur og rennur allur ágóði af deginum til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

FYRIRLESTRARNIR ERU EFTIRFARANDI:

- Húmor, hlátur, heilbrigði og hamingja – Edda Björgvinsdóttir leikkona
- Máttur athyglinnar – Guðni Gunnarsson lífsráðgjafi
- Hálfkláraðir draumar – Hvað ef hjartað fengi að ráða? – Matti Ósvald heilsuráðgjafi
- Hugur og heilsa – Helga Marín Bergsteinsdóttir, heilsu- og íþróttafraeðingur
- Hversu full er fatan þín? – Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi

Skráning fer fram á ropeyoga-setrid.is Sértilboð verður á hádegisverði frá Gló.



GÓÐ BYRJUN Á NÝJU ÁRI

Helga Marín fær til liðs við sig leikkonuna Eddu Björgvinsdóttur, lífsráðgjafann Guðna Gunnarsson, heilsuráðgjafann Matta Ósvald og þjálfarann Ingrid Kuhlman.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Allt í steik!

4ra rétta veisla og A la Carte í Perlunni

4ra rétta veisla

Þú velur aðalréttinn. Verð á matseðli **6.850 kr.**

SITURUS-GRAFINN REGNBOGASILUNGUR
með tómát-mais salsa, kryddjurtafroðu og graslaukssósu

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslu-meisturum Perlunnar

eða

HÆGELDAD ANDALÆRI
með kartöflumauki, bacon, radisum og appelsínusósu

eða

NAUTALUND
með gratineruðum sveppakartöflum, ætílpistlum og bearnaise sósu

eða

LAMBAFRAMHRYGGUR
með smáum kartöflum, rauðrófum, gulrófum og rósmarínsósu

KARAMELLU OG SÚKKULADÍKAKA
með salthnetu mulningi, hindberjakremi og volgri karamellu

Verð aðeins
6.850 kr.
Næg bílastæði

Vissir þú?

Vín dagsins er Griollo Malbec/
Cabernet frá Argentínu.

Flaskan kostar aðeins kr. **4200.**

Hægelduðu andarlærin eru
frá Frakklandi.

Nautalundirnar eru allar
úr törfum.

Lamba "Prime" er úr sérvöldum
lambahryggjum að norðan.



Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



FRONTERA



LINDSAY



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

Námskeið í febrúar

Námskeið í vetrarfjallamennsku

9. febrúar

Ferðafélag Íslands býður upp á námskeið í vetrarfjallamennsku laugardaginn 9. febrúar nk.

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði vetrarfjallamennsku, búnað til fjallamennsku, leiðaval og snjóflóðahættu.

Leiðbeint er um göngu í snjó og notkun ísaxar og ísaxarbremsu, göngu á mannbroddum og snjó- og ístryggingar. Fjallað um hnúta, línumeðferð, sig og létt snjó- og ísklifur.

Skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum

19., 21. og 26. febrúar

Tími: Kl. 18-22 í sal FÍ, Mörkinni 6.

Ferðafélag Íslands býður upp á námskeið í skyndihjálp og óhöpp í óbyggðum.

Verklegt námskeið fyrir göngufólk í skyndihjálp og viðbrögðum við óhöppum í óbyggðum. Eftir stutta upprifjun á grunnatriðum skyndihjálpar er lögð aðaláhersla á raunhæf verkefni og fræðslu og frásagnir af slysum á Íslandi og þannig reynt að æfa viðbrögð við óhöppum. Námskeiðið endar á verklegri útiæfingu þar sem björgunarfólkið þarf að fást við slasaða sjúklinga.

Ferðafélag Íslands

Skráning á námskeiðin eru í síma 568 2533 eða í netpóst fi@fi.is

Skráðu þig inn – drifðu þig út

Ferðaáætlun FÍ 2013 er komin út

Ferðaáætlun 2013



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is



VEISLUBORÐ
Allur matur sem boðið er upp á kemur beina leið frá Íslandi.

ALVEG ÓMISSANDI

PORRABLÓT Í LA Þorrablótin verða brátt í algleymingi, ekki aðeins á Íslandi heldur víða erlendis. Þorrablót Íslendingafélagsins í Los Angeles eru rómuð fyrir glæsileik eins og Sigurjón Sighvatsson hefur upplifað.

Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi, athafnamaður og konsúll Íslendinga í Los Angeles, hefur búið í borg englanna í 34 ár. Á þeim tíma hefur hann farið á 25 þorrablót og alltaf líkað vel. „Íslendingafélagið hér í Suður-Kaliforníu hefur ávallt lagt mikinn metnað í þorrablót sitt og fær iðulega skemmtikrafta að heiman. Ég mæti alltaf þegar ég er á staðnum,“ segir Sigurjón sem finnst einstakt að gæða sér á íslenskum þorramat einu sinni á ári.

„Blótið er ómissandi til að viðhalda gömlum siðum og venjum en ekki síður til að hitta þann góða hóp Íslendinga sem býr í Suður-Kaliforníu og þá nýliða sem eru að bætast í hópinn,“ segir Sigurjón og bætir við að þeim útlendingum sem mæti finnast þessi uppákoma sérkennileg en einnig vinaleg og heimilisleg. „Undanfarin ár hafa þorrablótin verið haldin í félagsheimili Letta í Los Angeles. Það gæti alveg eins verið gott og „solid“ íslenskt félagsheimili, eins og smækkaður Hlégarður. Það hefur hjálpað til að gera stemninguna enn líkari því sem gerist á Íslandi,“ segir hann glaðlega. Sigurjón segir mörg blótanna eftirminnileg enda glæði góðir gestir minningarnar lífi. „Ekki síst þegar Rúnar heitinn Júlíusson mætti á staðinn með sínu bandi og hélt uppi stuði fram undir morgun.“

Reyndar verður ekkert af þorrablótinu í Los Angeles í ár. „Auðvitað er missir að því en um leið þýðir það bara betra og enn skemmtilegra þorrablót á næsta ári,“ segir Sigurjón sáttur.

Katrín Gunnarsdóttir Fabbiano er formaður Íslendingafélagsins. Hún hefur búið í Kaliforníu í 33 ár og hefur skipulagt ófá þorrablót í gegnum tíðina. „Undirbúningurinn stendur í þrjá mánuði enda er mikið í lagt. Ástæðan fyrir því að blótið verður ekki í ár er sú að mun færri mættu í fyrra en höfðu skráð sig. Við ákváðum því að leyfa fólki að vita að þetta gerist ekki af sjálfu



sér,“ segir Katrín en bætir við að stefnt sé að dundurþorrablótinu 2014.

Maturinn sem boðið er upp á á þorrablótum Íslendingafélagsins í LA er allur íslenskur. „Við höfum fengið Hauk Hermannsson kokk og bróður hans Pétur til að elda fyrir okkur. Kona Hauks hefur einnig komið til að aðstoða en þau flytja allan mat með sér hingað út,“ upplýsir Katrín en ávallt er sótt um og fengið leyfi fyrir útflutningnum.

„Við höfum aldrei lent í vandræðum í tollinum og þó er félagið orðið 69 ára.“ Skemmtiatriðin eru sérkapítuli. „Ég fæ alltaf Íslendinga að heiman. Í fyrra kom hljómsveitin Buff en í gegnum tíðina hafa komið stórstjörnur á borð við Hauk Morthens heitinn, Ómar Ragnarsson og Stuðmenn,“ segir Katrín og er þegar farin að hugsa til þorrablótisins á næsta ári.

■ solveig@365.is

SALURINN
Þorrablótið í fyrra var haldið í félagsheimili Letta í Los Angeles.



SKEMMTIKRAFTAR
Hljómsveitin Buff skemmti gestum blótsins í fyrra.



SIGURJÓN SIGHVATSSON

FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EDA Á STOD2.IS



SKEMMTILEGRI MIÐVIKUDAGSKVÖLD

MATTHEW PERRY SNÝR AFTUR Í
BRÁÐSKEMMTILEGUM GAMANÞÁTTUM
GO ON HEFST Í KVÖLD KL. 20.25



NEW GIRL
KL. 20.05



GREY'S ANATOMY
KL. 20.50



**RITA - DANSKUR
GAMANÞÁTTUR**
KL. 21.35

NÝTT

FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR
FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2
OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI



ALLT ÞETTA FYRIR **265 KR. Á DAG**



SKIPTA OFT UM FÖT Á FERÐALÖGUM

Konur skipta 28 sinnum um föt yfir langa ferðahelgi, samkvæmt breskri könnun. Ein af hverjum tíu konum segist skipta um föt sjö sinnum á dag á ferðalagi en meðalkonan skiptir um föt fjórum sinnum á dag. Tvö þúsund konur voru spurðar í könnuninni sem framkvæmd var af fatamerkinu Tesco's F&F. Könnunin sýndi einnig að átta af hverjum tíu kvennanna nota ekki allan þann fatnað sem þær setja í ferðatöskuna áður en haldið er í ferðalag.

Í hverri ferðatösku er að meðaltali fjögur betri dress, sex bolir, fjögur pör af stutt-

buxum, tvennar síðbuxur, þrjú bikini, þrjú pör af léttum sandölum og tvö pör af betri skóm. Flestar konur kaupa auk þess nýjar flíkur á ferðalögum.

„Ólíkt venjulegum degi heima við skipta allir um föt nokkrum sinnum á dag í fríi,“ segir talskona F&F. „Bikíní fyrir sundlaugina, stuttbuxur í göngutúra og betri föt fyrir kvöldverðinn. Það getur því verið erfitt að pakka öllu í eina ferðatösku eins og mörg flugfélög eru farin að krefjast.“ Könnunin sýndi enn fremur að ein af hverjum fimm konum tekur svo mikið með sér í ferðalag að hún þarf að borga yfirvigt.



NORÐMENN Á FERÐ OG FLUGI

RIKIR

Um 875 þúsund Norðmenn hyggjast ferðast til sólarlanda í sumarfríinu og eru Grikkland og Tyrkland efst á óskalistaðum. Spánn lendir í þriðja sæti. Góður efnahagur í Noregi og kaldur vetur gerir það að verkum að landsmenn þrjá sólar og hita. Norðmenn ferðast nú mest af öllum Evrópuþjóðum, samkvæmt því sem Norska dagblaðið greinir frá. Margir fara í tvær til þrjár ferðir á árinu. Norska krónan er sterk og þess vegna eyða Norðmenn einnig meiru á ferðalögum en aðrar þjóðir. Þeir velja sér fjögurra eða fimm stjarna hótél og jafnvel einkasundlaug.



MÝVATN Í VETRARBÚNINGI Málþing um ferðapjónustu að vetri verður haldið í Mývatnssveit 31. janúar.

MYND/MÝVATNSSTOFA

FERÐA-ÞJÓNUSTA AÐ VETRI

FERÐAÞJÓNUSTA

Mývatn - vetur og velliðan er yfirskrift málþings um velliðunarþjónustu sem haldið verður í Skjólbrekku í Mývatnssveit þann 31. janúar næstkomandi. Velliðunar-ferðapjónusta nýtur vaxandi vinsælda víða um heim og þykja aðstæður á Íslandi hagstæðar, segir í fréttatilkynningu. Í Mývatnssveit hafi um nokkurra ára skeið verið boðið upp á velliðunarþjónustu og hún sé nú í sókn. Nýsköpunarmiðstöð Íslands stendur, í samvinnu við Mývatnssstofu, að málþinginu en tilgangurinn er að fá yfirsýn yfir þau tækifæri sem Mývatnssveit hefur upp á að bjóða í velliðunarþjónustu að vetri og hvernig byggja megi upp ferðapjónustu yfir vetrarmánuðina.

Upplýsingar um dagskrá málþingsins og skráningu má nálgast á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, www.nmi.is, og heimasíðu Mývatnssstofu, www.visitmyvatn.is.



Kríunes við Elliðavatn sveit í borg
fundasalur - gisting - veislur



PORRI 2013 þorrahlaðborð

- Frábær staður til að halda þorrablót
- Tökum á móti fyrirtækjum, hópum, klúbbum & félögum
- Prívat salir



Frekari upplýsingar
Vinsamlega hafið samband
í síma 567 2245 & 897 0749
eða kriunes@kriunes.is

Tilboð!
þorramatur & gisting.
Sjá matseðil á heimasíðu
www.kriunes.is

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan



CHEVROLET SUBURBAN 2500 1998 EK. 235PKM 6.5 DIESEL 8MANNA LEÐUR,35" BREITTUR NÝSKOÐAÐUR GÓÐUR BÍLL. SKOÐA SKIPTI Á HJÓLI EÐA SLEÐA. V-1490.



NISSAN PATROL GR 5.8 FORD VÉL 6-2000. EK 400P 44" BREITTUR. EK 180P ER Á 42" PARF AÐEINS AÐ LAGA. LÆSINGAR, HLUTFÖLL OG MILLIGÍR. SKOÐA ÖLL SKIPTI. V-850 STGR. RAÐNÚMÉR.250329



FORD MONDEO 9-2004 SJÁLFSKSK EK,115P. FALLEGUR BÍLL V-890 RAÐNÚMÉR.250315.



KIA SORENTO DIESEL 10-2005 SJÁLFSKSK EK.152P. NYMÁLADUR. FALLEGUR BÍLL. V-2190 SKOÐA SKIPTI RAÐNÚMÉR.250204

Bifreiðasalan
Stórhöfða 15, 110 Rvk
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is



Hyundai i30 Comfort 5/2008 ek.92þús. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.790.000.-



Chevrolet Spark LT 3/2011 ek.22þús. Beinskíptur. Eyðsla um 5L. Ökutæki er í sal. Ásett verð 1.790.000.-



Honda Insight 1.4 5 Hybrid 6/2011 ek.1þús. Sjálfskiptur. Eyðsla um 4.4L. Ökutæki er í sal. Ásett verð 3.990.000.-



Hyundai Tucson 4x4 1/2008 ek.82þús. Beinskíptur. Ný tímæreim. Ný Ryðvarinn. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.990.000.-



Toyota LandCruiser VX 90 Diesel 5/2000 ek.222þús. Beinskíptur. Skipt um tímæreim í júlí 2010 þá ekinn.183þús. Nagladekk. 8 manna. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.690.000.-



Bílahöllin
Bildshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



JEEP WRANGLER SAHARA.Árgerð 2008,ekinn aðeins 38.þ km, bensín,sjálfskiptur,hrikalega flottur jeppi,er á staðnum.Verð 5.980.000. Rnr.125780.Sími:562-1717.



M.BENZ E 200 KOMPRESSOR AVANTGARDE.Árgerð 2004,ekinn aðeins 78.þ km,sjálfskiptur,topplúga ofl,er á staðnum.Verð 2.890.000. Rnr.350243.Sími:562-1717.



NÝR FIAT PANDA CLASSIC
FIAT PANDA CLASSIC 1.2 - Árgerð 2013,bensín,5 girar,er á staðnum.Verð 1.980.000. Rnr.125779.Sími:562-1717.



NÝR FIAT 500 LOUNGE
FIAT 500 LOUNGE 1.2 - Árgerð 2013,bensín,5 girar,16" álfelgur,mp3 spilari,city stýri,glarpak,topplúga ofl,er á staðnum.Verð 2.980.000. Rnr.125778.



bílaland
Bílaland, B & L Breiðhöfða og Kléthálsi 11, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.bilaland.is



Vaka
Skútvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is




KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



KIA Sportage EX 4x4 DÍSEL Árgerð 6/2012, ekinn 21þ.km, ssk, ný nagladekk, ástandsskoðun til. Toppbill á staðnum! Verð 5.490þ.kr. Raðnr 154275. Sjá nánar á www.stora.is



Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
Myndeftirlit á plani
http://www.stora.is



Polaris Sportsman 850. Árgerð 2011. Box framan og aftan. Hliðar og stýristöskur. Bighorn dekk á álfelgum. Verð 2.890.000.- Tilboðsverð 2.690.000.- Upplýsingar í síma 8201418 www.ellingsen.is



Ellingsen
Fiskislóð 1, 101 Reykjavík
Beinn sími sölumanna: 820 1418 og 840 1757
http://www.ellingsen.is



KIA Ceed ex 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 2 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.160488.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2006, ekinn 109 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.110393. VERÐ NÚ KR: 1.190.000.-



FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2004, ekinn 85 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.110743.



CHEVROLET Lacetti station. Árgerð 2010, ekinn 51 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.800.000. Rnr.990284.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



DÍSEL
LAND ROVER Discovery SE G4 . Árg. 2005, ekinn 141 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000.lán 3.100.000 Skoðar skipti Rnr.135602.



MMC Montero xls. Árgerð 2002, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.350.000. Rnr.105651.



bifreidar.is
Réttarháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 577 4777
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.
http://www.bifreidar.is



TOYOTA Yaris sol dísel. Árgerð 2008, ekinn 94 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.112868.



AUDI Q7 quattro s line dísel. Árgerð 2007, ekinn 90 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. ÁSETT VERÐ 7.190 SÉRTILBOÐS VERÐ 6.490.000. Rnr.310683.




KIA Sorento ex classic 2,2 197hó dísel. Árgerð 2011, ekinn 16 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.LístaVerð 6.890 SÉRTILBOÐSVerð 5.990.000. Rnr.218544.



TOYOTA Land cruiser 120. Árgerð 2004, ekinn 250 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.8 manna Verð 2.980.000. besta verð í þænum Rnr.218793.



BMW F800gs. Árgerð 2012, ekinn 7 Þ.KM, bensín, 6 girar.Töskur og fl Verð 2.990.000. Rnr.113024.



Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
Opíð til kl. 21 á fimmtudögum.
www.nyja.is



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED, Árg 2/2007, ekinn 93 Þ.KM, Með öllum aukabúnaði, lítur mjög vel út, Ásett verð 7.950þ.kr Rnr.116686. Er á staðnum,




100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.
www.100bilar.is



MMC MONTERO LTD. Árgerð 2003, ekinn 115 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7MANNA.Ný tímæreim Ný smurður Tilboðsverð 1.590P Rnr.122923



Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn
www.hofdabilar.is



10 MANNA 4X4 100% LÁN
Caravelle Syncro 4x4 árg. ,98, ek. 330 þús. Nýsko. ,14, álfelgur og krókur Verð 790 þús. en TILBOÐ 539 þús, möguleiki á 100% vísa/euro láni. S. 693-5053.



TOYOTA Corolla. Nýskr. 04/07, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000 Tilboðsverð 1.490.000. Rnr.200810.



EDALVAGN VOLVO XC 90 Einn með öllu. Árg.05. Keyrður 63.000 km. Verð 3600 þ. staðgr. Leifur 896 1498.



NISSAN X-Trail Dísel. Nýskr. 04/03, ekinn 209 Þ.KM, dísel, 6 girar. Verð 950.000 TILBOÐSVERÐ 650.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt Rnr.151618.



VW Touran Metan. Nýskr. 06/08, ekinn 94 Þ.KM, metan, 5 girar. Verð 2.320.000 TILBOÐSVERÐ 1.690.000. Rnr.141324.




CITROEN C5. Nýskr. 04/03, ekinn 104 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 790.000 TILBOÐSVERÐ 590.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt Rnr.151645.



KIA Sorento EX. Nýskr. 06/05, ekinn 155 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000 Tilboðsverð 990.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt Rnr.151224.



MMC Outlander Comfort. Nýskr. 09/05, ekinn 147 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.280.000 Tilboðsverð 790.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt Rnr.190655.



TOYOTA Tucson. Nýskr. 04/07, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000 Tilboðsverð 1.490.000. Rnr.200810.



Breiðhöfða og Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

250-499 þús.



WV Bora 99 árg 1,6 vél beinsk ek. 195 þús, ný tímareim, álfelgur, vetrardekk toppbíl. Verð 395 þús. Gsm 868 2352

Bílar óskast

!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL

Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækiþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Lyftarar



KÖRFUBÍLALEIGA

Ódýr og góð þjónusta. Ný vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

Varahlutir

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurriffs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hf. S. 534 1045.

SMÁPARTAR.IS

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. '97 til '02, Skoda Octavía árg. '00 til '07, Honda CR-V árg. '05-W Polo '07 Passat '01, Suzuki Baleno árg. '00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Ópið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavía árg. '03, Skoda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

AB - PÚST

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 & 699 6069.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Gardyrkja



Bókhald



Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAMEISTARI

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Tek að mér alla málningarvinnu, tilboð eða tímavinna. Björn Axelsson, löggiltur málarameisteri. S. 896 4824 eða malarameistarar@simnet.is

REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VIÐHÁLD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrvíðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pipulagnir
- raflagnir
- flisalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.

- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is

Tölvur



APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

Spáðómar

908 1888

Spásími Daddýar alla daga aðeins frá kl. 16-21. 250 kr. mín.

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211

KÆRLEIKS-LJÓSID
Spásími Tarot lestur og kristalkúla

Visa 566 7311 euro

Tímappantanir í síma 869 4650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverkfræðingur

www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

ÖRYGGISSKÁPAR

SecureLine


Öryggisskáp fyrir heimili og fyrirtæki

OPTIMA
Virlandsleið 6-8 - S: 588 9000 www.optima.is

Öryggis- og peningaskápar 25% afsláttur á meðan birgðir endast.



Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 8687204.



LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR
Allir saltkrístalslamar nú á 20% afslætti. Ditto, Smíðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Ópið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI

Þvottavélar, ísskápar, frystiskápar, þurrkara 10 KG, barkalausir þurrkara, uppþvottavélar, S. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnettsstig 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörungur gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is


Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL!

Ég, Magnús Steinhórsson gullsmíðameistari, kaupí gull, gull peninga og gull skartgrip. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leititil til fagmanns og fáit góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA

SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hj. Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Verslun



WWW.HUSH.IS

We-Vibe er unaðstæki ársins 2012. Ný sending komin. Sendum um allt land. Pantaðu strax fyrir Bónadaginn.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

TAKTU ÁKVÖRDUN NÚNA.

Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskysla.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólög 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

NUDD OG HEILSA

FÓTAADGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Ópið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímappantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Þjónusta



Brennann heilun frá Heilunarskóla Barböru Brennann. Sjá Ljósheimar. í (Ásta) astabbald@hotmail.com S: 896 3254

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

21 fm bílskúr (ekki íbúð) til leigu í Ugluhólum, 111 Rvk V. 30 þús. S. 694 7607

Húsnæði óskast



CCP ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐ

CCP óskar eftir að leigja 4-5 herb. íbúð eða hús frá 15.feb - 15. júní (dagsetningar gætu breyst ítillega). Staðsetning þarf að vera í 101, 107 eða 170. Íbúðin/ húsið þarf að vera fullbúin húsgögnum, með þvottavél og þurrkara, aðgangi að interneti og vera snyrtileg, rúmgöð og vel umgengin.

Nánari upplýsingar gefur Signý Heiða, signy@ccpgames.com

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhúsið, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Oliver's 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39

Verð frá 1050 dkr/nóttin

Þ. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

stracta

ATVINNA

Atvinna í boði

BERGSSON MATHÚS

Auglýsir eftir framreiðslufólki/ starfsfólki í sal. Um fullt starf í vaktavinnu er að ræða sem og hlutastarf. Einnig auglýsum við lausa stöðu veitingastjóra í fullt starf.

Tekið er á móti umsóknum á valdis@bergsson.is eða í s.5711822

Afgreiðslumaður óskast í verkfæraaverslun. 25-35 ára. Heilsuhraustur og áreiðanlegur. Umsóknir sendist á: vl@simnet.is

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafði störf nú þegar.

Starfsmannabjónustan S. 661 7000.

TILKYNNINGAR

Einkamál

45 ÁRA ÍSLENZK
kona með mikla reynslu leitar tilbreytingar. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8498.

Harvard gefur orkurit um Ísland eftir Höllu Hrund út á heimsvísu

Rit Höllu Hrundar Logadóttur um orkumál á Íslandi hefur verið kennt við Harvard í tvö ár. Það var nýlega gefið út og verður selt um heim allan. Halla segist ánægð með að fá að sinna áhugamáli sínu með þessum hætti.

ÚTGÁFA

Porgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Framtíð og möguleikar íslenskrar orkuframleiðslu vekja áhuga víða um heim, meðal annars í æðstu menntastofnunum eins og Harvard í Bandaríkjunum.

Þar hefur rit um Ísland og orkumál eftir Höllu Hrund Logadóttur, forstöðumann alþjóðapróunar hjá Háskólanum í Reykjavík (HR), verið notað í kennslu á meistara- stigi í Harvard síðustu tvö ár. Ritnið gerði hún í samvinnu við Henry Lee, sem er framkvæmdastjóri umhverfis- og orkumálbrautar Harvard Kennedy School.

Nú er upphæfð þeirra enn að aukast þar sem Harvard Business Publishing hefur nýlega gefið ritið formlega út sem þýðir að það er selt sem námsefni til háskóla um heim allan.

„Þetta er svokallað „case study“ um orku- og umhverfisstefnu Íslands,“ segir Halla Hrund í samtali við Markaðinn. „Við í HR höfum lagt mikla áherslu á að hvetja okkar starfsfólk til samstarfs við fræðifólk erlendis og þetta verkefni er hluti af því. Þetta hófst þannig að Harvard hafði mikinn áhuga á að miðla efni á þessu sviði. Ég hafði verið nemandi þar áður og síðar unnið fyrir þau sem ráðgjafi. Efninu vann ég með því að taka viðtöl við flestalla þá aðila sem koma að stefnumótun um þessi mál, meðal annars iðnaðarráðherra, umhverfisráðherra, forstjóra orkufyrirtækja, náttúruverndarsinna og fleiri. Úr þessu varð til rit þar sem fjallað er um þessi málefni án þess að taka afstöðu til þeirra. Nemendurnir nota efnið svo til að greina ólíkar leiðir og hvað þeir myndu

gera ef þeir væru í sporum þeirra sem kæmu að stefnumótun.“

Eins og áður segir, hefur ritið verið notað í tvö ár og vakið talsverða lukku og nú er komið að næstu skrefum.

„Það eru þúsundir skóla um allan heim sem eru að kenna í þessu formi og nota kennslufni frá Harvard, þannig að það verður spennandi að sjá hversu víða þetta fer. Annars er svo skemmtilegt að margir af þeim nemendum sem kynnast Íslandi í gegnum þetta rit okkar eru leiðtogar framtíðarinnar, og það sem fólk lærir á námsárunum mun fylgja þeim áfram í lífinu. Það þekki ég persónulega frá mínum námsferli.“

Halla Hrund segir þetta verkefni hafa verið afar spennandi vegferð, sem virðist hreint ekki vera lokið þar sem hún og Lee séu að vinna að frekari skrifum.

„Umfjöllunarefnið verður svipað en þetta nýja efni verður sennilega í greinaformi. Það er annars mikill áhugi um allan heim á þessum málum sem tengjast umhverfi og orku og margar þjóðir sem hafa á að skipa svipuðum auðlindum, hafa horft mikið til Íslands með okkar reynslu og þekkingu. Hér heima erum við svo með mörg spennandi verkefni, til dæmis erum við hjá HR með sérstakt meistaranám í orkumálum í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir og Orkuveitu Reykjavíkur. Umhverfis- og orkumál eru almennt mjög spennandi geiri og ég hvet allt ungt fólk sem hefur áhuga, til að kynna sér það betur. Þetta snertir líka önnur svið, eins og viðskipti, lögfræði, tæknigreinar og stefnumótunarnám. Það er alveg óþarfi að einblína á eitthvað karp hér heima, því að í viðara samhengi eru orku-



BRENNANDI ÁHUGI Á ORKUMÁLUM Halla Hrund Logadóttir skrifaði rit um orkumál sem hefur verið notað við kennslu í Harvard síðustu ár og verður nú selt til háskóla um heim allan. Halla Hrund segir ánægjulegt að fá að vinna að áhugamáli sínu með þessum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og umhverfismál miklu verðmætari en svo.“

Spurð hvort útgáfan skili sér í fjárhagslegum ávinningi, segir Halla Hrund að það sé alls ekki tilgangur útgáfunnar.

„Þetta snýst fyrst og fremst um það að ég hef brennandi áhuga á þessum málaflokki og finnst afar ánægjulegt að fá tækifæri til að vinna með því fólk sem stendur fremst á þessu sviði.“

STARFSEMI UM HEIM ALLAN

Harvard Business Publishing (HBP) er dótturfyrirtæki Harvard-háskóla og sér um útgáfu fyrir skólann. HBP var stofnað 1994 og er svokallað „non-profit“ fyrirtæki. Um 350 manns vinna fyrir HBP í starfsstöðvum víða um heim.

Meðal þess sem HBP gefur út er Harvard Business Review, en auk þess stendur það fyrir ýmiss konar ráðstefnum og námskeiðum.



Bakkavararbræður hafa aukið við skuldabréfaútgáfu:

Búnir að koma með rúma fjóra milljarða króna til landsins

VIÐSKIPTI

Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Félög í eigu Ágústs og Lýðs Guðmundssonar höfðu komið með á fimmta milljarð króna í gegnum fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands í lok síðasta árs. Heimild er til að auka skuldabréfaútgáfu sem þeir nýta í viðskiptin um einn milljarð króna til viðbótar. Þegar farið er með fé í gegnum fjárfestingaleiðina fæst um 20 prósentu afsláttur á íslenskum krónum sem nýttar eru til að kaupa íslenskar eignir. Félag í eigu bræðranna hafa fengið mörg hundruð milljóna króna virðisaukningu á það fé sem þeir hafa komið með inn í landið með þessum hætti.

Í maí 2012 gaf Korkur Invest, félag í eigu Ágústs og Lýðs, út skuldabréf fyrir 1,5 milljarða króna, í ágúst sama ár hafði félagið gefið út skuldabréf fyrir alls þrjú milljarða króna, samkvæmt tilkynningu til fyrirtækjaskráar. Félagið hafði þá heimild til að gefa út bréf fyrir milljarð króna til viðbótar. Í desember síðastliðnum var síðan send inn tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins.

HAFNA KEPT FYRIR ÁTTA MILLJARÐA

Fjárfestingaleiðin, sem á að flyta fyrir afnámi gjaldþyrifafta, virkar þannig að ef fjárfestar skuldbinda sig til að koma með helming þeirra upphæðar sem þeir vilja flytja inn í landið í evrum og skipta henni á því gengi sem er í boði hjá viðskiptabönkum hverju sinni, og eru tilbúnir til að binda fjárfestinguna hérlendis í fimm ár, fá þeir afslátt af hinum helmingi fjárfestingarinnar. Ein leið til þess að koma með fé hingað til lands er að gefa út breytilegt skuldabréf. Í stað þess að greiða af skuldabréfinu fá útgefendur þess einfaldlega hlutafé í kaupandanum sem greiðslu. Slíkt er hentugt þegar eigendur útgefandans og kaupandans eru sömu aðilarnir, líkt og í tilfalli Bakkavararbræðra.

Bræðurnir hafa keypt upp mikið af kröfum á matvælarisann Bakkavör, sem þeir stofnuðu á níunda áratugnum. Þeir höfðu misst stóran eignarhlut við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Í dag eiga þeir um 40 prósentu hlut. Fyrir hann hafa þeir greitt meira en átta milljarða króna.



STÆRSTIR Bræðurnir eru orðnir stærstu einstöku eigendur Bakkavarar á ný eftir uppkaup síðustu mánaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt breytingunni er stjórn Korkur Invest heimilt að hækka hlutafé félagsins til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt „breytanlegu skuldabréfi [...] Heildarfjárhæð skulda-

bréfsins er kr. 5.000.000.000. Heildarfjárhæð útgefin í nóvember 2012 er 4.000.000.000 og er stjórn félagsins heimilt að hækka útgáfuna í allt að kr. 5.000.000.000“. Undir tilkynninguna, sem er dagsett 29. nóvember 2012, ritar Lýður Guðmundsson. Breytilega skuldabréfið er til tíu ára.

Korkur er eitt af tveimur félögum í eigu bræðranna sem hafa komið með umtalsverða fjármuni til Íslands í gegnum fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands. Hitt heitir BV Finance sem kom með 463 milljónir króna til landsins í júlí 2012.

Góðir fyrir bakið!

Veltikollar og hnakkstólar



Sitness
Kr. 39.900,-



Body Balance
Kr. 39.900,-



Bonanza
Kr. 65.900,-
svart leður



Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Greiðslukort að færast inn í símana

Valitor hefur á síðustu árum byggt upp umtalsverða starfsemi í nágrannaríkjum Íslands og er nú svo komið að um helmingur tekna fyrirtækisins kemur erlendis frá. Markaðurinn ræddi við Viðar Þorkelsson, forstjóra Valitors, um umsvif fyrirtækisins og framtíð greiðslukorta sem hann segir líklegt að hverfi brátt inn í snjallsíma.

VIÐTAL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Valitor er stærsta greiðslukortafyrirtæki landsins með um 160 starfsmenn og um tíu milljarða króna veltu á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur hægt og hljótt verið að hasla sér völl erlendis og er nú svo komið að helming tekna fyrirtækisins má rekja til umsvifa erlendis. Markaðurinn ræddi við Viðar Þorkelsson, forstjóra Valitors, um starfsemi félagsins og viðskiptaumhverfi greiðslukortafélaganna á Íslandi.

Það hefur kannski ekki farið mjög hátt en Valitor hefur á síðustu árum byggt upp talsverð umsvif erlendis. Fyrirtækið er til að mynda orðið leiðandi í útgáfu fyrirframgreiddra korta í Evrópu auk þess að sjá kaupmönnum í fjölmörgum löndum fyrir færsluhirðingu í netviðskiptum. Geturðu sagt mér frá ykkar umsvifum erlendis og hvernig þau komu til?

„Frá árinu 2003 höfum við markvisst byggt upp starfsemi erlendis með innri vexti. Við vorum til að mynda eitt fyrsta fyrirtækið í Evrópu til að fá leyfi til þess að bjóða evrópskum kaupmönnum sem stunda viðskipti á netinu upp á greiðsluþjónustu. Við fórum að vísu rólega af stað en það má segja að árið 2007 hafi þessi erlenda starfsemi tekið við sér og hún hefur vaxið hratt síðan. Þar skiptir verulegu máli að fyrir tveimur árum fórum við að skoða útgáfu á fyrirframgreiddum kortum erlendis í samstarfi við Visa í Evrópu sem hefur síðan gengið mjög vel. Á síðasta ári gerðum við nokkra samninga við aðila í Bretlandi, Kanada og Svíþjóð um útgáfu á



VIÐAR ÞORKELSSON Viðar er forstjóri Valitors sem fagnar á árinu 30 ára starfsafmæli. Hjá félaginu starfa 160 en Viðar lýsir fyrirtækinu sem blöndu af tæknifyrirtæki og fjármálfyrirtæki.

slíkum kortum og erum þar að auki með nokkra stóra samninga í burðarlöndum. Þetta er því mjög áhugaverður vaxtarbroddur hjá okkur. Við höfum vegna þessara umsvifa opnað starfsstöð í Kaupmannahöfn og erum að undirbúa opnun skrifstofu í Bretlandi. Starfsemin erlendis er þó að mestu þjónustuð frá Íslandi og þá byggir hún á hugbúnaði sem við höfum þróað hér á landi. Alls starfa því á bilinu fjórutíu til fimmtíu starfsmenn hjá okkur við að þjónusta erlendu starfsmena.“

Hafið þið skoðað kaup á erlendu fyrirtækjum?

„Við höfum enn ekki farið í fyrirtöku á fyrirtækjum heldur kosið að byggja þetta upp frá grunni hér heima. Við höfum þó skoðað tækifæri á fyrirtækjakaupum og erum áfram að skoða slík tækifæri en það liggur í sjálfu sér ekkert fyrir um það í dag. Ef rétta tækifærið býðst þá er auðvitað ekki útilokað að við leggjumst í slíkt.“

Þannig að þið hyggið á frekari landvinninga erlendis?

„Við erum nokkuð stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða en lítið á evrópskan. Til að félagið megi vaxa og dafna sjáum við því fyrir okkur að leita í auknum mæli inn á markaði erlendis. Þar að auki erum við með vörur og þjónustu sem við teljum eiga fullt erindi á stærri markaði. Ég tel líka að okkar heimamarkaður sé mjög góður stökkpallur fyrir landvinninga ytra. Greiðslukort eru meira notuð hér en víðast hvar annars staðar. Á Íslandi eru 80% af öllum færslum framkvæmdar með korti en sambærilegt hlutfall víða erlendis er 20 til 25%. Við erum því mjög framarlega í notkun greiðslukorta sem hefur ákveðinn þjóðhagslegan ávinning varðandi gegnsæi og hagkvæmni. Þá gerir þetta okkur kleift að sækja fram enda er stefnan sú að gera Valitor að öflugum og alþjóðlegu fyrirtæki með veruleg erlend umsvif,

eins og við erum komin vel á veg með. Þannig að það eru spennandi tímar fram undan.“

Valitor hefur á síðustu misserum tekið þátt í þróun greiðslulausna í gegnum snjallsíma. Segðu mér frá þátttöku félagsins í verkefnum tengdum þessu.

„Við erum einmitt núna að undirbúa af krafti mjög áhugavert tilraunaverkefni sem fer af stað á öðrum ársfjórðungi þessa árs. Verkefnið erum við að vinna með Visa í Evrópu og stóru frönsku fyrirtæki sem heitir Oberthur. Þar að auki taka þátt í verkefninu stórir samstarfsaðilar okkar á Íslandi; bankar og sparisjóðir og svo Vodafone og Síminn. Þetta snýst um það að þúsund notendur munu fá tækifæri til að prófa að greiða fyrir vörur og þjónustu með snjallsímum á mjög einfaldan hátt. Við hyggjumst tengja um 600 posa hjá fjölda kaupmanna og þjónustuaðila. Þetta er ekki fyrsta svona verkefnið sem ráðist er í í heiminum en það er sérstakt að því að leyti að hér munu allir viðkomandi aðilar taka þátt; bankar og sparisjóðir, fjarskiptafélögin og smásöluaðilar. Það sem meira er þá lítum við í raun ekki á þetta sem afmarkað verkefni sem svo verður ekki unnið meira með heldur verður þetta í raun fyrsta skrefið í innleiðingu þessa snertilausa greiðsluferfis á landsvísi.“

Hvernig sérðu fyrir þér að þróunin verði í greiðslulausnum á

Framtíðin er væntanlega sú að greiðslukort í plastformi munu heyra sögunni til og fólk mun í staðinn vera með nokkur kort í símanum sem það getur svo valið á milli.

næstu árum og áratugum. Munu greiðslukortin einfaldlega hverfa inn í snjallsímana?

„Símtækið er orðið svo mikill miðpunktur í lífi fólks að mig grunar það. Framtíðin er væntanlega sú að greiðslukort í plastformi munu heyra sögunni til og fólk mun í staðinn vera með nokkur kort í símanum sem það getur svo valið á milli. Aðrar greiðsluleiðir verða auðvitað áfram til en ég held að þessi leið verði sú algengasta og muni sækja mjög í sig veðrið á allra næstu árum.“ Rekstur Valitors hefur gengið nokkuð vel síðustu ár. Rekstrartekjur hafa vaxið úr 6 milljörðum króna árið 2006 í 9,6 milljarða árið 2011 og þá hefur félagið skilað ágætum hagnaði á tímabilinu. Hvað skýrir þennan tekjuvöxt?

„Tekjuvöxturinn er fyrst og fremst til kominn vegna aukinna umsvifa erlendis. Þróunin hér heima hefur verið í ágætu samræmi við það sem almennt hefur verið að gerast í þjóðfélaginu en viðbótin hefur komið erlendis frá í færsluhirðingu og í vaxandi mæli í útgáfu korta. Við erum svo heilt yfir nokkuð ánægð með afkomu ársins 2012 þótt uppgjörinu sé nú reyndar ekki alveg lokið.“

Það má kannski segja að stærsta breytingin sem orðið hefur á greiðslukortumhverfinu á Íslandi síðustu ár, frá neytendum séð, sé Pinnid á minnið sem kynnt var á síðasta ári. Hvernig hafa þau umskipti gengið?

„Þau hafa kannski gengið heldur hægar en við vonuðumst til en þetta hefur verið að taka nokkurn kipp þannig að korthafar eru að verða sífellt meira varir við þessa breytingu. Við teljum að upp úr miðju þessu ári verði allflestir aðilar komnir inn í þetta nýja kerfi og því ætti innleiðingin að halda áfram af fullum krafti næstu mánuði, en nú eru um 50% af kaupmönnum og þjónustuaðilum komnir með posa með örgörva. Af hverju erum við að gera þetta spyrja margir. Jú, það er til þess að auka öryggi fyrir korthafa og kaupmenn.“

NIÐURSTÖÐU AÐ VÆNTA Í SAMKEPPNISMÁLI

Árið 2009 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Valitor vegna rannsóknar á meintri markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins. Síðan hefur lítið frést af rannsókninni. Viðar segir að málið sé enn í vinnslu hjá samkeppnisvöldum en bætir við að hann eigi frekar von á því að niðurstaða málsins fari að skýrast enda hafi það tekið sinn tíma.

„Í þessu samhengi langar mig hins vegar til að benda á að fyrirkomulagið á þessum markaði hefur verið að taka ákveðnum breytingum á síðustu árum sem eru áhugaverðar, ekki síst út frá samkeppnisjónarmiðum. Það er helst tvennt sem kemur þar til. Árið 2009 hófu kortafyrirtækin að nota svokallað „dual“-kerfi sem hafði þá breytingu í för með sér að við, rétt eins og önnur kortafyrirtæki, getum nú safnað saman færslum sem greiddar eru með bæði Visa- og Mastercard-kortum en áður sáum við bara um Visa-kort. Þetta breytti markaðnum mjög mikið og nú er orðin miklu meiri aðgreining milli annars vegar útgáfu korta og hins vegar færsluhirðingar. Í öðru lagi hafa mörg ný fyrirtæki verið að gera sig gildandi í þessum bransa á alþjóðavísu. Ég get nefnt þekkt fyrirtæki eins og Google, Paypal og Facebook sem eru byrjuð að bjóða upp á greiðsluþjónustu og einnig nýsköpunarfyrirtæki eins og Square. Visa og Mastercard hafa sögulega svölitið gnæft yfir öllu á markaðnum en það gæti verið að breytast.“

RV birginn þinn - í skrifstofuvörum

- Ljósritunarprentapappír 500 bl/búnt Verð frá 499 kr.
- Vönduð bréfabindi í miklu úrvali Verð frá 288 kr./stk.
- 12 stk. Trélitir 297 kr.
- Reiknivélar 10 stafa 1.598 kr.

Rekstrarvörur
 - vinna með þér
 Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
 Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
 sala@rv.is • www.rv.is



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



Hin hliðin

ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR

Fyrstu skref frá hugmynd til markaðar

Við höfum eflaust öll fengið milljón dollara hugmynd og það jafnvel oftar en einu sinni. En munurinn á okkur og Mary Kay Ash (Mary Kay Cosmetics) er sá að hún framkvæmdi hugmyndina en við héldum áfram að hugsa. En hvað ef þú vilt láta þína hugmynd verða að veruleika? Hér eru nokkrar spurningar sem gott er að spyrja sig í upphafi.

1. Er einhver sambærileg hugmynd til? Hér er mikilvægt að vera með vel skilgreinda hugmynd svo þú vitir að hverju skal leita.

2. Er markaður fyrir vöruna? Þó að þér og vinum þínum finnist hugmyndin sniðug er ekki þar með sagt að einhver sé tilbúinn til að borga þér fyrir hana. Notaðu töl eins og SurveyMonkey til að gera einfalda markaðskonun áður en lengra er haldið. Það er ókeypis og getur sparad þér tíma og peninga. Hafa ber í huga að þó að fólk svari slíki könnun jákvætt er ekki alltaf fylgni á milli þess sem fólk segist ætla að gera og þess sem það gerir. Besta leiðin til að byrja er að vera kominn með viðskiptavin áður en ráðist er í dýra vöruþróun og markaðssetningu.

3. Hvað kostar að þróa vöruna? Geturðu gert þetta á eigin spýtur eða þarftu fleiri með þér í teymið? Hvaða sérfræðipækkingu þurfa viðkomandi að hafa? Hvað tekur langan tíma að þróa vöruna og hver er fjárförfin þar til tekjustreymið hefst?

4. Hvar ætlaðu að selja vöruna? Hvaða dreifileiðir eru hentugastar, bein sala eða milliliðir? Þetta mun hafa áhrif á verðlagninguna.

5. Hvernig ætlaðu að verðleggja vöruna? Er einhver breytilegur kostnaður sem taka þarf tillit til? Ætlaðu að vera með margfalda verðskrá, t.d. mismunandi afslátt eftir magni/viðskiptatryggð? Hér er gott að horfa til KISS-reglunnar: „Keep it simple, stupid.“

6. Hver er viðskiptavinurinn? Hér er gott að skoða hegðun hans og hvort mögulegt er að nálgast hann beint, til dæmis í gegnum LinkedIn-hópa eða pósthöfund. Fréttabréf í gegnum tölvupóst eru enn mjög sterk og tiltölulega ódýr leið til að byggja upp traust og stofna til sambands við mögulega viðskiptavini. Þetta er aðeins byrjunin, en kemur þér vonandi af stað. Mundu bara að hlusta á innsæið og vera hreinskilinn. Þó að niðurstaðan virðist jákvæð þá getur hún kollvarpast ef hún er byggð á röngum forsendum.

Tækifæri og framtíðarsýn

Ráðstefna Tækniþróunarsjóðs 25.-26. janúar í Ráðhúsi Reykjavíkur

Tækniþróunarsjóður boðar til ráðstefnu þar sem farið er yfir tækifæri sem sjóðurinn býður upp á, rætt um breytingar og framtíðarsýn sjóðsins, auk þess sem nokkur fyrirtæki, sem fengið hafa styrk úr sjóðnum, munu kynna sig og verkefni sín.

Allir áhugasamir um nýsköpun velkomnir!

► Föstudagur 25. janúar:

- 16:00** Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra opnar ráðstefnuna
- 16:15** Hilmar Veigar Pétursson, formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs og forstjóri CCP
- 16:30** Örkynningar nokkurra fyrirtækja sem fengið hafa styrk úr Tækniþróunarsjóði
- 17:00** Móttaka og tónlistartriði fyrir ráðstefnugesti

► Laugardagur 26. janúar:

Ráðstefnan opin 10:00-16:00

Eftirfarandi fyrirtæki, verkefni og stuðningsaðilar nýsköpunar verða á staðnum kl.10:00 - 16:00:

- Controlant ehf
- Erki-tónlist ehf
- Flygildi ehf
- KERECIS ehf
- Kúla - uppfinningar ehf
- MintSolutions ehf
- Rain Dear ehf
- Sæbýli ehf
- Þríhöfði ehf
- Innovit
- Klak
- Matís
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Arion banki
- Landsbankinn

Kynningar og pallborðsumræður:

- 10:30** **Stuðningsumhverfi nýsköpunar og nýliðun**
Stjórnandi: Hilmir Ingi Jónsson framkvæmdastjóri Remake Electric
- 12:00** **Tenging við atvinnulífið**
Stjórnandi: Bryndís Skúladóttir frá Samtökum iðnaðarins
- 13:30** **Tækniþróunarsjóður - nýjar áherslur og framtíðarsýn**
Sigurður Björnsson sviðsstjóri hjá Rannís



DEH-1500UB



4x50 W MOSFET magnari · Útvarp með 24 stöðva minni · Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW · AUX og USB tengi á framhlið · Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri · EQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
Verð: 19.900,- kr.

DEH-3400UB



4x50W Mosfet magnari · Útvarp með 24 Stöva minni (FM, AM) · Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB · iPod í gegnum USB (spúra fylgja ekki) (CA-IW.51) · AUX og USB inngangar að framan · Texti á skjá: Multi-Colour (getur valið lit) · Takkar: Multi-Colour (getur valið lit).
Verð: 28.900,- kr. // **TILBOÐSVERÐ: 22.900,- kr.**

DEH-6400BT



4x50 Mosfet magnari · Útvarp m. 24 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA WAV · USB að aftan og Aux-in að framan · Hleður og spilar af iPod · Multi-Colour skjár og takkar · Bluetooth - Hægt að streyma tónlist þráðlaust frá öðrum tækjum.
Verð: 44.900,- kr. // **TILBOÐSVERÐ: 34.900,- kr.**

Pioneer
HLJÓMTEKI


HEIMSKLASSA
HLJÓMFLUTNINGUR

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
VERSLANIR UM LAND ALLT
www.ormsson.is

S A F T

**KOMDU UPPLÝSINGUM UM ÞAÐ SEM ÞÚ
TELUR ÓLÖGLEG TEFNI Á NETINU TIL
RÉTTTRA YFIRVALDA**



www.saft.is



MELABRAUT

130 fm efri sérhæð
3-4 góð svefnherbergi.
Dren, skólp, gluggar og gler
nýlega endurnýjað
Laust strax
Allar nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason Söluumaður
822 2307 olafur@miklaborg.is

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason
Sölufulltrúi
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **38.5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

HÖFUÐBORG Kristján Ólafsson hdl. Lögg. fasteignasali 414-4488
Heimir Bergmann Sölufulltrúi 822-3600



54,5
m² 222 | 4 skúr

Grænlandsleið 3 · 113 RVK

Mjög vel staðsett parhús á tveimur hæðum, 192,3fm ásamt bílskúr 30,0 fm, alls 222,3fm. Stór sólpallur. Um er að ræða virkilega fallegt og vandað hús, allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá Axis, öll lýsing er frá Lúmax, Innihurðir eru Ringó hurðir frá Agli Árnasyni, parket frá Agli Árnasyni, flísar frá Flísabúðinni, granít er á öllum borðum.

Opið hús mið 23. jan kl 17:30 - 18:00

Höfuðborg fasteignamiðlun · Hlíðasmára 2, 4. hæð · 414-4488

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU**

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Sankvænt prentmiðlökunur. Capacent Gallup nóv.-sept. 2012

Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Til leigu · Hólmaslóð 8, 101 Rvk.



Um 980 fm. skrifstofuhúsnæði á 2. hæð sem skiptist í tvö stór opin vinnurými, nokkur fundarherbergi, tvær kaffistofur og snyrtingar. Hægt er að skipta húsnæðinu niður í smærri einingar eða um 580 fm. einingu og um 400 fm. einingu auk sameignar. Vsk. húsnæði. Hagstætt leiguverð. Laust strax!

Hólmaslóð 10, 101 Rvk.



225 m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð sem skiptist í opið vinnurými, lokaða skrifstofu, stórt fundarherbergi og snyrtingu. Dúkur á gólfum og lagnastokkar með veggjum. Vsk. húsnæði. Laust strax!

Allar nánari upplýsingar veitir
Helgi Már Karlsson, löggiltur fasteignasali í s. 897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is

534 1020
www.atvinnueignir.is



LAUGARDAGSKAFFIÐ
MEÐ ATLA FANNARI OG HÁUK MORDINGJA

SVART OG SYKURLAUST
KL. 15 - 17



Vissir þú að...
BÖRN EIGA RÉTT Á
VERND GEGN OFBELDNI?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Haustakur 2
210 Garðabær
Sérlega glæsileg eign

Stærð: 138,9 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2006
Fasteignamat: 30.200.000

RE/MAX Lind

Hannes Sölufulltrúi 699 5008 hannes@remax.is

Kristján Hauks. Sölufulltrúi 6961122 kristjan@remax.is

Þórarinn Jónsson Lögg. fast. hdl. 5107900 thorarinn@remax.is

Miðvikudaginn 23. Jan milli kl. 17-17.30 Verð: 42.900.000

Mjög fallega og vandaða enda íbúð á neðri hæð í litlu tveggja hæða fjölbýli með sérinngangi. Vandaðar innréttingar fallegt eikarparket, granít borðplötur.
Kristján og Hannes taka á móti gestum. Allir velkomnir.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**GEFÐU
VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN ÁRNADÓTTIR
Únna,

Ljósheimum 6, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 20. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknardeildina í Kópavogi.



Árni Guðni Einarsson
Böðvar Einarsson
Ellert Valur Einarsson
Guðjón Magni Einarsson
Hjördís Einaradóttir
Elín Einaradóttir
Jón Páll Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Rannveig María Jóhannesdóttir
Guðbjörg Halldórsdóttir
Þórunn Alfreðsdóttir
Sif Guðmundsdóttir
Ólafur Bjarnason
Jóhann Helgason
Tina Jepsen



Kæru vinir og vandamenn, hjartans þakkið fyrir samúðarkveðjur og samverustund við útför konu minnar, mömmu, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

SÆUNNAR S. GUÐJÓNSDÓTTUR.

Einnig sendum við þakkið til krabbameinsdeildar Landspítalans, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Kvenfélagsins Fjólu.



Reynir Brynjólfsson
og fjölskylda



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BJÖRG JÓNÍNA KRISTJÁNSDÓTTIR
frá Hemru í Skaftártungu,

sem lést í Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili í Borgarnesi, miðvikudaginn 16. janúar, verður jarðsöngin frá Grafarkirkju í Skaftártungu laugardaginn 26. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.



Brynrún Bára Guðjónsdóttir
Katrín Sigrún Guðjónsdóttir
Kristín Guðjónsdóttir
Þórir Páll Guðjónsson
ömmu- og langömmubörn.

Rúnar Viktorsson
Helga Karlsdóttir



Okkar ástkæri,

ERLENDUR FRANKLÍNSSON
Óðinsvéum, Danmörku,

lést þann 13. janúar 2013. Útför hans verður auglýst síðar.



Aníta Rut Erlendsdóttir
Alex Nói Erlendsson
Agnes Klara Ingadóttir
Margrét Elín Sigurðardóttir
Ingibjörg Erlendsdóttir og systkini hins látna



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

KARL SÆVAR BALDVINSSON
Suðurgötu 23a, Keflavík,

lést á heimili sínu 8. janúar 2013. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.



Nanna Soffía Karlsdóttir
Unnur Margrét Karlsdóttir
tengdasynir, barnabörn og Nanna Soffía Pálsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HELGA ÞURÍÐUR DANIELSDÓTTIR

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 17. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskapellu þann 5. febrúar kl. 15.00.



Gustav Einarsson
Sonja Einaradóttir
börn og barnabörn.

Sigríður Guðlaugsdóttir
Kenneth Sturesson

Markþjálfar kynna starf sitt

Markþjálfunardagur verður haldinn á morgun. Þar verða flutt mörg erindi um starf og stefnu markþjálfara og stendur dagskrá yfir frá 8.30 í fyrramálið til 19 annað kvöld.

Markþjálfun gengur í grunninn út á það að fólk upplifi meiri farsæld í lífi og starfi,“ segir María Lovísa Árnadóttir markþjálfari þegar hún er beðin um að útskýra í stuttu máli hvað markþjálfun sé. „Þetta er ákveðin stefnumótunarvinna sem fólk vinnur fyrir líf sitt og starf. Þjálfunin fer fram sem samtalsmeðferð með öllum spurningum og er í raun aðstoð við að koma auga á tækifæri, skerpa fókus og stefnu og skipuleggja hugann.“

María Lovísa er stjórnendamarkeþjálfari og vinnur með eigendum fyrir-tækja eða þeim sem bera ábyrgð á að byggja þau upp. Hún segir þjálfunina þó einnig henta þeim sem vilja byggja upp eigið líf og efla sambönd og samskipti. „Markþjálfun er ört vaxandi grein um allan heim og erlendis er algengara að fólk sé spurt hvaða markþjálfari það hafi heldur en hvort það sé með markþjálfara,“ segir hún.

Markþjálfafélag Íslands var stofnað árið 2006 og að sögn Maríu Lovísu eru nú hátt í fjörutíu markþjálfar starfandi hérlendis. Markþjálfunardagurinn



STJÓRN FÉLAGSINS María Lovísa Árnadóttir markþjálfari ásamt Jóni Bjarna Bjarnasyni, Lindu Baldvinsdóttur, Vigdís Guðmundsdóttur, Helgu Jóhannu Oddsdóttur, og Steinunni Hall, en þau mynda stjórn Markþjálfafélags Íslands.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

á morgun er hugsaður sem kynning á starfsemi þeirra og fluttur verður fjöldi erinda þar sem starf markþjálfans er skoðað frá ýmsum hliðum.

Miðar eru seldir á midi.is og allar upplýsingar um dagskrá er að finna á heimasíðu félagsins markthjalfun.is.

-fsb



Innilegar þakkið til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

HELGU ÞÓRÐARDÓTTUR
Grenigrund 40, Selfossi.

Sérstakar þakkið fær starfsfólk Dvalar- og hjúkrunarheimilisins á Kumberavogi.



Eygló Jóna Gunnarsdóttir
Ásta María Gunnarsdóttir
Oddrún Svala Gunnarsdóttir
Símon Ingi Gunnarsson
Gunnar Óðinn Gunnarsson
Erla Bára Gunnarsdóttir
Trausti Viðar Gunnarsson
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Ingvar Daniel Eiríksson
Sveinn Aðalbergsson
Stefán Jónsson
Kolfinna Sigtryggsdóttir
Gyða Steindórsdóttir
Magnús Þorsteinsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍN ÞÓRDÍS ÞÓRHALLSDÓTTIR
Sólheimum 23, Reykjavík,
áður húsfreyja á Melum í Hrutafirði,

verður jarðsöngin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 24. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarstofnanir.



Elsa Jónasdóttir
Ína Halldóra Jónasdóttir
Þóra Jónasdóttir
Birna Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Guðjónsson
Eggert Sveinn Jónsson
Gunnar Friðgeir Vignisson



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓHANNA KRISTINSDÓTTIR
Miðtúni 2, Keflavík,

lést hinn 21. janúar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.



Jakob Árnason
Ísleifur Árni Jakobsson
Guðrún Sigríður Jakobsdóttir
Kristinn Þór Jakobsson
Ásdís Yr Jakobsdóttir
Sigrún Björk Jakobsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Laufey Hrönn Þorsteinsdóttir
Gunnar I. Baldvinsson
Ólöf K. Sveinsdóttir
Valur B. Kristinsson
Jón Björnsson



Ástkær móðir okkar og amma,

LINDA GUÐRÚN LILJA
GUÐBRANDSDÓTTIR
Aðalbraut 4, Drangnesi,

lést í faðmi dóttur sinnar 18. janúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 28. janúar kl. 13.00.



Berglind Björk Bjarkadóttir
Guðbrandur Máni Filippusson
Kolbrún Lilja Jónsdóttir



GUÐMUNDUR JÓNSSON
Þorsteinsgötu 11, Borgarnesi,

andaðist í Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnesi, föstudaginn 18. janúar. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju mánudaginn 28. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnst hans er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.



Aðstandendur.



Faðir okkar og bróðir,
JÓHANN JÓNSSON
Hátúni 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 17. janúar sl. Jarðarförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði 25. janúar kl. 15.00.



Heimir Andri Jóhannsson
Ingvar Jóhannsson
Kristján Jónsson
Einar Jónsson og fjölskyldur.



Aðstandendur þakka öllum sem auðsýndu samúð og vinarhug vegna andláts

JÓHÖNNU GÍSLADÓTTUR
Skúlagötu 40b,

sem lést þriðjudaginn 1. janúar 2013. Sérstakar þakkið eru færðar starfsfólki á Droplaugarstöðum fyrir frábæra umönnun.



Ólafur Guðjónsson
Gísli Ólafsson
Viðar Ólafsson
Þórunn Ólafsdóttir
Sveinn Ingi Ólafsson
og fjölskyldur.

Elisabeth Solveig Pétursdóttir
Birna Björnsdóttir
Gyða Þórðardóttir



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
GUNNAR ÞORSTEINSSON
véistjóri,

lést laugardaginn 5. janúar á Hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Starfsfólki á deild V3 á Grund eru færðar bestu þakkið fyrir alúð og góða umönnun. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
Ögmundur Gunnarsson
Gunnar Frey Gunnarsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Rannveig Stefánsdóttir





Nú er Tímaflakk
orðið að veruleika
í Sjónvarpi Símans

Sjónvarp Símans
Þú getur farið til baka
í sjónvarpsdagskránni

Ekki örvænta þótt þú missir af upphaldspættinum þínum.
Við breyttum fjarstýringunni nefnilega í tímavél svo að þú getir valið
dagskrárlíði á völdum stöðvum allt að sólarhring aftur í tímann.

**Komdu í næstu verslun okkar og fáðu þér Sjónvarp Símans
fyrir aðeins 1.490 kr. á mánuði.**

Nánar á siminn.is

1. Veldu stöð  2. Ýttu á 
3. Veldu dagskrárlíði 
4. Flakkaðu aftur í tímann! 

Síminn 

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. merki, 6. frá, 8. mælieining, 9. nægilegt, 11. tala, 12. lítið glas, 14. niðurfelling, 16. borðaði, 17. spendýr, 18. draup, 20. stöðug hreyfing, 21. engi.

LÓDRÉTT

1. djæf, 3. hljóm, 4. fugl, 5. angan, 7. skóhljóð, 10. gifti, 13. líða vel, 15. sigta, 16. árkvísli, 19. mun.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. kódi, 6. af, 8. mól, 9. nóg, 11. mmm, 12. stauþ, 14. arfnám, 16. át, 17. aþl, 18. lak, 20. ið, 21. akur.
LÓDRÉTT: 1. dans, 3. óm, 4. dómþápl, 5. ilm, 7. fótatak, 10. gaf, 13. una, 15. miða, 16. ála, 19. ku.

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR
ritstýra á Séd og heyr

★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUM OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL“
FRÉTTABLAÐIÐ

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU

BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINDÓTTIR

Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á mid.is
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

Föstudaginn 25. jan. Uppsel
Föstudagurinn 1. feb. Uppsel
Föstudagurinn 8. feb. Uppsel
Fimmtudagurinn 14. feb. Uppsel
Föstudagurinn 15. feb. Uppsel
Laugardagurinn 23. feb. kl 20:00
Sunnudagurinn 24. feb. kl 20:00
Fimmtudagurinn 28. feb. kl 20:00
Föstudagurinn 1. mars kl 20:00

finndu okkur á facebook

„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFÆÐ“
DJÖFLÆVJARN

Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR
HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON
MAGNÚS GUDMUNDSSON

mid.is

Harður heimur

BAKPANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég hafði fundið á mér í nokkra daga að þetta myndi koma upp á yfirborðið. Ég kveið því þegar það yrði opinbert. Óttaðist viðbrögðin, umtalið. Þetta þykir ekki gott, afar ósmart raunar og fólk er svo dómhart nú til dags. Ég hef séð það á Facebook. Fólk tekur jafnvel myndir af því sem því mislíkar hjá samferðafólki sínu og setur á netið. Til dæmis af jeppa sem tekur tvö stæði. Ég vona að enginn taki mynd af þessu.



SJÁLFSAGT mætti segja að það geti veitt ákveðið aðhald að birta mynd af jeppanum í stæðunum tveimur, með númeri og öllu, fyrir heiminn að sjá. Kannski hugsar ökumaðurinn sig þá tvisvar um næst. En það er ekki heldur víst að sökudólgurinn sé í öllum tilvikum illa innrættur. Ég þori til dæmis ekki að sverja fyrir það að ég hafi lagt svo illa í stæði að það hafi orðið til óþæginda fyrir aðra. Jafnvel fundið miða undir rúðupurrku með reiðilegum skilaboðum

frá ökumanni sem ekki gat opnað dyr. Þá skammaðist ég mín.

Ég hef séð mynd af manni, sem ég þekki ekki neitt, sofandi á stigapalli sem nágrenni hans hafði smelt á Facebook, orðinn þreyttur á næturbrólti granna síns og ónæði sem því fylgdi. Enda partíhávaði afar þreytandi fyrir þá sem ekki eru gestir í því partíi. Ekki að ég hafi sjálf endilega sofnað á stigapalli nágrenna míns en gæti þó hafa fengið reiðilegt bank á hurð frá vansvefta granna þegar gleðin var við völd hjá mínum gestum. Þá skammaðist ég mín.

Í dag látum við okkur ekki nægja ávitur á bréfmíða til ótillitssamra né ávitur á náttbuxum. Við hefnum okkar með mynd og vonumst eftir harkalegum athugasemdum þeirra sem hana sjá. Kannski mannlegt þegar illa liggur á okkur. Þó ég hafi sjálf ekki birt meinfýsna mynd á vefnum gæti ég hafa skrifað meinfýsna athugasemd um eitthvað sem mér mislíkaði. Þá skammaðist ég mín.

ÆTLI myndbirtingar sem þessar hafi ekki áhrif. Allavega er nú svo komið að ég kvíði dómi samfélagsins á nokkru sem ekkert er við að gera. Myndbirting yrði ekki til að veita neitt aðhald, heldur bara til að gera að mér grín. Ég vona að bólan verði farin á morgun.

MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli

Áttu það til að láta þig dreyma um aðrar konur?
Aðrar konur?
Já?
Þú meinar eins og – þegar tvær flugfreyjur sitja á barnum og eru einmana! Þær koma til mín og byrja að spjalla. Ég lít út fyrir að vera stressaður og þær fara með mig upp á hótélherbergi til að fá mig til að slappa af!
Svo kemur í ljós að þær geta ekki annað en elskað líkama minn! Og hvor aðra! Þær gefa mér flugstjórahúfu og leyfa mér að stjórna ferðinni! Það verður ágætis ferð! Ertu að tala um svoleiðis drauma?
Já?
Nei!

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Palli, ég ber að minnsta kosti svona marga diska út úr herberginu þínu á hverjum laugardeg!
Vái!
Þetta er óásættanlegt!
Ég er fullkomlega sammála.
Myndi það hjálpa ef þú kæmir líka á miðvikudögum?

HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes

Hvaða hæfniskilyrði uppfyllir þú, önnur en „pabbi á fyrirtækið“?

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Mamma, mig langar að kynna þig fyrir einni.
Edda.
Þetta er stelpa sem kemur alltaf með bollur með rjama í skólann.
Halló, uuu...
„stelpa sem kemur alltaf með bollur með rjama í skólann!“
Ég man nöfn illa en ég gleymi aldrei eftirrétti.

Myllu heilkornabollur

LÍFSKORN

Heilt hveitikorn & rúgur




Heilkornabollur eru sneisafullar af trefjum og heilkorni og með lágt hlutfall af mettaðri fitu.

Heilkorn

Kím
Næring fyrir fræið, inniheldur andoxunarefni, E-vítamín og B-vítamín

Fræhvíta
Orkugjafi, inniheldur kolvetni og prótein

Klið
Ytri skel sem ver fræið, inniheldur trefjar, B-vítamín og steinefni



Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörnum í sínum flokki.

Fáðu orku fyrir annríki dagsins

Prófaðu Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni

Lífskorn heilkornabollur frá Myllunni eru trefjaríkar og innihalda hátt hlutfall heilkorns. Fáðu þér bragðgóðar heilkornabollur sem eru frábærar með rjúkandi morgunkaffinu eða sem síðdegishressing. Hafðu það einfalt og þægilegt, fáðu þér Lífskorn heilkornabollur.

Með heilkornabollum Myllunnar seturðu hollustuna í forgang. Bollurnar eru ríkar af próteinum og innihalda B-vítamín og steinefni sem eru líkamanum nauðsynleg. Mundu eftir Heilkornabollum Myllunnar sem eru hollar og bragðgóðar og veita þér kraft til að takast á við verkefni dagsins.




Skóðuðu Lífskornabollur á myllan.is



Kynntu þér heilsustefnu Myllunnar



Taktu þátt í umræðunni á Facebook





PÓRARINN LEIFSSON Bókasafn ömmu Huldar kemur út á Ítalíu.

Bókasafnið til Ítalíu

Ítalska forlagið Salani hefur tryggt sér útgáfuréttinn á Bókasafni ömmu Huldar, barnabók Pórarins Leifssonar. Salani er rótróðið barnabókaforlag í heimalandi sínu og er með á mála höfunda á borð við J.K. Rowling, Roald Dahl, Philip Pullman, Astrid Lindgren, Tove Jansson, Terry Pratchett og fleiri. Alls hafa þá fimm erlend forlög tryggt sér réttinn á bókinni en áður hafði hún verið seld til Norðs, Danmerkur, Finnlands og Eistlands.

Bókasafn ömmu Huldar kom út árið 2009 og er vísindaskáldsaga fyrir börn. Þar segir frá Albertínu sem býr í bókalausum heimi þar sem Gullbanki ræður ríkjum og fullorðið fólk hverfur spólaust. Dag einn birtist tröllkonan Huld með risastórt bókasafn og hættulega þekkingu og ekkert verður sem fyrr.

Magnús hlaut Ljóðstafinn

Magnús Sigurðsson er handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör í ár. Verðlaunin hlaut hann fyrir ljóðið Tunglsljós sem valið var úr 400 ljóðum sem bárust í keppnina. Magnús varar við tómlæti í garð ljóðlistarinnar.

Magnús Sigurðsson hlaut á mánudag Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóðið Tunglsljós í árlegri ljóðasamkeppni lista- og menningarráðs Kópavogs. Samkeppnin var nú haldin í tólfth sinn en tilgangur hennar er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist.

Verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Salnum á fæðingardeggi Jóns úr Vör, 21. janúar. Á sama tíma voru úrslit kynnt í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs. Þar urðu í þremur efstu sætum þau Ester Hulda Ólafsdóttir, Hörðuvallaskóla, Lára Pálsdóttir, Linda-skóla, og Patrik Snær Kristjánsson úr Hörðuvallaskóla.

Um 400 ljóð bárust í samkeppnina um Ljóðstaf Jóns úr Vör. Ljóðin voru send undir dulnefni og vissi dómnefnd því ekki hver höfundurinn var fyrr en sigurljóðið hafði verið valið.

Magnús hlaut peningaverðlaun og Ljóðstaf Jóns úr Vör, áletraðan með nafni sínu, til varðveislu í eitt ár. Auk þess hlaut hann eignargrip sem Sigmar Maríusson gullsmíður hannaði.

Í ræðu við verðlaunaafhendinguna fagnaði Magnús því að samhliða Ljóðstaf Jóns úr Vör skyldu veitt verðlaun í ljóðasamkeppni grunnskólabarna. Þá gerði hann stóðu ljóðsins að umtalsefni og sagði hana einkennast af tómlæti, bæði á markaði og í opinberri bókmenntaumfjöllun.

„Í æ ríkara mæli hefur hún tekið að stýrast af einsleitni markaðshyggjunnar, með tilheyrandi fljótaskrift og yfir-




MAGNÚS SIGURÐSSON

lýsingagleði í umsögnum blaða og sjónvarps um söluvænlegustu titlana. Með þögninni sem oftast en ekki ríkir um útgáfu nýrra ljóðabóka hafa ljóðskáld og ljóðalesendur að mörgu leyti verið útilokaðir frá íslenskri bókmenntaumræðu. Dæmin frá nýafstaðinni jólavertíð eru fjölmörg,“ sagði Magnús og bætti við að Íslendingar gætu ekki talist sérstök bókmenntaþjóð „ef við skellum skollaeyrum við tungumáli ljóðlistarinnar og tjáningarmöguleikum hennar“.

Magnús Sigurðsson er fæddur árið 1984. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann verið afkastamikill á sviði ljóðlistar, smásagnagerðar og þýðinga. Árið 2007 komu út þýðingar hans á ljóðabálki Ezras Pound, Söngvarnir frá Písa. Í kjölfari fylgdu meðal annars smásagnasafnið Hálmstráin og ljóðabækurnar Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbú og Blindir fiskar, en fyrir þá fyrrnefndu hlaut Magnús Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar. Nú fyrir jóla komu út þýðingar Magnúsar á ljóðum norska ljóðskáldsins Tors Ulven, Steingerð vængjaþör.

Dómnefnd Ljóðstafs Jóns úr Vör í ár skipuðu rithöfundarnir og ljóðskáldin Gerður Kristný og Sindri Freysson, ásamt Gunnþórunni Guðmundsdóttur, bókmenntafræðingi og dósent við Háskóla Íslands. Í umsögn þeirra um verðlaunaljóðið sagði meðal annars að það hefði yfir sér dularfullan og heillandi blæ.

→ Verðlaunaljóð Ljóðstafs Jóns úr Vör



Hjúpur bygginga

útveggir – gluggar – hurðir – þök

Málþing á Grand Hótel Reykjavík

Föstudaginn 25. janúar kl. 09.00 – 16.30

Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri umhverfis- og auðlindamála setur þingið.

Erindi flytja:

Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur NMÍ
Dr. Ing. Ríkhildur Kristjánsson
Guðrún Ingvarsdóttir, arkitekt Búseti
Brynjar Örn Árnason, verkfræðingur hjá Eflu
Sigurður Heimir Sigurðsson, form. Múrarameistarafélags Rvk.
Dr. Ævar Harðarson, arkitekt FAÍ
Dr. Guðni Jóhannesson, orkumálastjóri
Dr. Björn Marteinnsson, arkitekt FAÍ og verkfræðingur VFÍ
Ragnar Pálsson, framkvæmdastjóri
Magnús Sigfússon, byggingafræðingur

Fundarstjóri: Magnús Sædal Svavarsson

Ráðstefnugjald er kr. 5.000 kaffi og hádegisverður innifalinn.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Arkitektafélags Íslands ai@ai.is
sími: 551 1465 eða Verkfræðingafélags Íslands skrifstofa@verktaekni.is
sími 535 9300 fyrir fimmtudaginn 24. janúar.

Móðir mín í kví kví

BÆKUR ★★★★★

Una

Óttar Martin Norðfjörð
SÖGUR

Una er ung kona sem orðið hefur fyrir því áfalli að týna syni sínum í hrauninu á Reykjanesskaga. Eftir mikla leit er hann úrskurðaður látinn en Una neitar að trúa því og heldur áfram að leita. Veruleikaskyni hennar hrakar smám saman og fyrr en varir er hún komin á kaf í gamalt barnshvarf á Vatnsleysuströnd með hjálp að handan. Eða hvað? Er það kannski hennar eigið draumkennda ástand á brún geðveikinnar sem kallar fram þennan hliðarveruleika sem tengist með beinum hætti ritgerðarefni sambýlings hennar um útburð barna á Íslandi? Um það hverfist sagan og lesandinn veit lengi vel ekki hvort hér er verið að lýsa hrúni geðheilsu vegna sorgar eða hvort honum er í raun og veru ætlað að trúa á þennan heim hinna framliðnu.

Það er ekki auðvelt að flokka þessa sögu. Hún er ekki hefðbundin glæpasaga, ekki hrein draugasaga, ekki hrollvekja, ekki saga um geðveiki en þó með element úr öllum þessum greinum bókmenntanna. Það er hið besta mál og gerir söguna óvenjulega og áhugaverða svo langt sem það nær. Vandamálið er bara að sagan gengur ekki upp innan eigin ramma og plöttið er ekki nógu vel útfært.

Það er auðvelt að skilja að kona sem misst hefur barnið sitt sé sturlun nær af sorg. Erfiðara er að setja þá tilfinningu í samband við útburð á börnum og þegar konan úr handanheiminum reynist heita sama nafni og aðalsöguhetjan og synir þeirra hafa báðir heitið Pétur fara að renna á mann tvær grímur. Drap Una son sinn og neitar að horfast í augu við verknaðinn? Er þessi útburðarsaga úr fortíðinni aðferð sjúks huga til að taka ekki ábyrgð á eigin verknaði? Smám saman



kemur þó í ljós að sú lausn gengur ekki heldur upp, sagan trosnar á saumunum, verður ótrúverðug og samsömuminn sem lesandinn hefur fundið fyrir gagnvart Unu rennur út í sandinn. Þegar hún svo í lokin reynist alheilbrigð og kemst í sitt fyrra hugarástand á einum degi er maður farinn að fnæsa af þirringi. Sannarlega illa farið með góða hugmynd.

Sagan er ágætlega byggð og höfundur kann þá list að teyma lesandann áfram í lestrinum með því að afhjúpa hæfilega mikið í einu. Persónusköpunin er lausari í reipnum og í raun nær engin persóna máli nema Una sjálf, hinar eru daufar skuggamyndir sem lesandinn nær engu sambandi við. Stíllinn er dálítið stírdur og gamaldags, upphafinn og allt að því hátíðlegur, sem tónar ágætlega við lýsingarnar frá því í upphafi tuttugustu aldar en er ansi ótrúverðugt í lýsingu á samtölum og hugsunum ungs fólks í dag.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Góð hugmynd og góðir sprettir framan af en missir flugið og dettur í sundur í seinni hlutanum.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Himnesk kórverk, ný íslensk tónlist og sígild stórvirki



JÓNSSON & LEWIS • J.LiS • SÍA

BAKHJARLAR:



MAHLER OG BERNSTEIN

Fim. 24. JAN. » 19:30 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Fös. 25. JAN. » 19:30

Á tónleikunum verða flutt tvö mögnuð verk eftir Bernstein og Mahler og himneskur kórsöngur Hamrahlíðarkóranna lætur engan ósnortinn. Ekki láta ógleymanlega kvöldstund fram hjá þér fara.

Leonard Bernstein *Chichester Psalms*
Gustav Mahler *Sinfónía nr. 1*

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri
Pétur Úlfarsson drengjasópran

TÓNLEIKAKYNNING FIM. 24. JAN » 18:00

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

Fim. 31. JAN. » 19:30

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er vettvangur nýrrar og framsækinnar tónlistar á Íslandi og í ár verða frumflutt þrjú ný tónverk eftir ung íslensk tónskáld. Einnig verður flutt verkið Chevaux-de-frise sem hefur vakið gríðarlega athygli.

Gunnar Andreas Kristinsson
Gangverk englanna (frumflutningur)
Páll Ragnar Pálsson
Nostalgía, fíðlukonsert (frumflutningur)
Davíð Brynjar Franzson
on Sense and Subjectivity (frumflutningur)
Gerald Barry *Chevaux-de-frise*

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Una Sveinbjarnardóttir einleikari

CARMINA BURANA

Fim. 07. FEB. » 19:30 ÖRFÁ SÆTI LAUS

Líklega hefur ekkert klassískt tónverk frá 20. öld notið jafnmikilla vinsælda og Carmina Burana sem nú er flutt af einvaliði söngvara. Tónleikarnir hefjast á göfugum tónum 35. sinfóníu Mozarts, Haffner. Tryggðu þér miða.

W.A. Mozart *Sinfónía nr. 35, Haffner*
Carl Orff *Carmina Burana*

Hermann Bäumer hljómsveitarstjóri
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Einar Clausen
og **Hrólfur Sæmundsson** einsöngvarar
Kór Áskirkju og **Söngsveitin Filharmónía**
Magnús Ragnarsson kórstjóri
Gradualekór Langholtskirkju
Jón Stefánsson kórstjóri



SMÁRABÍÓ 16

FRANSKA KVÍKMYNDAHÁTIÐIN 11. - 24. janúar

OPNUNARMYNDIN

2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

RYÐ OG BEIN

græna ljósið



HÁSKÓLABÍÓ

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

11 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
DJANGO	KL. 4.30 - 8 - 9	16	DJANGO	KL. 5.40 - 9	16
DJANGO LÚXUS	KL. 4.30 - 8	16	THE MASTER	KL. 5.20	14
THE MASTER	KL. 6	14	LIFE OF PI 3D	KL. 6 - 9	10
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 3.30	L	WOLBERG FJÓLSKYLDAN	KL. 5.50 / ÁST KL. 8	L
GODSAGNIRNAR FIMM	KL. 3.50	L	GRÍÐARSTADUR	KL. 8 / RYÐ OG BEIN KL. 10.20	L
THE HOBBIT 3D	KL. 4.30 - 8	12	JARÐARFÖRIN HENNAR ÖMMU	KL. 10	L
LIFE OF PI 3D	KL. 5.15 - 8	10			

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



LEIKSTJÓRI HVELLS Grímur Hákonarson leikstýrir heimildarmyndinni Hvellur sem verður frumsýnd á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Saga sem hefur fallið í gleymiskunnar dá

Heimildarmyndin Hvellur verður frumsýnd í Bíói Paradís á morgun.

„Við erum búin að vanda okkur mjög mikið. Það er mikil ábyrgð að gera þessari sögu skil,“ segir Grímur Hákonarson, leikstjóri heimildarmyndarinnar Hvels.

Hún gerist sumarið 1970 þegar hart var deilt á Íslandi um virkjun Laxár í Mývatnssveit. Þann 25. ágúst tóku 113 Þingeyingar lög in sínar hendur og sprengdu í loft upp stíflu í Laxá.

„Það verður umhverfisvakning í kjölfar þessa máls og það er oft talað um að þetta sé upphaf náttúruverndar,“ segir Grímur.

Umfjöllunarefni Hvels átti upphaflega að vera í heimildarmyndinni Draumalandið sem kom út 2009. Framleiðendur hennar höfðu samband við Grím og báðu hann um að gera sérstaka heimildarmynd um efnið vegna þess hversu

áhugavert það var. „Þetta er merki- legur atburður í Íslandssögunni og ein stærsta borgaralega óhlýðnin sem hefur komið upp á Íslandi.“

Tökur á myndinni fóru fram sumarið 2010 og eftirvinnslan stóð yfir í tvö og hálf ár. „Við vildum gera þetta eins vel og við gátum. Það fór talsvert mikil vinna í að grafa upp gamalt efni,“ segir leikstjórinn.

Rúm fjórutíu ár eru liðin síðan atburðirnir í heimildarmyndinni gerðust. „Við vorum dálítið á síðasta snúningi að gera þessa mynd því það eru mjög margir látnir sem voru viðriðin málið. Myndin er fyrst og fremst um fólk í sveitinni sem býr þarna í dag. Þessi saga hefur dálítið fallið í gleymsku. Þetta var eitt heitasta málið í þjóðfélaginu,“ segir Grímur, sem hefur

áður gert heimildarmyndirnar Varði fer á vertíð, Varði Goes Europe, Bræðrabyltu og Hreint hjarta sem hlaut fyrstu verðlaun á Skjaldborgarhátíðinni. Einnig gerði hann kvikmyndina Sumarlandið.

„Þetta var mjög góður skóli,“ segir hann um Hvell. „Þarna komu í ljós ýmsir hlutir sem höfðu aldrei komið fram opinberlega um þetta mál. Það var áskorun að finna út hver það var sem sprengdi stífluna. Það tók tíma að fá fólk til að opna sig.“

Hvellur var frumsýndur í Mývatnssveit á sunnudagskvöld við góðar undirtektir heimamanna. „Það má segja að maður hafi staðist prófraunina,“ segir Grímur sáttur. Almennar sýningar á myndinni hefjast í Bíói Paradís á morgun. freyr@frettabladid.is



mid.is

MIÐASALA OG NÁNARI UPPLÝSINGAR

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is

-bara lúxus sími 553 2075



3 ÓSKARSTILNEFNINGAR!

SYND 1.3D OG 1.3D(48 RAMMA)

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	5%
DJANGO UNCHAINED	6, 10	16
JACK REACHER	8, 10.30	16
THE HOBBIT 3D (48 RAMMA)	6	12
THE HOBBIT 3D	10	12
LIFE OF PI 3D	5.30	10

11 ÓSKARSTILNEFNINGAR!



SAMBÍÓINN Sambio.is

5 ÓSKARVERÐLAUNA TILNEFNINGAR

2 VERÐLAUN

16



FRÁBÆR MYND MEÐ GERALD BUTLER OG ELISABETH SUE

“SURPRISING” -ROGER EBERT

“SOLID PERFORMANCES” -HOLLYWOOD REPORTER

SMÁRABÍÓ	ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KRINGLUNNI	NÚMERUÐ SÆTI
CHASING MAVERICKS	KL. 5:50 - 8 - 10:30	DJANGO UNCHAINED	KL. 18:00	16
JACK REACHER	KL. 8 - 10:30	CHASING MAVERICKS	KL. 5:50 - 8 - 10:10	16
JACK REACHER VIP	KL. 5:20 - 8	JACK REACHER	KL. 5:30 - 8	7
HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D	KL. 5 - 8 - 8:30	THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8	12
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8 - 10:30	ARGO	KL. 5:20	10
SAMMY 2	KL. 5:50	ARGO	KL. 10:30	14

KEFLAVÍK

DJANGO UNCHAINED KL. 8

XL KL. 8

CHASING MAVERICKS KL. 10:10

AKUREYRI

XL KL. 8

CHASING MAVERICKS KL. 10:10

JACK REACHER KL. 10:10

THE IMPOSSIBLE KL. 8

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

Gerðu hryllingskitlu í Haukadal

Undirbúningur fyrir hryllingsmyndina Ruins er í fullum gangi þessa dagana.

Kynningarkitla, eða „teaser“, úr íslensku ráðgátu- og hryllingsmyndinni Ruins hefur verið frumsýnd á síðunni Ruinthemovie.com.

Kitlan var tekin upp fyrr í janúar í Haukadal í Dalasýslu. Tuttugu manna hópur tók þátt í tókunum og hafði leikstjórinn Vilíus Petrikas umsjón með þeim. „Útkoman er frábær. Það getur vel verið að við notum þennan „teaser“ í myndinni sjálfri,“ segir Vilíus. Söfnun vegna myndarinnar var í gangi á netinu eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrra en hún gekk frekar illa. „Við fengum styrk frá Evrópu unga fólksins og ákváðum að nota peninginn til að búa okkur til smá klippu svo við getum sýnt fram á að við getum gert myndina.“

Veðrið í Haukadalnum var þrýðisgott og Vilíus segir mikla lukku fylgja þessu verkefni. „Við kíktum á tókustaðinn viku fyrir tökur og veðrið var frábært. Við vorum stressuð yfir að missa af góða veðrinu en þegar við mættum



Í HAUKADAL Magnús Ólafsson og leikstjórinn Vilíus við tókurnar í Haukadalnum.

var veðrið fullkomið. Daginn eftir að við kláruðum kom snjókoma og þá var allt á kafi.“

Magnús Ólafsson, Rúnar Freyr Gíslason, Vanessa Andrea Terrazas og Katla Rut Pétursdóttir

fara með hlutverk í myndinni. Tökur hefjast í lok vors ef nægur peningur fæst í þær en fjárhagsáætlunin hljóðar upp á 32 milljónir. Stefnt er á frumsýningu Ruins í lok þessa árs eða á næsta ári. -fb

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

MIÐASALA: 412 7711

HVERFISGATA 54 RVÍK

WWW.BIOPARADIS.IS

HLUTI AF EUROPA CINEMAS

BÍÓ PARADÍS

MIÐVIKUDAGUR: ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10

CHICKEN WITH PLUMS (14) 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00

WADJDA (L) 18:00

DJÓPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:10

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 17:50

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 18:00, 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVISUN SKIRTEINIS!

SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRÍ BORGARA.



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÓDÝR RAFMAGNSVERKFAERI

Við Fellsmúla - Reykjavík



3746
~~4995~~
BORVÉL 500W



2996
~~3995~~
HLEDSLUBORVÉL 12V



2996
~~3995~~
HLEDSLUSKRÚFJÁRN



2996
~~3995~~
LÓBBYSSA Í TÖSKU



5246
~~6995~~
HLEDSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V



7496
~~9995~~
HÖGGBOR/BROTVÉL 620W



6746
~~8995~~
BELTASLÍPIVÉL 900W



2996
~~3995~~
LÓDBOLTI



2996
~~3995~~
SLÍPIMÚS

**TILBOÐSDAGAR
Á RAFMAGNSVERKFAERUM**

**25%
afsláttur**



971
~~1295~~
LÍMBYSSA



2996
~~3995~~
JUÐARI



7196
~~9595~~
RYK- OG VATNSSUGA



3746
~~4995~~
JUÐARI 150W



6746
~~8995~~
FLÍASÖG



5246
~~6995~~
HJÓLSÖG 1400W



4496
~~5995~~
SMERSEL



2996
~~3995~~
HORNJUÐARI



2 STÆRÐIR

Verð frá:
44.925
~~59.990~~

ALHLÍDASÖG - VELTISÖG



22.496
~~29.995~~
BÚTSÖG 2100W



14.992
~~19.990~~
BENSÍNRAFSTÖÐ 800W

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

Alsír vann Forsetabikarinn

Keppni um Forsetabikarinn svokallaða lauk í gær á HM í handbolta. Alsíringar stóðu uppi sem sigurvegarar eftir að hafa lagt Argentínu í úrslitaleik, 29-23, og hafna því í 17. sæti keppinnar.

Það kom fám á óvart að Ástralía hafnaði í neðsta sætinu, fimmtu heimsmeistarakeppnina í röð. Ástralir töpuðu fyrir Síle í leik um 23. sætið í gær, 32-23, en það var um leið eini sigur Síle í keppninni.

Svartfellingar, sem slógu stórlíð Svía úr leik í undankeppni HM, luku einnig þátttöku í gær með því að tapa fyrir Suður-Kóreu, 30-27, í leik um 21. sætið. Þess má geta að Svíþjóð vann silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í London í sumar.

8-liða úrslit fara fram í dag og verða leikirnir allir sýndir beint á Stöð 2 Sport og hliðarrásun.



Öll lið HM skoruðu meira en Ísland hægra megin

Íslenska handboltalandslíðið endaði í 11. sæti á HM í handbolta á Spáni eftir að hafa dottið út úr sextán liða úrslitunum á móti heims- og Ólympíumeisturum Frakka. Mönnunum hefur verið tíðrætt um veikleika íslenska liðsins í keppninni sem var öðru fremur skyttustaðan hægra megin.

Íslenska liðið missti heimsklassamennina Ólaf Stefánsson og Alexander Petersson sem hafa báðir verið valdir í úrvalslið stórmóta í þessari stöðu. Tölfræðin sýnir að skarðið sem þeir skildu

eftir sig var alltof stórt því öll hin 23 liðin í keppninni skoruðu fleiri mörk hægra megin fyrir utan en íslenska liðið. Þar á meðal er lið Ástrala sem endaði í neðsta sæti á fimmta heimsmeistaramótinu í röð en Ástralir skoruðu átta mörk úr skyttstöðunni hægra megin eða einu marki meira en íslenska liðið. Brasilfumenn skoruðu flest mörk úr þessari stöðu eða alls 26.

Íslenska liðið nýtti 7 af 20 skotum sínum hægra megin fyrir utan í sínum sex leikjum sem gerir 35 prósent skotnýtingu úr þessari stöðu á

vellinum. Fjögur lið voru með lakari nýtingu úr þessari stöðu í fyrstu sex leikjum sínum en Ástralir nýttu aðeins 16 prósent skota sinna þaðan.

Íslenska liðið skoraði alls 44 mörk með langskotum og er þar í þrettánda sæti meðal liðanna 24 á mótinu. Tólf mörk komu vinstra megin fyrir utan og 25 mörk komu frá miðjunni.

Ísland fékk aðeins tvö mörk úr þessari stöðu gegn Rússlandi, Makedóníu og Danmörku en fjögur komu í leiknum gegn Frökkum í 16-liða úrslitunum.



16 LIÐA ÚRSLIT

Í DAG

17.15 Rússland - Slóvenía

Sýndur á Stöð 2 Sport 3

18.00 Þýskaland - Spánn

Sýndur á Stöð 2 Sport & HD

19.45 Danmörk - Ungverjaland

Sýndur á Stöð 2 Sport 3

20.30 Frakkland - Króatía

Sýndur á Stöð 2 Sport & HD



19.35 Arsenal - West Ham (Sport 2)

19.35 Swansea - Chelsea (Sport 4)

22.00 Þorsteinn J og gestir



MARKAHÆST Brynja Magnúsdóttir skoraði ellefu mörk fyrir HK í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HK sló út Stjörnuna

HANDBOLTI Keppni í Símbikarkeppni kvenna hófst í gær með tveimur leikjum. Sterkt lið Stjörnunnar féll úr leik eftir að hafa tapað fyrir HK, 34-32, á heimavelli. Þá vann Gróttá sömu leiðis góðan útisigur á Haukum, 24-22.

Stjarnan var með þriggja marka forystu, 30-27, þegar átta mínútur voru eftir en HK klárði leikinn með frábærum endaspretti. „Vörnin hætti að virka og markvarslan var ekki nógu góð,“ útskýrði Rakel Dögg Bragadóttir hjá Stjörnuni. „Við gerðum of mörg mistök í sókninni og þá fengu þær hraðauppþaupin.“

Tveir leikir eru í bikarkeppninni í kvöld. Fylkir mætir FH og ÍBV fær Aftureldingu í heimssókn.

-bg, esá

Gerum ráð fyrir sterkri deild

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir og Edda Garðarsdóttir sömdu nýverið við enska úrvalsdeildarfélagið Chelsea. Ísland hefur því eignast þrjár knattspyrnukonur í þessari ungu en öflugu deildarkeppni í Englandi.

FÓTBOLTI Þrjár íslenskar knattspyrnukonur hafa nýverið gengið í raðir fornfrægra enskra knattspyrnufélaga, nú síðast þær Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir sem sömdu við Chelsea í síðustu viku. Áður hafði Katrín Ómarsdóttir farið til Liverpool.

Bæði félög eiga kvennalið í efstu deild á Englandi, sem nefnist Women's Super League – eða WSL. Um er að ræða átta liða deild sem er skilgreind sem hálf-atvinnumannadeild. Þetta er efsta deild í kvennaboltanum á Englandi og enn sem komið er ekki hægt að falla úr deildinni, né heldur að vinna sér sæti í henni. Auk hefðbundinnar deildarkeppni er spilað í tveimur bikarkeppnum yfir tímabilið.

„Þetta er nýtt fyrirkomulag og ný deild,“ sagði Ólína Guðbjörg við Fréttablaðið og bætti við að þær væru í raun að renna blint í sjóinn. „Við þekkjum engan sem hefur spilað í deildinni en höfum þó heyrt að styrkleikinn sé svipaður og í Svíþjóð. Ensk lið, eins og Arsenal, hafa þó náð langt á undanförunum árum og við gerum ráð fyrir sterkri deild.“

Ólíkt neðri deildunum í enskri kvennaknattspyrnu hefst tímabilið í WSL að vori til og stendur fram á haust. Aðrar deildir fara fram yfir vetrarmánuðina, líkt og í karlaboltanum.

Englendingar hafa náð góðum árangri í kvennaknattspyrnu síðustu ár eins og sést á árangri Arsenal í Meistaradeild Evrópu og enska landsliðsins. Bestu deildirnar voru starfræktar í Bandaríkjunum og Þýskalandi og því vildu forráðamenn enska knattspyrnusambandsins setja á stofn sterka deild í Englandi, sem gæti keppt um sterkustu leikmenn heims og aflað sér álíka vinsælda.

Fyrsta tímabilið hófst vorið 2011 og síðan þá hefur bandaríska atvinnumannadeildin lagt upp laupana – í bili að minnsta kosti. Fleiri sterkir leikmenn hafa því komið til Englands að undanförunum og er því útlit fyrir spennandi tímabil í sumar.



REYNA FYRIR SÉR Í ENGLANDI! Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir og Edda Garðarsdóttir eru komnar til Chelsea og Katrín Ómarsdóttir, lengst til hægri, er komin til Liverpool.

Líkaminn í betra standi nú en fyrir óléttuna

Ólína Guðbjörg og Edda eiga saman sjö mánaða stúlkur og hefur Ólína því verið í fríi frá knattspyrnuíðkun síðasta árið eða svo. Hún segir þó að það hafi alltaf verið stefnan að taka knattspyrnuskóna fram á ný.

„Ég er komin á fullt aftur og mér finnst líkaminn vera í betra standi nú en fyrir óléttuna. Að baki er þó mikil vinna en það var ætlunin hjá mér að spila fótbolta á ný – ef allt gengi vel hjá okkur sem varð svo raunin,“ sagði Ólína. Þær hafa undanfarnir þrjú ár verið á mála hjá Örebro í Svíþjóð en félagið hafði ekki efni á að halda þeim lengur.

Tilgangurinn með því að láta tímabilið fara fram að sumri til var að laða fleiri áhorfendur á völinn. Það virðist hafa tekist að hluta til og má til dæmis nefna að um fimm þúsund áhorfendur voru á viðureign Chelsea og Arsenal í apríl í fyrra. Hins vegar voru aðeins 132 á vellinum þegar Chelsea tók á móti Lincoln, stuttu áður. Algengt var að áhorfendur væru á milli 300 og 800 á leikjum Chelsea í fyrra.

Ólína og Edda halda utan þann

1. febrúar næstkomandi og hefja þá æfingar fyrir tímabilið, sem hefst í lok mars. „Við vitum að við fáum frábæra æfingaaðstöðu sem við deilum með karla-liðinu og þá er þjálfarinn okkar [Emma Hayes] mjög góður og hefur starfað bæði hjá Arsenal og Bandaríkjunum. Það var í raun hún sem sannfærði okkur um að koma út. Hennar ætlun er að byggja upp eitt besta lið í heimi og hefur hún fengið fjármagn til þess næstu þrjú árin.

„Fyrstu tvö árin voru frábær en félagið fór nánast á hausinn í fyrra. Það bitnaði á liðinu og verður gaman að komast í eitthvað annað en botnbaráttu.“

Ólína og Edda eru búnar að setja íbúð sína í Svíþjóð í útleigu og fara til Englands með „tvær ferðatöskur, barn og barnavagn“ eins og Ólína orðaði það. „Það verður bara byrjað upp á nýtt,“ sagði hún.

Ísland keppir á EM í Svíþjóð næsta sumar og Ólína segir að markmið hennar sé að vinna sér aftur sæti í íslenska landsliðinu.

Þetta virkaði því mjög spennandi,“ sagði Ólína.

Hún segist þó ekki gera sér grein fyrir því hversu tengd karla- og kvennalið Chelsea eru. „Við spilum auðvitað ekki okkar heimaleiki á Stamford Bridge og ég hef ekki hugmynd um hvort við hittum Lampard og þessa karla í matsalnum,“ sagði hún og hló. „Þetta er þó stórt félag og verður spennandi að komast að því hvort kvennaliðið njóti góðs af því.“

eirikur@frettabladid.is

VANS Rýmingar sala

í nýrri verslun Arnarins Faxafeni 8

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ - FULL AF FLOTTUM VÖRUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI - ALLT Á AÐ SELJAST - KOMDU NÚNA...

SKÓR FRÁ 2.990.-
SKYRTUR FRÁ 2.990.-
BUXUR 5.990.-
ÚLPUR & JAKKAR 9.990.-
HATTAR-ÚR
BAKPOKAR O.FL.

Jenný best í fyrri hlutanum

HANDBOLTI HSÍ verðlaunaði í gær þá leikmenn sem þóttu skara fram úr í fyrri hluta tímabilsins í N1-deild kvenna. Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, var valin best í deildinni. Stefán Arnarson, Val, var valinn besti þjálfarinn.

Valskonurnar Dagný Skúladóttir (vinstra horn) og Þorgerður Anna Atladóttir (hægri skytta) voru auk Guðnýjar Jennýjar í liði umferðarinnar, sem og Elísabet Gunnarsdóttir, Fram (lína), Hanna G. Stefánsdóttir, Stjörnuni (hægra horn), Stella Sigurðardóttir, Fram (vinstri skytta) og Simona Vintila, ÍBV (leikstjórnandi).

-esá

FARTÖLVUR

VINSÆLASTA INTEL I7 FARTÖLVAN OKKAR!

Ein bestu kaupin. 4 kjarnar og þriðju kynslóðar Intel i7 örgjörvi. 15,6" skjár og Intel HD 4000 Graphics skjákort. 4GB 1600MHz vinnsluminni sem er stækkanlegt í 16GB. Stór 500GB hljóðlátur harður diskur. Kemur uppsett með Windows 8.

WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallatriði í notkun Windows 8.

PROMENNT

TOSHIBA

TOS SAT L855-14W

139.990




LÉTT OG ÞUNN MEÐ INTEL I3

15,6" skjár og öflugur örgjörvi. Létt, þunn og meðfærileg. Ræsir sig aðeins á nokkrum sekúndum með Instant On tækni.

99.990

ASUS ASUS X501A-XX214H



HVÍT OG STÍLHREIN

TOSHIBA

TOS SAT L830-13G

Mjög skemmtilega hönnuð og sterkbyggð hvít 13,3" fartölva með Intel i3 örgjörva. Löng rafhlöðuending í allt að 6,5 tíma. 500GB harður diskur og 4GB vinnsluminni.

119.990



15,6"

RAUÐ MEÐ INTEL PENTIUM

TOSHIBA

TOS SAT C855-1U8

15,6" með 6 GB vinnsluminni og 640GB disk. Margfaldur hraði í gegnum USB 3.0 og HDMI tengi fyrir sjónvarp og hljómtæki.

109.990



HAGKVÆM 15,6"

ASUS

ASUS F501A-XX121V

Þessi fer hratt. Einstakt verð vegna magnkaupa. Hentar í alla hefðbundna tölvuvinnslu með Intel örgjörva.

69.990



INTEL DUAL CORE OG WINDOWS 8

TOSHIBA

TOS SAT C850-19D

Hagkvæmasta Windows 8 fartölvan með 15,6" skjá. Intel Dual Core örgjörvi, 4GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

79.990

tl.is

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS



OPIÐ

Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

Stöð 2 kl. 20.25

Go On

Matthew Perry, sem lék Chandler í Friends, er kominn aftur á Stöð 2 í glænýrri gamanþáttaröð sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur í Bandaríkjunum. Hann leikur íþróttafréttamanninn Ryan King sem vill snúa aftur til vinnu eftir að hafa misst eigin konu sína en er ekki talinn í andlegu jafnvægi og er skikk-aður í hópmeðferð fyrir fólk sem hefur misst ástvíni sína.



Í KVÖLD



Between Life and Death

RÚV KL. 22.20 Í þessari heimildarmynd frá BBC er farið í heimsókn á heilaskurðeild Addenbooke's-spítalans í Cambridge, Englandi. Þar er fylgst með læknum að störfum, manni sem getur aðeins tjáð sig með augnhreyfingum og tveimur fjölskyldum sem eiga erfitt val fyrir höndum.

IMDb 8,1



CSI Miami

SKJÁR 1 KL. 22.00 Horatio Caine og félagar hans rannsaka morð á starfsmanni í virtum tennisskóla. Við rannsókn málsins kemur þó í ljós að aðalkennari skólans er síður en svo allur sem hann er séður. Einn starfsmaður rannsóknardeildarinnar tekur málið afar persónulega.

IMDb 9,9 (U) 6,3



Rita

STÖÐ 2 KL. 21.35 Glænýir danskir þættir um kennslukonuna og þriggja barna móðurina Ritu. Nemandur hennar elska hana en full-orðna fólkinu finnst hún oft á tíðum helst til of óhefðbundin, öllum nema einum manni. Sá kemur óvænt aftur inn í líf Ritu eftir langa fjarveru.

IMDb 6,7

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Arabískar sönggyðjur 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 13.00 Flakk 14.00 Fréttir 14.03 Matur er fyrir öllu 15.00 Fréttir 15.03 Útlit 15.25 Listin að ferðast 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Gullfiskurinn 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spigillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurúrur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Út um græna grundu 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Bak við stjörnurnar 23.05 Við frostmark 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 16.00 Djöflaeyjan (e)
- 16.35 Hefnd (13:22) (Revenge) (e)
- 17.20 Einu sinni var...lífið (24:26) (e)
- 17.50 Geymslan
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Njósnavi (3:6) (Spy) (e)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Að duga eða drepast (2:8) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadómur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
- 20.50 Jakob - Ástarsaga (3:6) (Dr Mama: Jacob - A Love Story) Dönsk þáttaröð. Jakob hefur aldrei verið í sambandi sem hefur enst lengur en í þrjá mánuði. Nú hefur hann einsett sér að komast að því hvernig á því stendur.
- 21.05 Kiljan Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Milli lífs og dauða (Between Life and Death) Heimildamynd frá BBC. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.15 Hjálpið mér að elska barnið mitt - Sophie og tvíburarnir (2:2) (Help Me Love My Baby) (e) Heimildamynd um fæðingabunnglyndi.
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.35 Fréttir
- 00.45 Dagskrárlok

BIÓ

- 09.30 Make It Happen
- 11.00 Ástríkur á Ólympíuleikum
- 12.55 Percy Jackson and The Olympians: The Lightning Thief
- 14.50 Make It Happen
- 16.20 Ástríkur á Ólympíuleikum
- 18.15 Percy Jackson and The Olympians: The Lightning Thief
- 20.10 Knight and Day
- 22.00 Limitless
- 23.45 Stig Larsson þrileikurinn
- 02.10 Knight and Day
- 04.00 Limitless

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (13:22)
- 08.30 Ellen (80:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (67:175)
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Perfect Couples (12:13)
- 11.25 Cougar Town (2:22)
- 11.50 Privileged (2:18)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 New Girl (18:24)
- 13.25 Gossip Girl (22:24)
- 14.10 Fly Girls (5:8)
- 14.30 Step It up and Dance (4:10)
- 15.20 Big Time Rush
- 15.45 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (81:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (6:23)
- 19.40 The Middle (20:24)
- 20.05 New Girl (13:22)
- 20.25 Go On (1:13) Gamanþáttaröð með Matthew Perry í hlutverki íþróttafréttamannsins Ryans King sem þarf að takast á við lífið eftir eigin konumiss.
- 20.50 Grey's Anatomy (11:24) Núnda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
- 21.35 Rita (1:8) Vandaðir danskir þættir um kennslukonuna Ritu.
- 22.20 American Horror Story (11:12)
- 23.05 NCIS (6:24)
- 23.50 Person of Interest (13:23)
- 00.35 Breaking Bad (7:13)
- 01.25 The Closer (4:21)
- 02.10 Damages (4:13)
- 03.00 Deal
- 04.25 Grey's Anatomy (11:24)
- 05.10 The Big Bang Theory (6:23)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Enski deildabikarinn: Aston Villa - Bradford
- 17.50 HM 2013: 8 liða úrslit BEINT
- 19.40 FA bikarinn - upphitun
- 20.20 HM 2013: 8 liða úrslit BEINT
- 22.00 Porsteinn J. og gestir
- 22.30 Enski deildabikarinn: Swansea - Chelsea
- 00.10 HM 2013: 8 liða úrslit
- 01.30 HM 2013: 8 liða úrslit
- 02.50 Porsteinn J. og gestir

SPORT 2

enski boltinn

- 14.50 Football League Show 2012/13 Síndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 15.20 Swansea - Stoke
- 17.00 West Ham - QPR
- 18.40 Premier League Review Show 2012/13 Síndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.35 Arsenal - West Ham BEINT
- 21.45 Sunnudagsmessan
- 23.00 Southampton - Everton
- 00.40 Arsenal - West Ham

krakkar

- 07.00 Kalli litli kanína og vinir
- 07.20 Áfram Diego, áfram!
- 07.45 Waybuloo
- 08.30 Svampur Sveinsson
- 08.50 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Elías
- 09.20 Strumparnir
- 09.45 Ofurhundurinn Krypto
- 10.10 Lukku-Láki
- 10.35 Histerial!
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 Maularinn
- 17.20 Ofurhetjusérveitin
- 17.45 M.I. High

POP TV

- 17.00 Simpson-fjölskyldan (7:22) Bart sinnir ekki skólafarfinu frekar en vanalega en fær þó skyndilega áhuga á skólanum eða réttara sagt, einkalífi kennara síns og skólafjötra.
- 17.25 Íslenski listinn
- 17.50 Gossip Girl (6:22)
- 18.35 Sjáðu
- 19.00 Friends Rachel telur miklar breytingar hafa orðið á annars óþolandi systur sinni. Þrátt fyrir mótmæli Ross leyfir hún Amy að passa Emmu. Monica og Chandler verða mjög áhyggjufull þegar Joey reynir að nota stór orð um þau í bréfi.
- 19.20 How I Met Your Mother (20:24)
- 19.45 Simpson-fjölskyldan
- 20.05 American Dad (4:16) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
- 20.30 Funny or Die (1:12)
- 21.00 FM 95BLÓ
- 21.20 Arrow (2:23) Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgösans á daginn.
- 22.05 Sons of Anarchy (10:13)
- 22.45 American Dad (4:16)
- 23.10 Funny or Die (1:12)
- 23.40 FM 95BLÓ
- 00.00 Arrow (2:23)
- 00.45 Sons of Anarchy (10:13)
- 01.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví

GULL

- 18.15 Doctors (119:175)
- 19.00 Ellen (81:170)
- 19.40 Two and a Half Men (14:24)
- 20.05 Curb Your Enthusiasm (3:10)
- 21.05 The Sopranos (10:13)
- 22.00 Two and a Half Men (14:24)
- 22.25 Curb Your Enthusiasm (3:10)
- 23.25 The Sopranos (10:13)
- 00.20 Tónlistarmyndbönd Popptíví

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray
- 08.45 Dr. Phil
- 09.25 Pepsi MAX tónlist
- 16.05 Once Upon A Time (3:22)
- 16.55 Rachael Ray
- 17.40 Dr. Phil
- 18.20 Ringer (20:22) (e)
- 19.10 America's Funniest Home Videos (39:48)
- 19.35 Hæ Gosi (4:8) (e)
- 20.00 Will & Grace (13:24) (e)
- 20.25 Top Chef (7:15)
- 21.10 Last Resort (9:13) Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi. Skipverjarnir blandast inn í deilur milli Indlands og Pakistans og verða að ákveða hvort nota eigi geryeðingarvopnin á skipinu eður ei.
- 22.00 CSI: Miami (17:19)
- 22.50 Hawaii Five-0 (15:24) Bandarísk þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Yfirmaður flóðbylgjuvarna eyjanna hverfur á duldarfullan hátt á sama tíma og stór flóðbylgja virðist ætla að lenda á Havaf
- 23.35 Dexter (11:12) (e)
- 00.25 Combat Hospital (5:13) (e)
- 01.15 Excused
- 01.40 Last Resort (9:13) (e)
- 02.30 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.00 Humana Challenge 2013 (3:4) 11.00 Abu Dhabi Golf Championship (3:4) 15.00 Humana Challenge 2013 (3:4) 18.00 Golfing World 18.50 Opna breska meistaramótið 2012 (4:4) 21.35 Inside the PGA Tour (4:47) 22.00 Golfing World 22.50 PGA Tour - Highlights (2:45) 23.45 ESPN America

INN

- 20.00 Sigmundur Davíð 20.30 Tölvur tækni og vísindi 21.00 Fiskikóngurinn 21.30 Vínsmakkarinn

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Saga

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Saga

ER Í LAGI MEÐ BREMSURNAR?

VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ!

TILBOÐ Á BREMSU-KLOSSASKIPTUM

EF VARAHLUTIR ERU KEYPTIR HJÁ SÓLNINGU

AÐEINS KR. 2.000

SÓLNING
Renndu við

www.solning.is

Kópavogur ☎ 544 5000
Njarðvík ☎ 421 1399
Selfoss ☎ 482 2722

ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur

Blomberg þvottavélar frá 79.990

Allt að 20% afsláttur

Candy uppvottavélar frá 69.990

Allt að 36% afsláttur

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg,
Candy og Severin með allt að 33% afslætti**

Ryksuguvélmenni frá 39.990 með allt að 41% afslætti

**Ofnar, helluborð og háfar frá Blomberg, Brandt,
Die Dietrich og KitchenAid með allt að 60% afslætti**

Fissler pottar, pönnur og hnífar með 20% afslætti

Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990

William Bound pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti

**Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar,
katlar og fleira og fleira á frábærum verðum**

*Opið virka daga 9-18
og laugardaga 11-15*



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

BÓKIN



„Uppáhaldsbókin mín er *The Picture of Dorian Gray* eftir Oscar Wilde. Hún fjallar á snildarlegan hátt um fegurðardýrkun og inniheldur meistaralega hnyttin samtöl sem ég preytist aldrei á að lesa.“

Snjólaug Lúðvíksdóttir uppistandari.

Læknafeðgar spila saman í fyrsta sinn

Haukur Heiðar Hauksson og Haukur Heiðar Ingólfsson stíga á svið á Rósenberg annað kvöld.

Feðgarnir Haukur Heiðar Hauksson úr hljómsveitinni Diktu og Haukur Heiðar Ingólfsson spila saman á læknaónleikum á Rósenberg annað kvöld. Þetta verður í fyrsta sinn sem þeir spila saman opinberlega. „Það er ótrúlega gaman að vinna með þessa. Hann er búinn að gera músík í 300 ár og það er gaman að komast inn í allt annan vinkil á músík en maður hefur verið í sjálfur, þessu rokkpoppdæmi, á meðan hann er í rólegri og ljúfri tónlist,“ segir Haukur Heiðar yngri.

Þabbi hans hefur spilað undir hjá Ómari Ragnarssyni í fjölda ára og gefið út sex plötur. Sú síðasta, Á rómantískum nótum, kom út fyrir jóla og þar söng sonur hans einmitt eitt lag. „Hann er að mínu mati með rödd sem hentar ágætlega í þá músík sem ég hef mest spilað,“ segir Haukur Heiðar eldri. „Ég hef áhuga á þessari amerísku söngbók; Frank Sinatra, Dean Martin og þessum köppum. Hann [Haukur yngri] hefur rödd sem mér finnst falla vel inn í svona ballöður.“

Haukur Heiðar yngri hlakkar



SPILA SAMAN Feðgarnir Haukur Heiðar Hauksson og Haukur Heiðar Ingólfsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mikið til að stíga á svið með föður sínum en beiðni um að þeir træðu

upp saman kom fram á fyrstu læknaónleikum í nýrri tónleikaröð sem voru haldnir á Rósenberg í fyrria. Þá var faðir hans staddur í útlöndum. Haukur Heiðar kom þá einn fram með kassagítarinn og spilaði meðal annars lag sem hann hafði samið samdægurs. „Það var virkilega gaman og fullt hús,“ segir hann og bætir við að á tónleikum á fimmtudaginn muni hann syngja við undirleik föður síns. „Við ætlum að taka eitt lag með Diktu og svo standa sem hann hefur verið að spila.“ -fb

TÓMAS YOUNG
Tómas Young hjá Útóni veitir nánari upplýsingar um umsóknirnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk tónlist vestanhafs

Umsóknarfrestur Útóns vegna safnplötunnar *Made in Iceland*, þar sem kynnt verður íslensk tónlist á erlendri grundu, rennur út í dag. Síðustu fimm ár hafa Útón og *Iceland Naturally* staðið fyrir þessu verkefni. Markmiðið er að kynna nýja frumsamda tónlist frá Íslandi í Bandaríkjunum og vekja athygli háskólaútvarpsstöðva og þeirra, sem kaupa tónlist fyrir myndefni, á íslenskrum tónlist. Verkefnið felur í sér gerð safnplötu sem er dreift til yfir sex hundruð útvarpsstöðva og bloggara. Nánari upplýsingar fást hjá Tómasi Young á netfanginu tomas@icelandmusic.is.

Tobba Marinós ritar sjálfsævisögu sína

Þorbjörg Marinósdóttir er sest við skriftir og leggur nú til atögu við fjórðu bók sína, laufletta sjálfsævisögu sem Tobba stefnir á að senda frá sér fyrir sumarið. Hún hefur áður skrifað bækurnar *Makalaus*, *Dömusiðir* og *Lýtaus*.

„Bókin byrjar á því þegar ég eignaðist fyrsta kærasta minn í leikskóla með því að drekka úr drullupólli,“ segir Þorbjörg Marinósdóttir, rithöfundur og forstöðumaður markaðssviðs Skjásins, en hún hefur hafið skriftir á sinni fjórðu bók.

Bókin verður sjálfsævisaga Tobbu. Hún segist lengi hafa verið með fjórðu bókina í maganum, en hafi verið í hálfgerðri sálarkrísu yfir því hvaða stefnu hún ætti að taka. Tobba ákvað að hvíla Lilju, söguhetju fyrri bóka hennar *Makalaus* og *Lýtaus*.

„Ég hef verið að velta þessu fyrir mér með fjórðu bókina og um hvað hún ætti að vera. Ég var jafnvel að spá í að gera eitthvað allt annað, skrifa alvarlegra verk og freista þess að verða ekki hent á rafmagnsgirðinguna af gagnrýnendum. Svo ákvað ég bara að halda áfram að gera lífið skemmtilegra og flippa smá,“ segir Tobba og bætir við að flestum veiti ekki af að láta lyfta sér upp í hversdagslífinu.

Af nógu skemmtilegu er að taka í lífi Tobbu, sem segist hafa upplifð að ýmislegt klikkað á ævinni sem vert sé að gera skil. Hún er hvorki búin að ákveða hversu nákvæmar lýsingarnar í bókinni verða né hvort öll rétt nöfn fái að halda sér.

„Ég var orðin leið á að skrifa um aðra. Þetta verður sjálfsævisaga en ég ætla að taka mér skáldaleyfi á köflum. Söguþráðurinn er byggður á minni ævi og fjölskyldu minnar. Ég á ekki langt að sækja flipp-íð frá skrautlegum einstaklingum innan fjölskyldunnar sem ég vona að ég móðgi ekki með skrifunum. Ég lofa því að bókin verður skrifuð í sátt og samlyndi við fjölskyldumeðlimi.“

Tobba stefnir á að senda bókina frá sér í byrjun sumars og fara því kvöldin hjá henni í skriftir þessa



„Ég var jafnvel að spá í að gera eitthvað allt annað, skrifa alvarlegra verk og freista þess að verða ekki hent á rafmagnsgirðinguna af gagnrýnendum.“

SKRIFAR UM SIG Þorbjörg Marinósdóttir, eða Tobba, er sest við skriftir á sinni fjórðu bók sem verður sjálfsævisaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skutluskáldskapur

- Fyrsta bók Tobbu, *Makalaus*, kom út árið 2010. Hún vakti athygli og seldist í um fjögur þúsund eintökum.
- Sama ár gaf hún út bókina *Dömusiðir* sem var eins konar leiðarvísir kvenna á öllum aldri um hvernig vera skal sönn dama.
- Árið 2011 var gerð sjónvarpsþættir upp úr *Makalausri* þar sem Lilja Katrín Gunnarsdóttir lék aðalhlutverkið. Þættirnir voru sýndir á Skjá Einum.
- Þriðja bókin, *Lýtaus*, leit dagsins ljós árið 2011 og var sjálfstætt framhald af *Makalausri*. Hún seldist einnig í hátt í fjögur þúsund eintökum.



dagana. „Mig langar til að gefa bókina út í tæka tíð fyrir sumarfríin. Ég er hrifin af því að búa til ódýrar bækur í kiljuformi sem passa í handtöskuna. Ég hef enga

þörf fyrir að henda mér í jólabókaflóðið. Svo sjáum við bara til hvort ég nái að klára þetta fyrir sumarið eða ekki.“

alfrun@frettabladid.is

HEILSUVIKA

21.-27. janúar



Verðdæmi:

Laxaflokkur marineraður með Lemmon/Butter	1.390
Laxaflokkur, ferskur	1.390
Þorskmakkar	1.390
Ýsuflokkur roðlaus/beinlaus	1.390
Löngusteikur marineraðar Indversku karri	1.390
Löngusteikur marineraðar á Gríska vísu	1.390
Rauðsprettuflokkur glæný	1.390
Allir fiskréttir	1.390

ALLUR FISKUR Í FISKBORÐI

1.390 kr.kg.

Opíð kl. 7-18.15
Laugard. 10-15

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Leikur á móti sjálfum sér

Björn Jörundur Friðbjörnsson leikur í þriðju seríu *Hæ Gosa* sem senn fer í loftið.

„Ég kom mér sjálfur inn í þættina með því að stinga upp á að ég léki sjálfan mig að hitta tvíburabroður minn,“ segir leikarinn og tónlistarmaðurinn Björn Jörundur Friðbjörnsson. Hann leikur í þriðju seríu sjónvarpsþáttarins *Hæ Gosi* sem fer í loftið í lok mánaðarins.

Þættirnir hafa notið vinsælda, en söguhetjur þeirra eru bræðurnir Börkur og Víðir, leiknir af Árna Péttri og Kjartani Guðjónssonum. Meðal annarra leikara eru María Ellingsen og Helga Braga Jónsdóttir. Leikstjóri þáttanna er Arnór Pálmi Arnarson.

Björn Jörundur kemur nýr inn í þættina og fer með hlutverk lögreglumans úr Reykjavík, Árna Jör-

undar. „Ég stakk þessari hugmynd að Kjartani þegar við vorum heilan vetur í leiklistarfangelsi ríkisins á Akureyri að leika saman í Gulleyjunni. Aðstandendur þáttanna tóku hugmyndina á flug og skrifuðu heilan þátt þar sem hann Árne Jörundur tuktar til broður sinn, popparann Björn Jörundur. Mér fannst þetta skemmtileg saga og hafði gaman af því að vera með,“ segir Björn Jörundur sem biður spenntur eftir að sjá útkomuna, enda tókurnar skemmtilegar. „Það var frábært að vinna með mér og það kom mér á óvart hvað ég er í raun finn gæi.“ Þriðja sería sjónvarpsþáttanna *Hæ Gosi* fer í loftið þann 31. janúar næstkomandi á Skjá Einum. -ap



TVÍBURABROÐIR Björn Jörundur Friðbjörnsson leikur á móti sjálfum sér í þriðju þáttaröð *Hæ Gosa*.

Einn vinsælasti söngleikur heims
nú loks á Íslandi!



BORGARLEIKHÚSIÐ

(samstarfið)

ÍSLENSKA DANSEFLOKKINN

kynnir nýja uppsetningu á söngleik

Disney og CAMERON MACKINTOSH

MARY POPPINS

Byggt á sögum P.L. TRAVERS og kvikmynd frá WALT DISNEY

Forsölutilboð
eingöngu í dag
1.000 kr. afsláttur
af miðaverði

Forsala hefst í dag kl. 10!

Frumskýnt 22. febrúar

Vjðskiptavinum
Íslandsbanka
býðst 20% afsláttur
á fyrstu 15 sýningarnar
ef keypt er fyrir frumsýningu
og greitt með greiðslukorti
frá Íslandsbanka í miðasölu
Borgarleikhússins

Frumskýnt	fös. 22/2 kl. 19	mið. 6/3 kl. 19	lau. 16/3 kl. 19	fim. 11/4 kl. 19	mið. 24/4 kl. 19
	lau. 23/2 kl. 19	fim. 7/3 kl. 19	sun. 17/3 kl. 19	lau. 13/4 kl. 19	lau. 27/4 kl. 19
	lau. 2/3 kl. 19	lau. 9/3 kl. 19	fös. 22/3 kl. 19	sun. 14/4 kl. 19	föst. 3/5 kl. 19
	sun. 3/3 kl. 19	sun. 10/3 kl. 19	lau. 23/3 kl. 19	lau. 20/4 kl. 19	lau. 4/5 kl. 19
	þri. 5/3 kl. 19	mið. 13/3 kl. 19	sun. 24/3 kl. 19	sun. 21/4 kl. 19	

Íslandsbanki

[Íd]

Íslenski
dansflokkurinn

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Souleyman á Airwaves

Skipuleggjendur tónlistarháttárinna Iceland Airwaves hafa tilkynnt um tólf flytjendur sem fram koma á háttíðinni í haust. Í erlendu deildinni eru það Sýrlendingurinn **Omar Souleyman**, sem hefur endurhljóðblandað fyrir Björk, enski elektro-meistarinn Gold Panda, sænsku vúdúrokkararnir Goat, raftónlistarkonan Fatima Al Qadiri frá Kúveit, sænska þjóðlagasöngkonan Anna



Von Hausswolff og noise-pönkararnir kanadísku í No Joy. Í íslensku deildinni koma fram Hjaltafn, Valdimar, Tilbury, Pascal Pinon, Ojba Rasta og Momentum.

Mætast í Kjallaranum

Nýi Stúdentakjallarinn í Háskóla Íslands stefnir hraðbyri að því að verða heitasti staðurinn utan innsta kjarna miðbæjarins. Í hádeginu í dag mætast þar formannskandidatarnir í Samfylkingunni, **Árni Páll Árnason** og **Guðbjartur Hannesson**, í svokallaðri Stúdentahakkavél, þar sem þeim verður líklega ekki sýnd nein miskunn. Á föstudaginn verður svo blásið til tónleika þar með einni vinsælustu sveit landsins, **Retro Stefson**. Leiða má að því líkum að þá muni ófáar rúturnar ferja skemmtanabyrsta stúdenta úr „vísinda“ferðum í Stúdentakjallaranum. - fb, sh



Mest lesið **vísir**

- Játaði kynferðisbrot gegn börnum í MSN-spjalli
- Dularfulla ljósmyndin: Magnús trúir Jóni
- Fyrrum dómari í Gettu betur segir kynjávóta tímabæran
- Dolph Lundgren vitnar í íslenska vefsíðu

RISA ÚTSALA
 YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
 SJÓNVÖRP ÚTVÖRP
 FERDATÆKI BÍLTÆKI
 DVD SPILARAR MAGNARAR
 HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
 HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR
 HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR
 REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR
 FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
 ÖRBYLGJUOFNAR PRÁBLAUSIR SÍMAR
 PVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR
 SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR
 UPPPVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
 PÚRRKARAR

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
 www.ht.is
 SUBURLANDSBRÁUT 26 - SÍMI 569 1500

STÓR ÚTSALA!

ÚTSALA

BEKKJUNNAR

30-60%

AFSLÁTTUR!

iMATTRESS XS1
 King Size rúm (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 471.138 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
296.817 kr.
 = 37% AFSLÁTTUR!
 ÞÚ SPARAR 174.321 kr.

iMattress
 The cooler side of sleep.

HEILSUKODDAR
20-30%
AFSLÁTTUR!

50% AFSLÁTTUR

CREAM
 Queen Size rúm (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 175.398 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
87.699 kr.

HANDKLÆDI OG SÆNGURFÖT
40% AFSLÁTTUR

GREY
 King Size rúm (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 299.900 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
149.950 kr.

50% AFSLÁTTUR

rekkjan